

# Nám á starfsbraut framhaldsskóla

## Undirbúningur fyrir fullorðinsár

Helga Gísladóttir



Meistaraprófsverkefni lagt fram til fullnaðar M.Ed.-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði við Kennaraháskóla Íslands með áherslu á sérkennslufræði

Reykjavík október 2007

## Útdráttur

Ritgerð þessi fjallar um menntun nemenda á starfsbrautum tveggja framhaldsskóla. Ritgerðin byggir á niðurstöðum rannsóknar sem gerð var á árunum 2004 og 2005. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða með hvaða hætti unnið var að tilfærslu nemenda frá skóla til fullorðinsára. Kannað var með hverskonar menntun nemendur útskrifast, skipulag náms þeirra, tilgangur þess og staða nemenda að námi loknu. Þátttakendur í rannsókninni voru níu talsins; fjórir fyrrverandi nemendur, þrír foreldrar og tveir kennarar, einn við hvora starfsbraut. Jafnframt voru prentuð gögn, svo sem námskrá fyrir starfsbrautir og skrifaðar heimildir frá skólunum, nýtt sem rannsóknargögn.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að tilgangur náms á starfsbraut sé óskýr og ekki séu nein lokamarkmið með náminu. Nemendur útskrifast ekki með nein réttindi sem nýtast þeim á vinnumarkaði og það er alls óvíst hvort námið skilar þeim vinnu að skóla loknum. Ekki eru gerðar tilfærsluáætlanir og samstarf skortir á milli skóla og þeirrar fullorðinsþjónustu sem tekur við að skóla loknum. Nemendur hafa takmarkað val í námi sínu og foreldrar eru ekki virkir þátttakendur þegar kemur að skipulagningu náms barna þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar benda einnig til að hugmyndafræði náms án aðgreiningar hafi að takmörkuðu leyti náð inn í framhaldsskólana.

## **Abstract**

This essay is concerned with the secondary school tuition of students in two study programmes for students with disability. It is based on the results of research undertaken in the years 2004–5. The purpose of the research was to study how the programmes help students make the transition from school to adulthood. An investigation was made as to the nature of the education received, the organisation and purpose of their studies, and the students' own position upon completing these studies. Nine people took part in the research – four former students, three parents and two teachers (one from each of the study programmes for students with disability). Printed matter such as the National Curriculum for Study Programmes for Students with Disability and other written documentation from the schools was used as research material.

The results of the research suggest that the purpose of tuition in the study programmes for students with disability is unclear and that the tuition itself may lack a final objective. Students do not graduate with any qualifications that are valid in the job market and in general it is uncertain whether their studies, once they complete them, will bring them work. No transition plans are prepared for the students and there is a lack of collaboration between the schools and the adult services that take over once schooling is complete. Students have limited choice in their studies. Parents are not active participants when it comes to organising their childrens' studies. The results of the research also indicate that the ideology of inclusive schools is found to a limited extent in secondary schools.

## Formáli

Ritgerð þessi fjallar um menntun nemenda á starfsbrautum tveggja framhaldsskóla. Ritgerðin er meistaraþrófsritgerð til fullnaðar M.Ed.-gráðu í uppeldis- og kennslufræði með áherslu á sérkennslu. Vægi ritgerðarinnar er 20 einingar. Leiðbeinandi var Dr. Philos Dóra S. Bjarnason prófessor og færi ég henni þakkir fyrir leiðsögnina. Einnig fær Allyson Mcdonald þakkir fyrir góðar ábendingar við lokavinnslu ritgerðarinnar.

Veturinn 2003-2004 var ég í námsleyfi hjá Verkefna- og námsstyrkjasjóði Kennarasambands Íslands og gerði það mér kleift að vinna þessa rannsókn.

Maríu Hildipórsdóttur þakka ég yfirlestur og góðar ábendingar og Önnu Soffíu Óskarsdóttur fyrir hjálp við uppsetningu ritgerðarinnar. Eiginmanni mínum, Haraldi Jónassyni og Stellu Tong dóttur minni þakka ég stuðning og þolinmæði.

Síðast en ekki síst vil ég þakka viðmælendum mínum fyrir þeirra þátttöku í rannsókninni, en þátttaka þeirra var forsenda rannsóknarinnar.

# Efnisyfirlit

<b>ÚTDRÁTTUR</b> .....	<b>1</b>
<b>ABSTRACT</b> .....	<b>3</b>
<b>FORMÁLI</b> .....	<b>4</b>
<b>EFNISYFIRLIT</b> .....	<b>5</b>
<b>1 INNGANGUR</b> .....	<b>7</b>
1.1 RANNSÓKNIN Í HNOTSKURN .....	7
1.2 BAKGRUNNUR OG VAL Á VIÐFANGSEFNI .....	8
1.3 MARKMIÐ OG RANNSÓKNARSPURNINGAR .....	9
1.4 FRÆÐILEGT SJÓNARHORN .....	10
1.5 SKILGREININGAR OG HUGTÖK .....	10
1.6 UPPBYGGING RITGERÐAR .....	13
<b>2 STEFNA OG FRAMKVÆMD Í SKÓLA- OG ATVINNUMÁLUM FATLAÐS FÓLKS</b> .....	<b>14</b>
2.1 FRAMHALDSSKÓLAMENNTUN FATLAÐRA NEMENDA .....	14
2.1.1 <i>Þróun náms á framhaldsskólastigi</i> .....	14
2.1.2 <i>Starfsbrautir framhaldsskóla</i> .....	15
2.1.3 <i>Námsleiðir á starfsbrautum samkvæmt námskrá</i> .....	17
2.1.4 <i>Starfsnám</i> .....	17
2.1.5 <i>Samstarf við foreldra</i> .....	19
2.1.6 <i>Val í námi</i> .....	20
2.1.7 <i>Vinir og félagslíf</i> .....	21
2.2 ATVINNUTÆKIFÆRI FATLAÐS FÓLKS .....	23
2.2.1 <i>Atvinna með stuðningi</i> .....	25
2.2.2 <i>Tilraunaverkefni</i> .....	27
2.2.3 <i>Leiðir til aukinnar atvinnuþátttöku</i> .....	28
2.2.4 <i>Verndaðir vinnustaðir eða almennur vinnumarkaður</i> .....	30
<b>3 FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR</b> .....	<b>32</b>
3.1 FULLGILD SAMFÉLAGSLEG ÞÁTTTAKA .....	32
3.2 FULLORÐINSHLUTVERK OG FÖTLUN .....	34
3.3 TILFÆRSLA FRÁ SKÓLA TIL FULLORÐINSÁRA .....	36
3.3.1 <i>Tilfærsluáætlun</i> .....	37
3.4 ÓLÍK SJÓNARHORN Á FÖTLUN .....	42
3.4.1 <i>Læknisfræðilegt sjónarhorn</i> .....	42
3.4.2 <i>Félagsleg sjónarhorn</i> .....	43

3.4.3	Norræna tengslalíkanið.....	44
<b>4</b>	<b>FRAMKVÆMD RANNSÓKNAR.....</b>	<b>46</b>
4.1	MARKMIÐ .....	46
4.2	RANNSÓKNARSPURNINGAR.....	46
4.3	AÐFERÐ .....	47
4.3.1	Hálfopin viðtöl.....	47
4.3.2	Gagnasöfnun.....	48
4.3.3	Gagnagreining.....	49
4.3.4	Þátttakendur.....	49
4.3.5	Val á þátttakendum.....	50
4.3.6	Aðferðafræðilegar áskoranir .....	51
<b>5</b>	<b>NÁM Á STARFSBRAUT .....</b>	<b>52</b>
5.1	SKIPULAG NÁMSINS .....	52
5.2	TILGANGUR NÁMSINS.....	56
5.3	VALMÖGULEIKAR NEMENDA.....	57
5.4	SAMSTARF VIÐ FORELDRA .....	60
5.5	SJÁLFSTÆÐ BÚSETA .....	62
5.6	FÉLAGSSTARF SKÓLANNA .....	64
<b>6</b>	<b>FRÁ SKÓLA TIL FULLORÐINSÁRA .....</b>	<b>69</b>
6.1	STARFSNÁMIÐ.....	69
6.2	STARFSNÁM Á VINNUSTAÐ.....	72
6.3	SAMSTARF VIÐ ATVINNUMÍÐLANIR.....	75
6.4	FULLORÐINSHLUTVERK .....	76
<b>7</b>	<b>UMRÆÐUR .....</b>	<b>81</b>
7.1	SAMANTEKT NIÐURSTAÐNA OG UMRÆÐUR .....	81
7.1.1	Með hvaða menntun útskrifast nemendur? .....	81
7.1.2	Tilfærsla nemenda frá skóla til fullorðinsára .....	83
7.2	LOKAORÐ OG HELSTU LÆRDÓMAR.....	89
	<b>HEIMILDASKRÁ.....</b>	<b>91</b>

# 1 Inngangur

Árið 1996 var með lögum tryggður réttur allra fatlaðra ungmenna til tveggja ára framhaldsskólanáms. Fjórum árum síðar var námið lengt í fjögur ár, líkt og framhaldsskólanám alls þorra nemenda. Með þessum lögum varð mikil breyting á námsmöguleikum fatlaðra ungmenna. Sérstakar námsbrautir, sem kallaðar eru starfsbrautir, hafa víða verið settar á laggirnar við framhaldsskóla um land allt og eru þær nú 21 talsins.

Í lögum fyrir framhaldsskóla (Menntamálaráðuneyti, 1996) og í námskrá fyrir starfsbrautir (Menntamálaráðuneyti, 2005) segir að markmið námsins sé að búa nemendur undir líf í lýðræðisþjóðfélagi og mennta nemendur fyrir atvinnulífið. Þjóða á upp á nám og kennslu sem tekur mið af þörfum nemandans og möguleikum hvers skóla til þess að koma til móts við þær þarfir. Allar starfsbrautir eiga að bjóða upp á starfsnám sem miðar að því að auka möguleika nemenda á atvinnu eftir að skóla lýkur.

## 1.1 Rannsóknin í hnotskurn

Viðfangsefni rannsóknar minnar var að kanna á hvaða hátt unnið var að tilfærslu nemenda frá skóla til fullorðinsára. Ég skoðaði hvernig nemendur tveggja starfsbrauta voru undirbúnir undir atvinnuþátttöku, en leitaði líka eftir upplýsingum um stöðu þeirra og hagi á öðrum sviðum svo sem félagsleg tengsl, tómstundir og búsetu. Einnig var skoðað hver tilgangur námsins er samkvæmt námskrá fyrir starfsbrautir og hvers konar menntunar nemendur hafa aflað sér við útskrift.

Í rannsókninni voru notaðar eigindlegar rannsóknaraðferðir og gagna fyrst og fremst aflað með viðtölum. Til þess að fá sem ýtarlegastar upplýsingar ræddi ég við fyrrum nemendur, foreldra og starfsfólk starfsbrautanna tveggja og fékk þannig upplýsingar frá þremur mismunandi sjónarhornum. Ég kannaði hvernig nemendur mátu nám sitt í ljósi reynslu sinnar og stöðu þeirra hvað varðaði atvinnu og daglegt líf að námi loknu. Frá starfsfólki skólanna fékk ég upplýsingar um skipulag og tilgang námsins og hvernig unnið var að tilfærslu nemenda til fullorðinsára. Frá foreldrum fékk ég sýn þeirra á menntun barna sinna og vitneskju um aðkomu þeirra

að tilfærsluferlinu en þær upplýsingar komu sér vel við úrvinnslu gagnanna. Námskrár sem starfsbrautir framhaldsskóla vinna eftir, bæði námskrá frá árinu 2000 og námskrá sem kom út árið 2005, voru einnig nýttar sem rannsóknargögn. Þegar þeir nemendur sem ég tók viðtölin við voru í framhaldsskóla var unnið eftir námskrá sem gefin var út árið 2000. Ný námskrá kom síðan út árið 2005. Ég taldi nauðsynlegt að skoða báðar námskrárnar þar sem nokkrar breytingar hafa orðið með nýrri námskrá. Í umfjöllun minni um námskrá starfsbrauta vitna ég í námskrá frá árinu 2005. Ef einhverjar breytingar hafa orðið frá fyrri námskrá sem viðkoma því efni sem rætt er um, tiltek ég það sérstaklega.

## **1.2 Bakgrunnur og val á viðfangsefni**

Erlendis hefur mikið verið skrifað um skólagöngu fatlaðra ungmenna og gerðar margar rannsóknir á því ferli sem á sér stað við tilfærslu frá skóla til fullorðinsára (Wehman, 2001b). Margar þessara rannsókna sýna að fötluð ungmenni fara gjarnan á verndaða vinnustaði að skóla loknum eða eru skráðir á biðlista eftir atvinnu. Hér á landi hafa starfsbrautir aðeins starfað í ellefu ár og því hefur lítið verið rannsakað með hvers konar menntun nemendurnir útskrifast eða hvað bíður þeirra að loknu framhaldsskólanámi. Doktorsritgerð Dóru S. Bjarnason (2003c) fjallar að hluta til um skólagöngu fatlaðra ungmenna. Ritgerð Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2005) *Tilfærsla fatlaðra ungmenna úr skóla yfir í atvinnulíf* fjallar um svipað efni og rannsókn mín. Kristín Björnsdóttir (2002) skoðar þátttöku fatlaðra nemenda í skólastarfi framhaldsskóla í ritgerð sinni *Þroskaheftir framhaldsskólanemendur*. María Hildipórsdóttir (2006) fjallar í ritgerð sinni um möguleika fatlaðs fólks til náms að loknum framhaldsskóla.

Áhuga minn á málefninu má rekja til starfa minna við Safamýrarskóla, sem er sérskóli fyrir alvarlega fötluð börn og unglinga en þar kenndi ég í 20 ár. Á þeim árum stóð fæstum nemendum Safamýrarskóla til boða að stunda framhaldsskólanám að loknum grunnskóla, jafnvel eftir lagasetningu um framhaldsskólanám fatlaðra nemenda árið 1996. Starfsbrautir framhaldsskóla voru í byrjun ekki í stakk búnar til að taka á móti mikið fötluðum nemendum. Þar kynntist ég því óöryggi sem skapast þegar kemur að lokum grunnskólans og óvíst er hvað framtíðin ber í skauti sér. Nú starfa ég hjá Fjölmennt, sem er fullorðinsfræðsla fyrir fatlað fólk. Þar hefur nám, á hverju hausti, ungt fólk sem er nýútskrifað af starfsbrautum framhaldsskóla. Stór



hluti þessara nemenda er atvinnulaus, aðrir hafa vinnu í nokkrar klukkustundir á viku. Þessi staðreynd hefur aukið áhuga minn á því að rannsaka framhaldsskólanám þessara nemenda, kanna innra starf starfsbrautanna og hverju það skilar nemendum.

Undanfarin ár hefur vaxandi áhersla verið lögð á að rannsóknir á lífi og aðstæðum fatlaðs fólks byggi á reynslu og sjónarhorni þess sjálfs. Hingað til hefur fagfólk að mestu mótað umræðuna (Armstrong, 2003). Lengi vel var talið að fatlað fólk hefði ekki nægjanlega rökhugsun á valdi sínu og hefði því ekki innsýn í eigið líf. Ekki er óalgengt að fatlað fólk eigi erfitt með að tjá sig og hafi takmarkaðan málskilning. Af þessum sökum hafa þeir ekki verið taldir færir um að vera þátttakendur í rannsóknum, frekar en að líta svo á að rannsóknaraðferðir séu takmarkaðar. Rannsóknir sem gerðar hafa verið á síðustu árum hafa hins vegar leitt í ljós að fatlað fólk hefur gott innsæi í líf sitt og aðstæður og er fullfært um að lýsa reynslu sinni með eigin orðum (Guðrún Stefánsdóttir, 2003). Rannsókn mín beinist meðal annars að því að heyra hvaða álit nemendur sjálfir hafa á námi sínu, gagnsemi þess og veikleikum.

Fötlunarfræðingar hafa bent á að fötlun er mikilvægt en vanrækt svið mannglegrar reynslu sem brýnt er að beina athygli fræðanna að (Rannveig Traustadóttir, 2003). Rannsókn mín er innlegg á fræðasvið fötlunarfræða. Ég vona einnig að niðurstöður hennar nýtist yfirvöldum menntamála á framhaldsskólastigi við endurskoðun og þróun náms fyrir nemendur starfsbrauta. Með því að kanna í samhengi námið og til hvers það leiðir eftir skólagöngu má sjá hvað leggja þarf aðaláherslu á og í hverju stuðningur þarf að felast eftir að skólagöngu lýkur.

### **1.3 Markmið og rannsóknarspurningar**

Á þeim ellefu árum sem liðin eru síðan starfsbrautir voru settar á laggirnar við framhaldsskóla hafa skólarnir verið að þróa og móta sín námstilboð. Þeim er gert að vinna eftir námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla en geta að öðru leyti verið ólíkir og mótað hver sínar áherslur. Eins og áður hefur komið fram beindist rannsókn mín að því námi sem nemendur þessarra starfsbrauta eiga kost á og reynslu þeirra af náminu. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða með hvaða hætti unnið var að tilfærslu nemenda frá skóla til fullorðinsára. Kannað var hverskonar menntun nemendur fá, skipulag náms þeirra, tilgang þess og stöðu þeirra að námi loknu.

Með tilliti til ofangreindra markmiða eru rannsóknarspurningar eftirfarandi:

- Hver er tilgangur náms á starfsbrautum samkvæmt námskrá? Með hvers konar menntun útskrifast nemendur og hvaða réttindi veitir námið þeim?
- Hvernig er unnið að tilfærslu nemenda frá skóla til fullorðinsára?

Til að skýra nánar þá þætti sem kannaðir voru í tilfærsluferlinu set ég fram eftirfarandi undirspurningar:

- Hvernig er staðið að tilfærslu nemenda frá skóla yfir í atvinnulíf?
- Hvernig er unnið að undirbúningi fyrir fullorðinsár?
- Hver er þátttaka nemenda við skipulagningu námsins? Hvaða valmöguleika hafa þeir í náminu?
- Hver er þátttaka foreldra í tilfærsluferli barna sinna?

## **1.4 Fræðilegt sjónarhorn**

Fræðilegt sjónarhorn við vinnu rannsóknar minnar er undir áhrifum kenninga um félagsleg líkön um fötlun. Nánar verður fjallað um félagsleg líkön í kafla hér á eftir. Við rannsóknarvinnuna studdist ég við kenningar túlkunarfræðinnar. Þar er lögð áhersla á að lýsa, túlka og skilja. Félagsleg hugsmíðahyggja (e. *social constructionism*) eða mótunarkenning fellur undir sjónarhorn túlkunarfræðinnar. Reynt er að skilja og túlka fyrirbæri með hliðsjón af þeirri merkingu sem fólk leggur í þau. Við semjum „veruleikann“ í samskiptum okkar við aðra. Samfélagið og menningin sem einstaklingurinn lifir í hefur áhrif á hvernig hann túlkar heiminn. Ekkert er óháð túlkun og merking verður til þegar einstaklingur túlkar atburði og upplifun sína og byggist túlkunin á reynslu hans og viðhorfum (Berger og Luckman, 1967). Félagsleg hugsmíðahyggja fellur vel að rannsókn minni þar sem ég leitast við að skilja upplifun og reynslu þátttakenda af námi á starfsbraut.

## **1.5 Skilgreiningar og hugtök**

Hér á eftir er gerð grein fyrir nokkrum hugtökum sem þarfnast skýringar.

### **Fatlað fólk**

Það er mismunandi hvaða orð eru notuð þegar talað er um fatlað fólk. Í lögum um málefni fatlaðra er skilgreint hverjir eigi rétt á þjónustu samkvæmt þeim. Þar er

hugtakið *fatlaður* notað sem yfirhugtak um fólk með ólíkar skerðingar. Það er notað um „þann sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum“ (Félagsmálaráðuneyti, 1992, I kafli, 2. grein).

Hér á landi er talað jöfnum höndum um *fatlað fólk* og *fólk með fötlun*. Fylgismenn breska félagslega líkansins (sjá bls. 43) leggja áherslu á notkun hugtaksins *fatlað fólk*. Með því vilja þeir leggja áherslu á að fötlunin sé ekki einstaklingsins heldur samfélagsins sem mætir ekki þörfum hans. Aðrir vilja nota orðfærið *fólk með fötlun*. Í samræmi við hugmyndafræði baráttusamtaka fatlaðs fólks í Bretlandi og Bandaríkjunum er talað um *fólk með fötlun*. Með því leggja þau áherslu á að vera fyrst og fremst einstaklingar, sem síðan vill svo til að eru með fötlun. Félagar í Átaki, félagi fólks með þroskahömlun, kjósa til dæmis að tala um sig sem *fólk/einstaklinga með þroskahömlun*.

Ég leitaði ekki upplýsinga varðandi greiningu sem viðmælendur mínir úr hópi nemenda kunna að hafa. Þeir áttu það þó allir sameiginlegt að vera með þroskahömlun. Ég hef kosið að nota hugtakið *fatlað fólk* og nota einnig hugtökin *fatlaðir nemendur* eða *fötlud ungmenni* þegar ég tala um þátttakendur úr hópi nemenda í rannsókninni.

### **Tilfærsla frá námi til vinnu**

*Tilfærsla* er þýðing á enska orðinu „*transition*“. Það hefur verið þýtt á ýmsa vegu en ekkert íslenskt orð hefur náð að festa sig í sessi af þeim sem um þessi mál fjalla. Notuð hafa verið orðin umskipti, yfirfærsla, færsla og tilfærsla. Ég nota orðið *tilfærsla*. Í íslenskri orðabók (2000) er merking þess sögð „það að færa eitthvað til“. Í stuttu máli er átt við það ferli sem á sér stað þegar einstaklingur færir frá einu skeiði í lífinu yfir á annað t.d. úr leikskóla yfir í grunnskóla, frá grunnskóla yfir í framhaldsskóla. Þegar ég nota þetta hugtak í ritgerð minni er, eðli málsins samkvæmt, átt við þegar nemandi færir frá framhaldsskóla til fullorðinsára. Ég mun fjalla sérstaklega um þetta ferli í fræðilegum kafla hér á eftir (bls. 36).

### **Tilfærsluáætlun**

*Tilfærsluáætlun* er þýðing á ensku orðunum „*transition plan*“ og „*transition program*“. Tilfærsluáætlun er einstaklingsáætlun sem gerð er fyrir fatlaða nemendur.

Þeir sem gera áætlunina ákveða hvað hún á að innihalda en það eru atriði sem talið er að skipti máli fyrir nemandann á fullorðinsárum svo sem atvinna, búseta, tómstundir og þjónusta og sett eru markmið varðandi alla þessa þætti. Einnig er gerð grein fyrir hvernig skólinn ætli að vinna að því að ná þessum markmiðum og hverjir eigi að koma að vinnu áætlunarinnar. Ég mun fjalla sérstaklega um tilfærsluáætlanir í fræðilegum kafla (bls. 37).

### **Starfsbraut**

Í formála að Námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla (Menntamálaráðuneyti, 2005) er fjallað um þá nemendur sem eiga rétt á að stunda nám á starfsbraut. Þar er vísað til 2. greinar laga nr. 59 um málefni fatlaðra frá 1992. Greinin hljóðar svo:

Sá á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum (Félagsmálaráðuneyti, 1992).

Námsbrautir fyrir fatlaða nemendur í framhaldsskólum hafa ýmist verið kallaðar starfsdeildir, sérdeildir, starfsbrautir eða sérnámsbrautir. Námskráin sem kom út árið 2000 heitir *Námskrá fyrir sérdeildir framhaldsskóla, starfsbrautir*. Í námskrá sem kom út 2005 er þessu snúið við og heitir hún *Námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla, sérdeildir*. Engar skýringar eru gefnar á þessari nafnabreytingu en líklegasta skýringin er sú að verið sé að laga nafn brautanna að nöfnum annara brauta framhaldsskólans. Námsleiðir í framhaldsskólum eru kallaðar brautir svo sem bóknámsbraut eða listnámsbraut. Ég hef kosið að tala um *starfsbrautir*. Ég geri það til samræmis við orðalag námskrár og aðrar námsbrautir framhaldsskóla.

### **Fullorðinsþjónusta**

Þegar talað er um fullorðinsþjónustu er átt við þær opinberu stofnanir sem annast stuðning við fatlað fólk að skóla loknum svo sem atvinnumiðlun, Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra og Félagsþjónustu sveitarfélaga.

### **Atvinna með stuðningi**

Í ritgerðinni er bæði fjallað um hugmyndafræði atvinnu með stuðningi (e. *supported employment*) og þá stofnun sem sér um atvinnu með stuðningi. Til að greina þar á milli skáletra ég þegar ég tala um stofnunina *Atvinnu með stuðningi*.

## 1.6 Uppbygging ritgerðar

Hér að framan hefur verið fjallað um tilurð verkefnisins, gerð grein fyrir vali á viðfangsefni ásamt því að útskýra nokkur lykilhugtök.

Annar kafli ritgerðarinnar fjallar um stefnu og framkvæmd í skóla og menntun fatlaðs fólks. Greint er frá markmiðum námskrár fyrir starfsbrautir og lögum og reglugerðum sem hún byggir á. Seinni hluti kaflans fjallar um stefnu og framkvæmd í atvinnumálum fatlaðs fólks og leiðir til aukinnar atvinnuþátttöku þess.

Í þriðja kafla er gerð grein fyrir fræðilegum bakgrunni rannsóknarinnar og þeim sjónarhornum sem gengið er út frá í rannsókninni. Fjallað er um þá þróun sem átt hefur sér stað í hugmyndafræði og kenningum á sviði fötlunarfræða. Greint er frá þróun hugmyndafræði í átt að fullgildri samfélagslegri þátttöku. Þá er fjallað um fullorðinshlutverk og fötlun. Gerð er grein fyrir tilfærsluáætlunum og kynnt hugtökin tilfærsla úr skóla og tilfærsluáætlanir. Að síðustu er fjallað um mismunandi sjónarhorn á fötlun.

Fjórði kafli fjallar um aðferðafræði og framkvæmd rannsóknarinnar sem ritgerðin snýst um. Sagt er frá þátttakendum rannsóknarinnar, hvernig þeir voru valdir, úrvinnslu og greint frá aðferðafræðilegum áskorunum.

Fimmti kafli er annar af tveimur niðurstöðuköflum rannsóknarinnar. Hann fjallar um nám á starfsbraut skólanna tveggja sem þátt tóku í rannsókninni, skipulag og tilgang námsins og möguleika nemenda til að velja námsgreinar. Einnig er greint frá foreldrasamstarfi, undirbúningi fyrir sjálfstæða búsetu og þátttöku nemenda í félagslífi skólanna.

Sjötti kafli er seinni niðurstöðukaflinn. Hann fjallar um tilfærslu frá skóla til fullorðinsára. Þar er fjallað um skipulag starfsnáms og hvernig staðið er að tilfærslu nemenda frá skóla yfir í atvinnulíf. Seinni hluti kaflans fjallar um fullorðinshlutverk og um daglegt líf ungmennanna sem tóku þátt í rannsókninni.

Sjöundi kafli er lokakafli ritgerðarinnar. Þar er fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar og þann lærdóm sem draga má af þeim.

## **2 Stefna og framkvæmd í skóla- og atvinnumálum fatlaðs fólks**

Þar sem markmið rannsóknar minnar var að rannsaka tilfærslu fatlaðra ungmenna frá skóla yfir í atvinnu og hvernig þau eru búin undir fullorðinsár, er vert að fjalla um með hvaða hætti námskrá fyrir starfsbrautir kveður á um framkvæmd þessa. Einnig er nauðsynlegt að varpa ljósi á hvaða möguleika fatlað fólk hefur á vinnumarkaði og aðgerðir stjórnvalda til að auka þátttöku þess á honum.

### **2.1 Framhaldsskólamenntun fatlaðra nemenda**

Í þessum kafla er fyrst fjallað í stórum dráttum um þróun kennslu hér á landi fyrir fötluð ungmenni. Síðan eru skoðaðir þeir þættir í námskrá fyrir starfsbrautir sem máli skipta fyrir rannsóknina, hvaða námsleiðir standa nemendum til boða, hvernig starfsnámi skuli háttað og samstarfi við foreldra. Einnig er fjallað um hvaða möguleika nemendur hafa á vali í námi sínu og að síðustu um hvernig vinna skal að því að efla nemendur félagslega.

#### **2.1.1 Þróun náms á framhaldsskólastigi**

Allt frá því að vistheimili fyrir fatlað fólk hófu starfsemi fengu einhverjir heimilismenn þar kennslu. Þetta á við um Sólheima, Kópavogshæli, Skálatún, Lyngás, Bjarkarás, Sólborg á Akureyri og Tjaldanes. Hér var þó aðeins um fáa nemendur að ræða og þá af íbúum þessara stofnana sem áttu auðveldast með verklegt og bóklegt nám. Með útgáfu reglugerðar um sérkennslu árið 1977 og í kjölfar stofnunar embættis sérkennslufulltrúa menntamálaráðuneytisins voru sjö þjálfunarskólar á grunnskólastigi settir formlega á laggirnar á framangreindum dagvistar- og sólarhringsheimilum. Kennarafjöldinn í þessum nýju skólum margfaldaðist. Bjarkarás bauð upp á dagvist fyrir fatlað fólk frá 18 ára aldri. Þar hafði verið lítilsháttar kennsla fyrir 1977, en með stofnun Þjálfunarskólans í Bjarkarási árið 1971 var kennsla þar aukin. Árið 1982 fékk skólinn á Kópavogshæli heimild til kennslu fullorðinna vistmanna. Aðrir þjálfunarskólar komu svo í kjölfarið og farið var að bæta eldra fólki upp að það hafði ekki notið grunnskólanáms

(Þórkatla Þórisdóttir, 1998). Nauðsynlegt er að taka fram að ekki var um eiginlegt framhaldsskólanám að ræða fyrir þá sem voru 16 ára og eldri. Námið var í formi námskeiða og hugsað eins og áður segir til þess að bæta fólki upp skort á grunnskólanámi.

Árið 1975 var stofnuð starfsdeild við Öskjuhlíðarskóla til að mæta þörfum elstu nemenda fyrir starfsþjálfun og starfsnám. Var þetta tveggja ára nám sem tók við eftir að skyldunámi lauk. Skólinn sá um að útvega nemendum starfsdeildarinnar vinnu á almennum vinnumarkaði og síðan höfðu kennarar reglubundið eftirlit og samstarf við vinnuveitendur og verkstjóra. Nemendur starfsdeildar stunduðu vinnu hálfan daginn en nám í skólanum hinn helming dagsins (Þorsteinn Sigurðsson, 1993).

Frá árinu 1985 hefur ungmennum með skerta námshæfni á Akureyri staðið til boða framhaldsmenntun. Kennslan fór fyrst fram í sérstakri deild sem seinna var færð inn í Verkmenntaskólann á Akureyri (Þórkatla Þórisdóttir, 1998).

Við Iðnskólann í Reykjavík hefur frá árinu 1986 verið boðið upp á starfsnám ætlað nemendum sem ráða ekki við námskröfur í hefðbundnu iðnnámi. Námið er að mestum hluta verklegt og býr nemandann undir tiltekið starf. Nemendur öðlast ekki starfsréttindi heldur starfsþjálfun sem á að auðvelda þeim að fá vinnu sem aðstoðarmenn í viðkomandi grein (Þórkatla Þórisdóttir, 1998).

Þeir skólar sem nefndir hafa verið hér að framan voru brautryðjendur í menntunartilboðum fyrir fötluð ungmenni. Um 1990 bætast síðan fleiri skólar í hópinn. Í sumum skólanna voru stofnaðar sérstakar deildir, aðrir tóku inn einstaka nemendur og veittu þeim kennslu einum, eða inni í almennum deildum.

### **2.1.2 Starfsbrautir framhaldsskóla**

Árið 1996 tóku sveitarfélögin við rekstri grunnskóla en framhaldsskólarnir voru áfram hjá ríkinu. Í kjölfarið var framhaldsskólum falið að sjá um menntun fatlaðra unglinga og voru starfsbrautir stofnaðar við framhaldsskóla (Menntamálaráðuneyti, 1996). Þeim hefur fjölgað jafnt og þétt og eru þær nú 21 talsins. Fyrstu árin var unnið eftir drögum að námskrá en árið 2000 kom út námskrá sem bar heitið *Námskrá fyrir sérdeildir framhaldsskóla. Starfsbrautir*. Þar er að finna upplýsingar um skipan tveggja ára náms og kennslu á starfsbrautum framhaldsskóla. Gert var ráð fyrir að nemendur brautskráðust að loknu tveggja ára námi á starfsbraut en jafnframt stefnt að því að gefa nemendum sem innrituðust 1998 og síðar kost á að stunda starfstengt framhaldsnám (Menntamálaráðuneyti, 2000). Árið 2005 kom síðan út námskrá sem

náði yfir fjögur árin. Þar segir í formála að nemendur geti brautskráðst að loknu tveggja ára námi en eigi þess jafnframt kost að stunda tveggja ára framhaldsnám sem í flestum tilvikum er starfstengt (Menntamálaráðuneyti, 2005).

Í inngangi að námskrá frá 2005, bls. 3, eru talin upp markmið námsins. Þau eru að nemandi:

- fái einstaklingsmiðuð námstækifæri
- auki sjálftraust sitt, sjálfstæði og samskiptahæfni til daglegra athafna
- auki möguleika sína til áframhaldandi náms við hæfi
- öðlist fjölbreytta reynslu og kynnist möguleikum og margbreytileika íslenskrar menningar
- fái tækifæri til að stunda nám með ófötluðum nemendum eins og kostur er
- fái tækifæri til þess að tengja saman nám og starfsþjálfun – í skóla og á vinnustað og öðlist vinnufærni eftir því sem kostur er
- fái tækifæri til þátttöku á vinnumarkaði að loknu námi

Námskrá fyrir starfsbrautir segir að námsgreinar eigi að skipuleggja með hliðstæðum hætti og tíðkast í áfangakerfi framhaldsskóla og þær eigi að skiptast í einingabæra áfanga (Menntamálaráðuneyti, 2005).

Stefna í skólamálum á Íslandi byggir á hugmyndafræði skóla án aðgreiningar. Íslensk stjórnvöld voru á sínum tíma aðilar að rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir sem hefur verið kölluð Salamanca yfirlýsingin (Menntamálaráðuneytið, 1995). Þessi yfirlýsing fjallar um nám án aðgreiningar og rétt allra barna, ungmenna og fullorðinna til þess að stunda nám innan almenna skólakerfisins. Þó gengið sé út frá því að fatlaðir nemendur stundi nám sitt á starfsbrautum segir í aðalnámskrá framhaldsskóla (Menntamálaráðuneyti, 2004) að fatlaðir nemendur skuli stunda nám með öðrum nemendum skólanna eftir því sem aðstæður leyfa. Einnig segir að þess skuli gætt að nemendur einangrist ekki heldur skuli leitast við að tryggja eðlilegan samgang milli allra nemenda. Í námskrá starfsbrauta (Menntamálaráðuneyti, 2005) er víða komið inn á mikilvægi þess að fatlaðir nemendur hafi sem mest samskipti við ófatlaða nemendur bæði félagslega og námslega. Í formála segir að leitast skuli við að efla tengsl við aðrar brautir skólans og veita nemendum tækifæri til að verða hluti af samfélagi skólans þótt námið fari að mestu leyti fram á starfsbraut.



### 2.1.3 Námsleiðir á starfsbrautum samkvæmt námskrá

Samkvæmt námskrá er gert ráð fyrir þrenns konar námsleiðum innan starfsbrauta framhaldsskóla. Þær eru *starfsbraut 1*, *starfsbraut 2* og *starfsbraut 3*. Þessi skipting er ekki sögð vera tilraun til að skipta nemendahópnum upp innan starfsbrautanna heldur sé um að ræða faglegar og kennslufræðilegar áherslur.

Í inngangi fyrir hverja starfsbraut í námskránni segir hvaða nemendum hún er ætluð. Nám á *starfsbraut 1* er einkum ætlað fötluðum nemendum, sbr. 2. grein laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, sem hafa verið í sérdeild í almennum grunnskóla eða sérskólum og hafa ekki forsendur til að stunda nám á öðrum námsbrautum framhaldsskólans. Nám á *starfsbraut 2* er ætlað nemendum sem notið hafa verulegrar námsaðstoðar í grunnskóla, verið í sérdeild eða sérskóla og eru taldir víkja svo frá almennum þroska af viðurkenndum greiningaraðilum að þeir hafa fengið námsmat samkvæmt 48. grein grunnskólalaga nr. 66/1999 og undanþágu frá ákveðnum skyldugreinum. Í 48. grein grunnskólalaga er vísað í reglugerð nr. 709/1966 en hún fjallar um námsmat nemenda sem víkja svo frá almennum þroska að þeim henta ekki samræmd próf. Nám á *starfsbraut 3* er ætlað þroskaheftum og fjölfötluðum nemendum sem þurfa mikla námsaðstoð. Tekið er fram að þroskahömlun geti m.a. fylgt erfiðleikar við skynjun, rökhugsun, boðskipti, líkamsbeitingu, sjálfshjálp, félagsleg samskipti og athafnir daglegs lífs (Menntamálaráðuneyti, 2005).

### 2.1.4 Starfsnám

Allar starfsbrautir eiga að bjóða upp á starfsnám. Með því er átt við nám sem miðar að því að undirbúa nemendur undir atvinnulífið. Þó svo að námsbraut fyrir fatlaða nemendur heiti starfsbraut, er starfsnám ekki stór hluti námsins. Í dæmi um útfærslu fjögurra ára náms á starfsbraut er starfsnám í skóla og á vinnustað 38 einingar af 140 einingum (Menntamálaráðuneyti, 2005, bls. 6).

Víða í námskrá fyrir starfsbrautir (Menntamálaráðuneyti, 2005) er fjallað um starfsnámið. Tvö af markmiðum náms og kennslu á starfsbraut eru að nemandi:

- fái tækifæri til að tengja saman nám og starfsþjálfun – í skóla og á vinnustað og öðlist vinnufærni eftir því sem kostur er
- fái tækifæri til þátttöku á vinnumarkaði að loknu námi

Verklegt nám getur farið fram jafnt innan skóla sem utan, í fyrirtækjum eða á stofnunum. Nemendur eiga að þjálfast í almennri vinnufærni með beinni snertingu

við raunverulegar aðstæður innan eða utan skóla. Virk samvinna á að vera við starfsráðgjafa, vinnumiðlanir og þær stofnanir sem málið varðar. Hér er átt við þá fullorðinsþjónustu sem við tekur að skóla loknum. Í kafla hér á eftir (bls. 37) er fjallað um tilfærsluáætlanir og mikilvægi samstarfs á milli skóla og fullorðinsþjónustu.

Starfsnám fyrir *starfsbraut 1* og *starfsbraut 2* fer fram bæði í skólanum og á vinnustöðum. Áfangalýsingar fyrir starfsnám, bæði í skóla og á vinnustað, eru nánast eins fyrir þessar brautir. Sama má segja um áfangamarkmiðin. Í skólanum eiga nemendur að kynna atvinnufyrirtækjum í umhverfinu og sem fjölbreytilegustum atvinnutækifærum. Þeim er ætlað að fræðast um öryggi og hollustuhætti á vinnustað, réttindi og skyldur launþega og að læra að lesa launaseðil og skilja merkingu hans. Þeir eiga að fræðast um mikilvægi þess að stunda vinnu og vera þannig þátttakendur í samfélaginu. Einnig á að kenna nemendum viðeigandi samskiptareglur á vinnustað og æfa þá í notkun þeirra. Af þessari upptalningu, sem þó er ekki tæmandi, sést fjölbreytileiki þess sem taka á fyrir. Á vinnustað eiga nemendur að öðlast sjálfstæði í vinnubrögðum, tileinka sér sem bestan vinnuhraða og þekkja hættur sem fylgja starfinu. Tilgangur námsins er einnig sá að nemendur þekki til starfa og læri að velja sér starf við hæfi (Menntamálaráðuneyti, 2005).

Þar sem markmiðið með starfsnámi er ekki það að nemendur útskrifist í vinnu, er síðastnefnda markmiðið líklega það mikilvægasta og ætti að vera aðalatriði starfsnámsins; að hjálpa nemendum að finna hvar áhugi þeirra liggur og við hvað þeir vilja starfa í framtíðinni.

Í hvorugri námskrá er gert ráð fyrir starfsnámi sem námsgrein á *starfsbraut 3*. Í námskrá frá árinu 2000 er talað um í inngangi fyrir starfsbrautina að verklegt nám skuli fara fram í skóla eða á vinnustað og á þjálfun nemendans að felast í skilgreindum viðfangsefnum í samræmi við getu hans og áhuga. Það er einnig talað um að tengja námið við starfs- og verkþjálfun á atvinnumarkaði eins og kostur er (Menntamálaráðuneyti, 2000, bls. 15). Í námskránni frá 2005 er nánast ekkert fjallað um starfsnámið. Þess er þó getið að á síðari hluta námstímans eigi að auka áherslu á að undirbúa nemandann undir þátttöku í störfum og lífi fullorðinna. Starfsnáms er líka getið sem eins af námsþáttum þó svo að það sé ekki frekar um það fjallað (Menntamálaráðuneyti, 2005, bls. 43). Í ljósi þess hversu lítil áhersla er á starfsnámið má ráða að það sé ekki talið nauðsynlegt þeim sem stunda nám á *starfsbraut 3*. Griffin og Targett (2001) benda á að það hafi verið viðtekin skoðun, og í anda

læknisfræðilega sjónarhornins á fötlun (sjá bls. 42), að fólk sem hvað mest er fatlað geti ekki unnið á almennum vinnumarkaði. Það henti því betur að vinna á vernduðum vinnustöðum eða vera án atvinnu.

Eins og áður er bent á er starfsnámið ekki stór hluti námsins. Má velja fyrir sér hvort það sé nægjanlegt. Wehman, Brooke og Inge (2001) benda á að ein helsta ástæða atvinnuleysis fatlaðra ungmenna eftir útskrift úr skóla sé skortur á undirbúningi fyrir atvinnulíf. Þeirra bíði annaðhvort atvinnuleysi eða vinna við lágláunastörf.

Þegar horft er til áfangamarkmiða starfsnáms er ljóst að ekki er stefnt að því að nemendur útskrifist í vinnu. Markmið námsins er að nemendur kynnist sem fjölbreytilegustum atvinnugreinum og auki vinnufærni sína, auk ýmissa þátta sem nauðsynlegt er að kunna á vinnustað. Starfsnámið veitir hins vegar enga formlega menntun sem gildir á vinnumarkaði. Fram kemur í rannsókn Maríu Hildipórsdóttur (2006) þar sem hún rannsakar möguleika fatlaðs fólks til náms að loknum framhaldsskóla, að það á ekki kost á frekara námi nema í formi námskeiða hjá Fjölmenn, fullorðinsfræðslu fatlaðra. Þar er um að ræða stök námskeið sem veita engin formleg réttindi. Valkostir varðandi nám við þessi tímamót hafa því ekki verið margir hingað til. Haustið 2007 varð breyting þar á en þá fór af stað nám við Kennaraháskóla Íslands sem ætlað er fötluðu fólki. Er þetta starfstengt diplómanám og skipulagt sem þróunarverkefni til tveggja ára.

### **2.1.5 Samstarf við foreldra**

Ein af rannsóknarspurningum mínum beinist að þátttöku foreldra við skipulagningu námsins. Námskrá fyrir starfsbrautir leggur áherslu á mikilvægi samstarfs við foreldra. Þar segir að traust og virk samvinna skuli vera á milli skóla og foreldra/forráðamanna nemenda. Foreldrar eru nefndir meðal aðila sem eiga að taka þátt í undirbúningi tilfærsluáætlana. Til að undirstrika gildi samstarfsins er í lýsingum fyrir brautirnar þrjár sagt að samstarf við foreldra/forráðamenn og aðra aðila tengda nemandanum sé mjög mikilvægt (Menntamálaráðuneyti, 2005, bls. 4). Ekkert er fjallað um hvernig þessu samstarfi skuli háttað.

Í niðurstöðum rannsókna (Rosenberg og Bolton, 2001; Wehmeyer, 2001) sem gerðar hafa verið á námi fatlaðra ungmenna er lögð áhersla á að nemendur sjálfir séu lykilpersónur við skipulagningu námsins. Þátttaka foreldra og fjölskyldna er einnig talin mikilvæg. Wehman (2001a) segir að ekki sé nóg að foreldrar mæti öðru hverju á

fundi heldur eigi þeir að vera í þeim hópi sem sé leiðandi við skipulagningu námsins. Kennarar, námsráðgjafar og stuðningsaðilar geta ekki, og eiga ekki, að taka ákvarðanir um og bera ábyrgð á framtíð nemenda sinna. Það á að vera í höndum þeirra sjálfra og fjölskyldna þeirra. Hann segir jafnframt að ef fötluð ungmenni eigi að njóta fullgildrar þátttöku í samfélaginu og vinna á almennum vinnumarkaði verði foreldrar að hafa trú á að það sé hægt. Því sé mikilvægt að foreldrar fái upplýsingar og fræðslu um þá möguleika sem börnum þeirra standa til boða og geti tekið upplýstar ákvarðanir. Það sé á ábyrgð skólans að veita foreldrum þessar upplýsingar.

Foreldrar fatlaðra barna finna oft fyrir óöryggi þegar kemur að tímamótum í lífi barna þeirra (Dóra S. Bjarnason, 2003c; Hanley-Maxwell, Whitney-Thomas og Pogoloff, 1995; Turnbull og Turnbull, 1997; Wehman, 2001a). Þetta á m.a. við þegar börnin hefja skólagöngu og þegar þau færast milli skólastiga og ekki er alltaf ljóst hvað framundan er. Í rannsókn Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2005) kom fram að foreldrum fannst þjónustukerfið flókið og óöruggt og að það þyrfti mikla baráttu til að fá þá þjónustu sem börn þeirra áttu rétt á. Hrafnhildur benti á að mjög mikilvægt væri að auka þátt foreldra fatlaðra nemenda í skólastarfinu, þegar kom að flutningi úr skóla yfir í atvinnulíf til að koma í veg fyrir áhyggjur og óöryggi þeirra gagnvart þjónustukerfinu.

### **2.1.6 Val í námi**

Í rannsókn minni skoða ég hvaða valmöguleika nemendur hafa í námi sínu. Valáfangar fyrir *starfsbraut 1* geta, samkvæmt námskrá frá árinu 2005, verið afar fjölbreytilegir og tekið til hvers konar listgreina eða verklegra greina. Hver framhaldsskóli þarf að skilgreina það valgreinanám sem nemendum stendur til boða. Hægt er að skipuleggja það innan skólans eða í samstarfi við aðra aðila og taka mið af möguleikum og aðstæðum hvers skóla (Menntamálaráðuneyti, 2005, bls. 23). Ekkert er minnst á valgreinar fyrir *starfsbraut 2 og 3* og má því af því ráða að ekki sé gert ráð fyrir að nemendur þeirra brauta eigi kost á vali í námi sínu.

Wehmeyer (2001) telur að fötluð ungmenni taki nú í æ meira mæli þátt í ákvarðanatöku varðandi nám sitt og mikilvægi þess sé almennt að verða viðurkennt. Hann bendir hins vegar á að alltof oft sé ekki tekið tillit til óska nemenda við gerð tilfærsluáætlana fyrir þá. Hann segir að nemendur sjálfir eigi að vera leiðandi við skipulagningu námsins og leggja eigi mikla áherslu á að hvetja þá til að hafa áhrif á nám sitt. Wehmeyer segir enn fremur að þátttaka nemenda í námsferli sínum sé góð

leið til að kenna og þjálfa þætti sem nauðsynlegir séu í eflingu sjálfsákvörðunarréttar svo sem að setja sér markmið, taka ákvarðanir og taka þátt í samningaviðræðum.

Innan fötlunarfræða hefur sýn manna í auknum mæli beinst að rétti fatlaðs fólks til að hafa áhrif á eigið líf (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006; Ramcharan, McGrath og Grant, 2000). Taylor (2001) bendir á að þó einhver búi við fötlun réttlæti það ekki að skerða möguleika hans til að taka ákvarðanir varðandi eigið líf. Rök hans gegn því að teknar séu rangar ákvarðanir eru að ófatlað fólk taki oft rangar ákvarðanir, lifi óheilbrigðu lífi og fari óskynsamlega með peninga. Allir eigi rétt á að ráða eigin lífi, líka þeir sem vegna fötlunar sinnar eiga erfitt með að tjá vilja sinn. Í þeim tilfellum verði að leita til þeirra sem þekkja þá vel og Taylor kallar staðgengla (e. *surrogates*), það geta verið vinir, foreldrar eða aðrir fjölskyldumeðlimir. Ákvarðanir sem staðgenglar taki eigi alltaf að taka mið af þeim tækifærum og möguleikum sem ófatlað fólk hefur.

### 2.1.7 Vinir og félagslíf

Eitt af því mikilvægasta í lífinu er að eiga vini og flest höfum við félagslegt net í kringum okkur. Við eigum kunningja, vini, fjölskyldu og vinnufélaga. Við reiðum okkur á þetta félagslega net þegar við skipuleggjum tíma okkar, þegar við verðum veik eða okkur líður illa svo eitthvað sé nefnt (Farrow, Hart, Zimbrich og Komissar, 2004).

Víða erlendis er það markmið í námskrá að nemendur eigi samskipti við ófatlaða nemendur og að þeir eignist vini. Ein leið að því markmiði eru svokölluð „vinaprógröm“ (e. *peer buddy programs*). Þau eru hugsuð til að auka félagsfærni fatlaðra nemenda og stofna til vináttu við ófatlaða jafnaldra. Vinirnir hittast reglulega, ófatlaði nemandinn aðstoðar vin sinn við námið og kynnir hann fyrir vinum sínum. Þeir stunda saman félagslíf, bæði innan og utan skóla, borða saman hádegismat og heimsækja hvor annan (Johnson og Wehman, 2001).

Í grein eftir Carolyn Hughes og fleiri (Hughes, Carter, Brown og Washington, 2004) er sagt frá „vinaprógrami“ í framhaldsskóla í Nashville í Tennessee. Þar var komið á fót kerfi þar sem ófatlaðir nemendur aðstoðuðu fatlaða nemendur í námi og félagsstarfi. Ófötluðu nemendurnir fengu námseiningar fyrir. Eftir að þetta kerfi var tekið í gagnið varð algengt að fatlaðir nemendur væru með öðrum nemendum skólans í frímínútum og í félagsstarfi á kvöldin. Það sem var talið einna jákvæðast var að þeir sem tóku að sér að aðstoða fatlaða nemendur kynntu þá fyrir öðrum

vinum sínum þannig að vinarhópur þeirra stækkaði til muna. Þessu er lýst sem árangursríkri leið til að skapa vinnu milli fatlaðra og ófatlaðra nemenda. Sömu niðurstöðu er að finna í grein eftir Zana Lutfiyya (Lutfiyya, 2004) en þar er fjallað um starf hennar með nemendum, kennurum og foreldrum. Starf hennar fólst í að finna árangursríka leið til að undirbúa fötluð börn og unglunga undir að taka fullan þátt í því sem þjóðfélagið hefði upp á að bjóða, bæði sem þiggjendur og veitendur sem leggðu sitt af mörkum.

Í Námskrá fyrir starfsbrautir frá árinu 2000 var eitt af markmiðum náms og kennslu á starfsbrautum að nemendur fengju tækifæri til að stunda nám með ófötluðum nemendum eins og kostur væri. Einnig var mælt með því að skólinn kæmi á fót stuðningskerfi við nemendur starfsbrauta með það að markmiði að auka þátttöku þeirra í félagslífi skólans og utan hans í samráði við forráðamenn og fagfólk á viðkomandi sviði (Menntamálaráðuneyti, 2000, bls. 16). Var þetta stuðningskerfi mjög í anda þess „vinaprógrams“ sem lýst var hér á undan. Í námskrá frá árinu 2005 er búið að taka þetta markmið út. Hvergi er minnst á að leggja eigi áherslu á að nemendur eignist vini og því er ekkert í núgildandi námskrá sem segir að skólinn eigi að sinna þeim þætti.

Námskrá frá árinu 2005 segir að leitast skuli við að efla tengsl við aðrar brautir skólans og veita nemendum tækifæri til að verða hluti af samfélagi skólans. Einnig að nemendur fái tækifæri til að stunda nám með ófötluðum nemendum eins og kostur er. Á *Starfsbraut 1* er boðið upp á Lífsleikniáfanga sem heitir *Nám í framhaldsskóla*. Þar segir að nemendur eigi að læra að nýta sér ýmsa félagsstarfsemi og aðra nemendapjónustu sem í boði er innan skólans. Einnig að nemendur fái tækifæri til að kynnast og taka virkan þátt í félagsstarfi skólans í samræmi við áhugasvið sitt (Menntamálaráðuneyti, 2005).

Bent hefur verið á (Bayley, 2000; Kelker og Holt, e.d.; Ramcharan, McGrath og Grant, 2000) að eitt af vandamálum fatlaðra ungmenna þegar þau hefja sjálfstæða búsetu og sjálfstætt líf sé félagsleg einangrun. Að eiga vini er stór þáttur í að lifa innihaldsríku lífi og skiptir miklu fyrir velferð einstaklinganna. Kelker og Holt (e.d.) benda á að skólinn gegni þarna veigamiklu hlutverki. Ungt fatlað fólk þarf á stuðningi að halda við að mynda vinnutengsl og það á skólinn að láta sig varða líkt og aðra þætti sem taldir eru mikilvægir sem undirbúningur fyrir fullorðinsár. Rannsóknir (Jorgensen, 1998) hafa ennfremur sýnt að ef fatlaðir nemendur stunda nám með

ófötludum eykur það félagsleg samskipti þeirra á milli og er best til þess fallið að stuðla að fullgildri samfélagslegri þátttöku fötluðu nemendanna.

Eins og hér kemur fram er aðlögun að virkri samfélagsþátttöku talin vera einn af þeim þáttum sem nauðsynlegir eru fötluðum ungmennum. Mikilvægur liður í því er að fatlaðir nemendur umgangist ófatlaða jafnaldra sína. Kristín Björnsdóttir (2002) gerði könnun á samskiptum nemenda á starfsbrautum og ófatlaðra framhaldsskólanema. Hún benti á að tilgangur náms á starfsbraut væri að undirbúa nemendur undir líf, störf og frekara nám í Lýðræðisþjóðfélagi. Undirbúningurinn fælist meðal annars í því að dýpka skilning nemenda á samfélaginu, en auk þess gætu þeir öðlast mikilvæga reynslu utan kennslustofunnar og lært af þátttöku sinni í skólasamfélaginu. Samskipti milli nemenda starfsbrauta og ófatlaðra nemenda gæti aukið félagsfærni þeirra fyrrnefndu og þeir lært hvernig unglingar hegða sér. Í niðurstöðum rannsóknar sinnar sagði Kristín hins vegar að lítil áhersla væri lögð á það í skólunum að nemendur á starfsbraut og ófatlaðir nemendur fengju tækifæri til að kynnst hver öðrum. Sömu niðurstöðu er að finna í rannsókn Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2005). Hún komst að þeirri niðurstöðu að fjölga þyrfti til muna tækifærum fatlaðra framhaldsskólanema til þátttöku í almennu námi og félagslífi framhaldsskólanna. Nám án aðgreiningar væri liður í því að styðja nemendur til fullgildrar þátttöku í samfélaginu.

## **2.2 Atvinnutækifæri fatlaðs fólks**

Það hefur mikla þýðingu fyrir fólk að hafa atvinnu. Ekki eingöngu vegna þess að þá fær viðkomandi greidd laun, heldur eflir vinnan stöðu og sjálfsmynd. Þeir sem eru í vinnu nota starf sitt meðal annars til að sýna félagslega stöðu sína. Vinnan er því stór hluti af þátttöku einstaklingsins í samfélaginu (Barnes, 2003; Dóra S. Bjarnason, 1995, 2004). Brynhildur G. Flóvenz (2004) tekur í sama streng og segir að starf manna sé einn af grundvallarþáttum í sjálfsmynd fólks. Það eigi ekki síst við Íslendinga sem alltaf hafa lagt mikið upp úr vinnu. „Hvað gerirðu?“ er eitt það fyrsta sem fólk spyr við fyrstu kynni. Og er þá átt við launavinnu fyrst og fremst. Vinnan er því ekki aðeins tæki til fjáröflunar heldur eitt af því sem við speglum okkur í. Gildir þetta jafnt um fatlað fólk sem ófatlað.

Eitt af markmiðum rannsóknar minnar er að skoða með hvaða hætti staðið er að tilfærslu nemenda yfir í atvinnulíf. Því er vert að skoða hvaða möguleika fatlað

fólk hefur á vinnumarkaði og aðgerðir stjórnvalda til að auka þátttöku þess í atvinnulífi.

Töluvert er fjallað um rétt manna til atvinnu í þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Má þar nefna Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Félagsmálasáttmála Evrópu og samþykkt Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar (ILO). Þessir sáttmálar kveða allir á um rétt fólks til þess að stunda atvinnu að eigin vali, til réttlátra og hagkvæmra vinnuskilyrða og til verndar gegn atvinnuleysi. Í meginreglum Sameinuðu þjóðanna um jöfn tækifæri fyrir fatlað fólk er viðurkennd sú grundvallarregla að fötluðu fólki sé gert kleift að nýta mannréttindi sín, einkum á sviði atvinnumála. Það á að hafa jöfn tækifæri til að stunda frjóa og arðbæra atvinnu á vinnumarkaði (Brynhildur G. Flóvenz, 2004).

Lög um aðstoð við þroskahefta sem sett voru árið 1979 voru byggð á hugmyndafræði um jafnrétti og eðlilegt líf. Þau mörkuðu nýja og breytta stefnu þar sem markmiðið var að tryggja fötluðu fólki jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa því skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi (Margrét Margeirsdóttir, 2001). Reglugerð um öryrkjavinnu var fyrst sett sama ár og er hún í gildi enn í dag. Í henni eru ákvæði um að Tryggingastofnun ríkisins geti gert samninga við atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði um að ráða örorkulífeyrisþega í vinnu. Vinnusamningur er gerður til ákveðins tíma og heimilt er að endurnýja samninginn. Tryggingastofnun ríkisins endurgreiðir atvinnurekanda hlutfall af launum starfsmanns, það skal aldrei vera hærra en 75% og aldrei lægra en 25% af heildarlaunum. Fyrstu tvö árin er hlutfallið 75% en lækkar svo um 10% árlega eftir það (Tryggingastofnun ríkisins, e.d.).

Önnur úrræði í atvinnumálum fatlaðs fólks eru verndaðir vinnustaðir, hæfing, iðja og starfshæfing. Verndaðir vinnustaðir eru þjónustustofnanir fyrir fatlað fólk sem reknir eru af svæðisskrifstofu, sveitarfélögum eða félagssamtökum og er ætlað að stunda framleiðslu og/eða þjónustustarfsemi. Um verndaða vinnustaði segir einnig að þar skuli með skipulögðum hætti endurmeta getu einstaklinga og viðfangsefni, í þeim tilgangi að starfsgeta nýtist til annarra viðfangsefna eða annarra starfa t.d. á almennum vinnumarkaði. Á hæfingastöðvum fer fram alhliða starfs- og félagsleg þjálfun. Með hæfingunni skal stuðlað að því að einstaklingur verði hæfari til iðju eða atvinnuþátttöku og stefnt skal að því að hæfingin sé tímabundin. Iðja er fólgin í félagsþjálfun og einföldum verkefnum og getur verið varanlegt úrræði fyrir fatlaðan einstakling. Ekki er skylt að greiða laun fyrir hæfingu eða iðju. Starfsendurhæfing er



tímabundið úrræði með þátttöku á almennum vinnumarkaði að markmiði (Félagsmálaráðuneyti, 1996).

Sýnt hefur verið fram á að atvinnuleysi meðal fatlaðs fólks er meira en annarra þjóðfélagshópa (Barnes, 2003; Brynhildur G. Flóvenz, 2004; European Agency for Development in Special Needs Education, 2002; Wehman, 2001b; Roulstone, 2004). Fatlað fólk er einnig líklegra til að vinna hlutastörf og vera í lágláunastörfum (Barnes, 2003; Roulstone, 2004). Skortur á menntun, ónógur stuðningur, viðhorf og hindranir á vinnustöðum eru nefnd sem skýringar á lítilli þátttöku fatlaðs fólks á vinnumarkaði (Barnes, 2003; Priestley, 2003; Roulstone, 2004).

O' Brien (e.d.) bendir í grein sinni *Getting the job done* á leiðir til að auka þátttöku þeirra sem hvað mest eru fatlaðir á almennum vinnumarkaði. Hann segir að frumkvöðlar í atvinnu með stuðningi hafi hugsað starf aðstoðarmanns upp á nýtt. Ekki eigi eingöngu að horfa á hvaða störf fatlaði starfsmaðurinn geti leyst í vinnunni heldur spyrja sig hvaða störf hann og stuðningsaðilinn geti unnið í sameiningu. Með annarri sýn á starf sé hægt að veita öllu fólki, óháð skerðingu, atvinnu á almennum vinnumarkaði og það auki til muna möguleika þess á vinnu í ólíkum atvinnugreinum. Fram kemur í rannsókn Kristjáns Valdimarssonar (2003) að í umræðunni um það hvort allir geti unnið á almennum vinnumarkaði sé bent á þá staðreynd að einstaklingar sem þurfa manninn með sér, eins og það er kallað, geti alveg eins haft hann með sér á almennum vinnustað eins og inni á vernduðum vinnustað eða hæfingarstað.

### **2.2.1 Atvinna með stuðningi**

Til að auka þátttöku fatlaðs fólks á vinnumarkaði hefur víða verið unnið eftir hugmyndafræði atvinnu með stuðningi (e. *supported employment*) og hefur það reynst árangursríkt fyrir þá sem þurfa aðstoð við að komast út á almennan vinnumarkað. Þessi hugmyndafræði átti upptök sín fyrir um 30 árum síðan í Bandaríkjunum og hefur nú verið tekin upp víða í Evrópu með góðum árangri. Öflugt samstarf er á milli þeirra Evrópuþjóða sem sinna atvinnu með stuðningi (Atvinna með stuðningi, e.d.).

Verkefnið *Atvinna með stuðningi (AMS)* var fyrst starfrækt á Reykjanesi árið 1990 og árið 1996 hófst svipuð starfsemi á Akureyri. AMS hefur verið starfrækt hjá Svæðisskrifstofu Reykjavíkur síðan í mars 1999. Forstöðumaður AMS segir að

starfsemin hafi vaxið stöðugt frá þeim tíma. Í júní 2007 voru stöðugildi sex, þar af 1,5 í Gylfaflöt sem er dagþjónusta fyrir fatlað fólk, en þar á að gera átak í að koma fólki út á almennan vinnumarkað. Alls eru 92 einstaklingar í vinnu á vegum AMS og á biðlista eftir vinnu eru 90 manns (Bryndís Theódórsdóttir, munnleg heimild, 27. júní 2007).

Hlutverk *Atvinnu með stuðningi* er fjölþætt:

- þátttaka og þjálfun á almennum vinnumarkaði
- aðstoð við öflun starfa með sömu réttindum og skyldum og almennt gerist
- hæfileiki einstaklingsins og starfsgeta er höfð að leiðarljósi, en ekki fötlunin
- einstaklingsbundin úrræði þar sem þess er gætt að velja saman starfsmann og starf
- aðstoð við að mynda tengsl á vinnustað
- stuðningur svo lengi sem þörf er á

(Atvinna með stuðningi, e.d.)

Til að tryggja sem bestan árangur eru óskir umsækjenda hafðar í forgrunni. Áhersla er lögð á samstarf allra sem tengjast þeim einstaklingum sem sækja aðstoð hjá AMS. Eitt af því sem skilur hugmyndafræði atvinnu með stuðningi frá „hefðbundnum leiðum“ er eftirfylgd. Með því er átt við langvarandi stuðning sem auðveldar einstaklingnum að aðlagast starfinu og vinnustaðinn að starfsmanninum.

Í bæklingi gefnum út af *Atvinnu með stuðningi* er vitnað í erlendar rannsóknir. Þar segir að þær sýni að með stuðningi við hæfi hvers og eins hafi möguleikar fatlaðs fólks til þess að stunda vinnu á almennum markaði aukist til muna. Þá hafi rannsóknir sýnt að jákvæðar breytingar hafi orðið á vinnustöðum með tilkomu fatlaðra starfsmanna. Afköst starfsfólks hafi aukist og veikindaforföll og önnur fjarvera minnkað. Samheldni og samhjálp aukist og liðsheildin styrktst. Einnig verði ímynd fyrirtækisins jákvæðari bæði hjá almenningi og viðskiptavinum fyrirtækjanna (Atvinna með stuðningi, e.d.).

Í áður nefndri rannsókn Kristjáns Valdimarssonar (2003) kannaði hann meðal annars viðhorf notenda þjónustu AMS. Niðurstöður sýndu almenna ánægju meðal fyrirtækja með vinnuframlag fatlaðra starfsmanna. Í samtölum Kristjáns við einstaklinga sem nutu þjónustu AMS í Reykjavík kom undantekningarlaust fram ánægja með þessa starfsemi. Einnig talaði hann við aðila frá Vinnumálastofnun, Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins og við framkvæmdastjóra

Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík. Allir voru ánægðir með verkefnið og töldu það ganga vel. Er þetta því í samræmi við niðurstöður þeirra erlendu rannsókna sem nefndar voru hér að framan.

Eitt af þeim úrræðum sem reynst hefur vel við að hjálpa fötluðu fólki út á almennan vinnumarkað er svokallaður *eðlilegur stuðningur* (e. *natural support*). Hann felst í því að starfsmaður, sem er fyrir á vinnustað sér um starfsþjálfun. Þá færist stuðningurinn frá starfsmönnum *Atvinnu með stuðningi* yfir til starfsmanna viðkomandi fyrirtækja (Wehman, Brooke og Inge, 2001). Hlutverk *Atvinnu með stuðningi* felst því einnig í að efla vinnustaðinn til að styðja fatlaða starfsmanninn. Trach og Shelden (1999) bentu á að nýjustu rannsóknir sýndu að fatlaður starfsmaður samlagast vinnustaðnum betur og myndar meiri tengsl við samstarfsfélagana ef samstarfsmaður sér um starfsþjálfunina. Hlutverk hans felst ekki aðeins í því að kenna vinnubrögð tengd vinnunni heldur einnig að sjá til þess að fatlaði starfsmaðurinn samlagist vinnufélögunum og honum líði vel á vinnustaðnum. Þetta rímar við rannsókn Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2005) en þar kom fram að stuðningur frá samstarfsmanni kemur fötluðum starfsmanni fyrr inn í aðstæður á vinnustað og að þeir kynnast samstarfsmönnum betur.

### 2.2.2 Tilraunaverkefni

Í byrjun árs 2004 hófst þriggja ára tilraunaverkefni sem fól í sér samvinnu tveggja framhaldsskóla og *Atvinnu með stuðningi*. Fyrri hluti ársins fór í að skipuleggja verkefnið og sett var upp vinnuáætlun og skipulag fyrir skólana. Verkefnið fól í fyrsta lagi í sér *fræðslu* þar sem farið var yfir þætti sem tengjast þeirri ábyrgð sem atvinnuþátttaka felur í sér. Í öðru lagi *starfsþjálfun* þar sem lögð var áhersla á að finna starfsþjálfunarstaði í samræmi við óskir hvers og eins nemanda. Í þriðja lagi *atvinnuleit og ráðningu* að námi loknu. Alls tóku 24 nemendur frá tveimur starfsbrautum framhaldsskóla þátt í verkefninu. Skýrsla um mat á verkefninu kom út í maí 2007. Alls fengu 13 nemendur vinnu á almennum vinnumarkaði, fjórir fengu vinnu á vernduðum vinnustað, þrír héldu áfram námi, einn vannur á eigin vegum og óljóst er um þrjá nemendur. Aðilar verkefnisins eru sammála um nauðsyn þessarar samvinnu svo góður árangur náist varðandi tilfærslu nemenda frá skóla til vinnu (*Atvinna með stuðningi*, 2007). Enn er óvíst um framhald þessa verkefnis eða hvort svipuð vinnubrögð verða tekin upp við fleiri skóla.

### 2.2.3 Leiðir til aukinnar atvinnuþátttöku

Samkvæmt skýrslu Stefáns Ólafssonar (2005) *Örorka og velferð á Íslandi* hefur litlum fjármunum verið varið til að auka þátttöku öryrkja á vinnumarkaði hér á landi síðustu áratugi. Skýringuna segir hann að hluta til þá að atvinnuástand hafi hér lengstum verið gott. Öryrkjum hafi hins vegar fjölgað mikið frá árinu 1990 og mikilla úrbóta og eflingar sé því þörf. Í löndunum í kring um okkur eru farnar ýmsar ólíkar leiðir til þess að auka atvinnuþátttöku fatlaðs fólks. Í skýrslu sinni birti Stefán leiðir sem farnar eru samkvæmt samantekt OECD:

- **Aðlögun á vinnustað** (e. *accommodated work*). Greitt er fyrir því að fólk með fötlun haldi störfum sínum með reglugerðum. Vinnuáðstæður eru lagaðar að sérþörfum öryrkja og styrkir veittir til aðlögunar og úrbóta.
- **Niðurgreidd störf** (e. *subsidised work*). Launakostnaður er niðurgreiddur eða efnahagslegum hvata s.s. skattaávilnunum beitt til að bæta fyrir minni framleiðni öryrkja.
- **Atvinna með stuðningi** (AMS) (e. *supported work*). Persónuleg aðstoð við viðkomandi í eins langan tíma og þörf er á í formi aðstoðar við atvinnuleit, ráðgjöf á vinnustað, starfshæfingu og aðstoðar á vinnustað.
- **Verndaðir vinnustaðir** (e. *sheltered work*). Sérstakir vinnustaðir fyrir fatlaða sem tenging og undirbúningur fyrir almenna vinnumarkaðinn eða varanlegur vinnustaður viðkomandi (einkum fyrir mjög mikið fatlaða).
- **Frátekin vinna** (e. *reserved work*). Störf á afmörkuðum sviðum eru helguð sérstökum hópum t.d. með kvótaskiptingu.
- **Starfsendurhæfing** (e. *vocational rehabilitation*). Starfsendurhæfing og starfsþjálfun til að aðstoða einstaklinginn að virkri atvinnuþátttöku. Þetta starf getur farið fram á vinnustöðum eða á sérstökum stofnunum.

(Stefán Ólafsson, 2005, bls. 120-121 ).

Margt af ofangreindu er fyrir hendi hér á landi í dag svo sem niðurgreidd störf, atvinna með stuðningi og verndaðir vinnustaðir. Stefán segir umfang tækifæra til að nýta þessar leiðir allt of lítið, stutt sé síðan þessar heimildir komu til og of lítið fjármagn sé lagt til málefnisins.

Atvinnumál fatlaðs fólks hafa lengstum heyrt undir skrifstofu fjölskyldumála í Félagsmálaráðuneytinu meðan atvinnumál almennt hafa verið undir Vinnumálastofnun sem einnig heyrir undir sama ráðuneyti. Með lögum um aðstoð

við þroskahefta árið 1979 var landinu skipt í átta svæði og settar á fót svæðisstjórnir (Svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra) sem annast skipulag og þjónustu við fatlað fólk á viðkomandi svæði. Þær hafa meðal annars umsjón með vernduðum vinnustöðum og sjá um atvinnuleit og sértæk úrræði í atvinnumálum fatlaðs fólks. Í júní 2006 voru samþykkt á Alþingi ný lög um vinnumarkaðsaðgerðir. Með þeim lögum er gert ráð fyrir að atvinnumál fatlaðs fólks heyri undir Vinnumálastofnun (Félagsmálaráðuneyti, 2006a). Þessi lög eru þó ekki enn komin til framkvæmda en eru mikilvægur áfangi í baráttu fatlaðs fólks fyrir fullgildri þátttöku í samfélaginu og jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna.

Á ráðstefnu sem haldin var í mars 2007 undir heitinu *Mótum framtíð* var stefna Félagsmálaráðuneytisins í málefnum fatlaðs fólks til næstu 10 ára kynnt. Þar kom fram að allt fatlað fólk fengi tækifæri til atvinnu eða annarra verka í samræmi við áhuga, styrk og hæfileika og yrði haft með í ráðum þar að lútandi. Ráðuneytið lítur svo á að í boði þurfi að vera fjölbreytt og sveigjanleg úrræði, en vinna á almennum markaði gangi þó ávallt framur öðrum kostum. Réttur fatlaðs fólks á almennum vinnumarkaði sé í hvívetna hinn sami og annarra landsmanna. Mikilvægt sé að stuðningi við fatlað fólk til atvinnuleitar og atvinnuþátttöku sé skipað með hliðstæðri þjónustu og við aðra landsmenn (Félagsmálaráðuneyti, 2006b). Þetta er mjög mikilvæg stefna og gefur fyrirheit um að nú eigi að taka til hendinni og koma lögnum frá júní 2006 í framkvæmd. Ofangreind stefna er þó ekki ný af nálinni. Markmið laga um málefni fatlaðs fólks frá árinu 1992 (Félagsmálaráðuneyti, 1992) er að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Þar er lögð áhersla á starfsþjálfun, liðveislu og atvinnu á almennum markaði með viðeigandi stuðningi. Nánari útfærslu á ákvæðum um atvinnumál fatlaðs fólks er að finna í reglugerð frá árinu 1996 (Félagsmálaráðuneyti, 1996). Þar segir einnig að stuðningur til starfa á almennum vinnumarkaði eigi að ganga framur öðrum kostum.

Samkvæmt þessum lögum er áhersla lögð á að fatlað fólk skuli vinna á almennum vinnumarkaði. En hvernig er staðan þá núna rúmum áratug eftir setningu laganna? Í rannsókn Kristjáns Valdimarssonar (2003) þar sem hann skoðaði hvernig staðið er að atvinnumálum fatlaðra einstaklinga hér á landi er megin niðurstaða rannsóknarinnar sú að mikið skorti á að stjórnvöld fylgi eftir þeirri stefnu sem fram kemur í lögum og reglugerðum. Niðurstöður hans sýna að þó sett hafi verið framsækin stefnumið í lögum um atvinnumál, verði ekki séð að áherslur breytist

mikið í framkvæmd á vettvangi. Samkvæmt niðurstöðum hans fá þau nýmæli og það frumkvæði sem hrint er í framkvæmd og í samræmi við opinbera stefnumótun ekki þann stuðning stjórnvalda sem eðlilegt verður að telja. Á þetta jafnvel við þegar ákveðin starfsemi hefur sýnt fram á góðan árangur. Stjórn málaflokksins felist helst í því að halda aftur af útgjöldum.

#### **2.2.4 Verndaðir vinnustaðir eða almennur vinnumarkaður**

Mikið hefur verið skrifað um, og margar rannsóknir gerðar á, vinnu fatlaðs fólks þar sem sjónum er beint að líðan fólks og ánægju með vinnuna (Pallisera, Vilá, og Valls, 2003; Vashti og Cotterhill, 2000). Margar þessara rannsókna sýna fram á að fötluðu fólki líður betur og er ánægðara á almennum vinnumarkaði en á vernduðum vinnustöðum. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður íslenskra rannsókna sem gerðar hafa verið. Í rannsókn Dóru S. Bjarnason (2004) kom fram að það unga fólk sem vann á almennum vinnustað var ánægt með vinnu sína. Ungu fólkið sem vann á vernduðu vinnustöðunum var aftur á móti ekki jafn ánægt. Því fannst starfið einhæft, launin lág og að ófatlaðir starfsmenn sýndu þeim ekki næga virðingu.

Rannveig Traustadóttir (1993) gerði rannsókn árið 1992 þar sem hún kannaði hvað 20 fyrrum nemendur úr starfsdeild Öskjuhlíðarskóla unnu við nokkrum árum eftir útskrift. Niðurstöður hennar voru þær að fatlað fólk félli betur inn í vinnuhópin og liði betur á almennum vinnustöðum en á vernduðum vinnustöðum. Enn fremur kom fram að félagsleg og persónuleg tengsl við vinnufélaga skiptu þessa starfsmenn miklu máli. Sá sem hafði góð tengsl á vinnustaðnum var mun líklegri til þess að fá hjálp frá vinnufélögum og halda vinnunni. Ungu fólkið í þessari könnun var yfirleitt félagslega einangrað og taldi Rannveig það vísbendingu um að nám í sérskóla væri ekki vænlegt ef markmiðið væri að undirbúa nemendur undir líf í samfélaginu. Það sem henni fannst lofa góðu var að tiltölulega stór hluti af þessum fyrrum nemendum gekk nokkuð vel á almennum vinnumarkaði. Þeir voru vel liðnir í vinnunni og höfðu verið lengi á sama vinnustað.

Rannsóknir (Reid og Bray, 1998; Pearson, Wong og Pierini, 2002) sýna að vinna á almennum vinnumarkaði uppfyllir ekki alltaf væntingar til að eignast vini eða félag. Samstarfsfólk er vingjarnlegt en vináttan nær yfirleitt ekki út fyrir vinnustaðinn. Sömu niðurstöðu má finna í rannsókn Önnu Einarsdóttur (2000) þar sem hún rannsakaði atvinnuþátttöku fimm kvenna á almennum vinnumarkaði.

Fötluðu konurnar í rannsókn hennar tóku ekki þátt í félagsstarfi utan vinnunnar og voru ekki hluti af starfsmannahópnum í vinnuhléum.

## **Samantekt**

Með tilkomu starfsbrauta árið 1996 urðu miklar breytingar á möguleikum fatlaðra ungmenna til menntunar en þá var réttur allra til framhaldsskólanáms tryggður með lögum. Námsleiðir á starfsbrautum framhaldsskóla eru þrjár, *starfsbraut 1*, *starfsbraut 2* og *starfsbraut 3*. Markmið starfsnáms er að nemendur kynnist sem fjölbreytilegustum atvinnugreinum og að þeir auki möguleika sína til þátttöku á vinnumarkaði að námi loknu. Námskrá leggur áherslu á samstarf við foreldra og segir að traust samvinna skuli vera á milli skólans og foreldra. Nemendur *starfsbrautar 1* eiga kost á valáföngum og eiga þeir að vera sem fjölbreyttastir. Ekki er gert ráð fyrir valáföngum fyrir *starfsbraut 2* og *starfsbraut 3*. Leitast skal við að efla tengsl nemenda starfsbrauta við aðrar brautir skólans og veita þeim tækifæri til að stunda nám með ófötluðum nemendum eins og kostur er.

Samkvæmt nógildandi lögum er gert ráð fyrir að fatlað fólk vinni á almennum vinnumarkaði og er réttur þess í hvívetna hinn sami og ófatlaðs fólks. Hugmyndafræði atvinnu með stuðningi er árangursrík leið til að auka þátttöku fatlaðs fólks á almennum vinnumarkaði og niðurstöður tilraunaverkefnis *Atvinnu með stuðningi* og tveggja framhaldsskóla sýna fram á ágætan árangur við að tryggja nemendum vinnu að skóla loknum. Ýmsar leiðir eru færar til að auka atvinnuþátttöku fatlaðs fólks en of lítið fjármagn er lagt til málefnisins og það skortir á að stjórnvöld fylgi eftir þeirri stefnu sem fram kemur í lögum og reglugerðum.

Í næsta kafla geri ég grein fyrir fræðilegum bakgrunni rannsóknarinnar.

### 3 Fræðilegur bakgrunnur

Fötlunarfræði (e. *disability studies*) eru ein af þeim fræðigreinum sem snúa að samfélagshópum sem búið hafa við mismunun af ýmsum toga. Nefna má blökkumenn, konur og samkynhneigða. Þessar greinar eiga það sameiginlegt að eiga sér rætur í pólitískum baráttuhreyfingum sem hafa barist gegn undirokun og útskúfun. Í fötlunarfræðum er litið svo á að fatlað fólk sé eðlilegur hluti margbreytilegs samfélags. Innan fötlunarfræða finnast ólík sjónarhorn sem eiga það sameiginlegt að gagnrýna læknisfræðilegan skilning á fötlun og leggja áherslu á að hindranirnar í þjóðfélaginu eigi stóran þátt í að skapa fötlun einstaklingsins (Rannveig Traustadóttir, 2003, 2006).

Í þessum kafla fjalla ég um þróun hugmyndafræði í átt til *fullgildrar samfélagslegrar þátttöku* og fjalla um *fullorðinshlutverk og fötlun*. Í rannsókn minni leitast ég við að skoða á hvern hátt skólarnir tveir vinna að því að nemendur verði fullgildir þátttakendur í samfélaginu og hvernig skipulagning náms þeirra hjálpar þeim að öðlast stöðu fullorðinna. Næst ræði ég um hugtökin *tilfærsla úr skóla til fullorðinsára* og *tilfærsluáætlanir* en þessi hugtök hafa erlendis verið leiðandi í umræðu um framhaldsskólanám fatlaðra ungmenna. Í rannsókninni kanna ég hvort, og að hvaða marki, tilfærsluáætlanir og vinnubrögð tengd þeim hafa verið tekin upp hér á landi og skoða mikilvægi þeirra í skólastarfi fatlaðra ungmenna. Í lokin fjalla ég um *ólík sjónarhorn á hugtakið fötlun* og hvaða áhrif þau hafa á stefnumótun og þjónustu við fatlað fólk.

#### 3.1 Fullgild samfélagsleg þátttaka

Snemma á sjötta áratug síðustu aldar fór að bera á nýjum hugmyndum og viðhorfum til fatlaðs fólks. Þær fólu í sér viðurkenningu á þörfum þess til jafns við ófatlaða og kröfu um virka þátttöku í þjóðfélaginu. Þessar hugmyndir höfðu mikil áhrif á samfélagslega stöðu fatlaðs fólks og með þeim var sjónum beint að því óréttlæti og útskúfun sem það hafði mátt þola.

Þessi nýja hugmyndafræði er oft kennd við Danann Niels E. Bank-Mikkelsen og Svíann Bengt Nirje. Kjarni hennar byggir á kenningum um eðlilegt líf eða



*normaliseringu* og þátttöku eða blöndun í samfélaginu til jafns við aðra. Gert var ráð fyrir að fatlað fólk nyti eðlilegra lífshátta svo sem að búa á eigin heimili, sækja almennan skóla og stunda vinnu og tómstundir utan heimilis (Nirje, 1980). Hugmyndir Mikkelsen um *normaliseringu* snérust ekki um það að breyta fötluðu fólki í „venjulegt“ fólk, heldur að skapa ætti því eins eðlilegt líf og kostur væri á og réttindi á við aðra þjóðfélagsþegna. Hann skilgreindi *normaliseringu* út frá þremur þáttum: aðstæðum sem einstaklingur lifir við, að hann hafi atvinnu og njóti frístunda – og að greint sé á milli bernsku og fullorðinsára (Kirkebæk, 2001).

Þessar skandinavísku hugmyndir bárust til Bandaríkjanna og Kanada um 1970. Wolf Wolfensberger endurskilgreindi hugmyndir um *normaliseringu* út frá hefðum félagsvísinda og heimspeki og breytti nafni kenningarinnar úr „normalization“ eða eðlilegt líf í „social role valorization“ sem þýtt hefur verið sem „gildisaukandi hlutverk“ (Dóra S. Bjarnason, 1991). Kjarninn í hugmyndum Wolfensbergers felst í því að leggja beri áherslu á þrennt: að styrkja jákvæða persónulega færni einstaklingsins og leggja áherslu á jákvætt táknaverfi tengt viðkomandi; að styrkja nánasta félagslega umhverfi s.s. fjölskyldu, skóla, vinnustað, þjónustu og nágrenni; og að breyta gildismati og viðhorfum svo samfélagið viðurkenni mismunandi manneskjur. Hann taldi mikilvægt að nýta almenn þjónustutilboð í stað sérúrræða, lagði mikla áherslu á gildi velmetinnar félagslegar þátttöku og varaði við stofnunum þar sem fatlað fólk var vistað (Wolfensberger, 1980).

Þessi nýju og breyttu viðhorf voru að einhverju leyti lögð til grundvallar nýrri félagsmálafélagstefnu varðandi þjónustu við fatlaða. Hér á landi voru árið 1979 samþykkt lög um aðstoð við þroskahefta. Þar birtist í fyrsta sinn hugmyndafræði um rétt fatlaðs fólks til samfélagsþátttöku og eðlilegs lífs. Þessi lög mörkuðu tímamót því í þeim birtist ný sýn og breytt stefna í málefnum fatlaðs fólks (Margrét Margeirsdóttir, 2001).

Ein af höfuðáherslum fatlaðs fólks er krafan um fullgilda samfélagslega þátttöku. Stefna í skólamálu á Íslandi byggir á hugmyndafræðinni um fulla þátttöku fatlaðra nemenda í samfélaginu og nám án aðgreiningar. Brynhildur Flóvens (2004) bendir á að samþætting á framhaldsskólastigi virðist ekki hafa tekist jafn vel og í grunn- og leikskólum og eigi það ekki síst við um einstaklinga með þroskahömlun. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á framhaldsnámi fatlaðra ungmenna hér á landi undanfarin ár styðja þessa skoðun. Í rannsókn Kristínar Björnsdóttur (2002) kemur

fram að starf starfsbrautanna sé að miklu leyti aðskilið frá öðrum námsbrautum skólanna. Einstaka nemendur sem tóku þátt í rannsókn hennar áttu þess kost að sækja kennslustundir á hefðbundnum námsbrautum en um var að ræða stuttar heimsóknir og ekki markvisst nám. Dóra S. Bjarnason (2004) telur í rannsókn sinni að sérkennarar geti í sumum tilfellum verið einskonar hliðverðir sem standi í vegi fyrir því að nemendur þeirra fái tækifæri til fullgildrar þátttöku bæði í skóla og samfélaginu. Með því vilji þeir vernda nemendur sína og tryggja vináttu fötluðu nemendanna innbyrðis. Þeir vilji nemendum sínum vel og líti svo á að það sé þeim fyrir bestu að þeir séu aðgreindir frá ófötluðum nemendum. Niðurstöður rannsóknar Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2005) benda í sömu átt. Þær leiða í ljós að þrátt fyrir ákvæði í námskrá starfsbrauta um að efla tengsl við aðrar brautir skólanna og að nemendur ættu að fá tækifæri til að stunda nám með ófötluðum nemendum var ekki lögð áhersla á nám án aðgreiningar í þeim skólum sem rannsókn hennar náði til. Hrafnhildur segir að fjölga þurfi til muna tækifærum fatlaðra framhaldsskólanemenda til þátttöku í almennu námi og félagslífi framhaldsskólanna. Nám án aðgreiningar sé þáttur í því að styðja nemendur til fullgildrar þátttöku í samfélaginu.

### **3.2 Fullorðinshlutverk og fötlun**

Skilin á milli unglingsára og þess að verða fullorðinn hafa breyst í rás tímans. Gestur Guðmundsson (2000) segir að á tuttugustu öldinni hafi þetta tímabil lengst í vestrænum þjóðfélögum. Hann telur einnig að mörkin séu að verða óljósari og að þessar breytingar séu hluti af mun víðtækari þjóðfélagsbreytingum. Hann telur að greina megi aukna áherslu á einstaklinginn þar sem umskiptin frá barnæsku til fullorðinsaldurs séu orðin mun einstaklingsbundnari. Niðurstöður rannsókna á meðal ungra Bandaríkjamanna sýna að þeir álíta að það að vera fullorðinn markist af því að vera fjárhagslega sjálfstæður, taka eigin ákvarðanir og bera ábyrgð á sjálfum sér (Arnett og Galambos 2003). Coles (Priestley, 2003) tekur í sama streng og segir að það að hljóta stöðu fullorðinna sé oft talið markast af því að vera í vinnu, lifa sjálfstæðu lífi og stofna eigin fjölskyldu.

Ef tekið er mið af fyrrgreindum skilgreiningum er ljóst að fatlaðir einstaklingar eiga oft í erfiðleikum með að öðlast fullorðinshlutverk. Á það

sérstaklega við um einstaklinga með þroskahömlun og þá sem þurfa á mikilli umönnun að halda varðandi alla þætti daglegs lífs.

Dóra S. Bjarnason (2004) lýsir fullorðinshlutverkinu sem félagslegri hugsmíð sem byggir merkingu og innihald þess á menningu og félags- og efnahagsgerð samfélagsins. Það að hljóta stöðu og hlutverk fullorðins tengist ekki aldri heldur því að samfélagið virði og viðurkenni að tiltekinn einstaklingur sé fullorðinn. Dóra styðst við skrif Bates frá árinu 1975 (sjá í Dóra S. Bjarnason, 2003b, bls. 163) en hann skilgreinir fullorðinshlutverkið á eftirfarandi hátt:

Oftast má ætla að það að viðurkenna að einhver sé orðinn fullorðinn sé bundið í „þegjandi samkomulag“ þar sem menn skiptast á flóknum upplýsingum. Þessar upplýsingar eru bundnar í tákni; samskipti með orðum, félagslegt samhengi og túlkun á viðeigandi upplýsingum sem menn nýta við að meta aldur fólks (til dæmis útlit, málrómur, stærð og fleira).

Ferguson og Ferguson (1996) tala um þrjár víddir fullorðinshlutverksins. Þau kalla þær persónulega vídd, menningarlega vídd og fjölskylduvídd. *Hin persónulega vídd fullorðinshlutverksins* felur m.a. í sér persónulegt sjálfræði t.d. getu til að velja hvar, hvernig og með hverjum hinn fullorðni vill lifa og starfa, hvaða vini hann velur og hvernig hann ver frístundum sínum. *Hin menningarlega vídd fullorðinshlutverksins* nær út fyrir persónulegar aðstæður manna. Hún felur í sér merkingu þess að vera borgari í samfélaginu og axla skyldur og réttindi sem því fylgja t.d. að fá kosningarétt og kjósa og taka þátt í starfi sem tengist almannahag. *Fjölskylduvíddin* felur í sér merkingu þess að verða fullorðinn í fjölskyldunni. Börn og ungmenni takast smám saman á herðar hina persónulegu og menningarlegu merkingu fullorðinshlutverksins. Þetta gerist smám saman í uppvexti barns í samskiptum innan fjölskyldunnar.

Í rannsókn sinni þar sem Dóra S. Bjarnason (2003b) rannsakar fullorðinshlutverk og fötlun styðst hún við ofangreindar víddir fullorðinshlutverksins. Hún kemst að þeirri niðurstöðu að félagsleg hugsmíð fullorðinshlutverka sé ólík hjá fötluðu fólki, ekki síst fólki með þroskahömlun og miklar skerðingar, hvað varðar víddirnar þrjár. Ef það á að gera ungu fötluðu fólki kleift að öðlast fullt sjálfstæði í samræmi við persónulega vídd fullorðinshlutverksins þarf að tryggja því atvinnu og laun, aðgang að almennum skólum og ófötluðum félögum eða hlutdeild í menningu sem fatlað fólk skapar sér sjálft og er eflandi. Menningarleg vídd fullorðinshlutverksins var enn síður innan seilingar hjá því unga fólki sem tók þátt í

rannsókk hennar. Aðrir, svo sem foreldrar eða fagfólk, stýrðu þeim tómslundum og menningu sem unga fólkið tók þátt í og var það gjarnan innan sérmenningar fatlaðra. Fjölskylduvídd fullorðinshlutverksins var einnig öðruvísi hjá flestum fjölskyldum ungs, fatlaðs fólks samanborið við ófatlað, ungt fólk og fjölskyldur þess. Varðar það einkum tvo þætti. Í fyrsta lagi hefur umönnun fatlaðra barna og unglunga í för með sér að foreldrar og börn verða háð hvert öðru með öðrum hætti en í fjölskyldum ófatlaðra. Ábyrgð og umönnun foreldra breytist venjulega með tímanum, en miklu síður ef um fatlað barn er að ræða. Í öðru lagi öðlast ófötlud börn smám saman sjálfstæði og fara að taka eigin ákvarðanir. Þessar breytingar eru ekki eins sjálfgefna í fjölskyldum fatlaðra barna. Sú umhyggja og umönnun sem fatlaða barninu er nauðsynleg í æsku getur fest bæði foreldra og fullvaxta fatlað barn þeirra í viðjar forræðishyggju þar sem þau verða háð hvort öðru (Dóra S. Bjarnason, 2003b). Dóra segir að ungt, fatlað fólk þurfi stuðning sem byggist á gagnkvæmni (e. *interdependence*) fremur en á sjálfstæði (sjá einnig Priestley, 2003). Á það sérstaklega við um fólk með þroskahömlun en það þarfnast þess að vera umkringgt táknum sem staðfesta stöðu þess sem fullorðinna.

Bent hefur verið á (Sutcliffe, 1994; Hanley-Maxwell, Whitney-Thomas og Pogoloff, 1995; Barnes, 2000) að algengt sé að foreldrar þurfi að berjast fyrir réttindum fatlaðra barna sinna jafnvel þó að þau séu komin á fullorðinsár. Á meðan foreldrar eru í þeirri stöðu er erfitt fyrir þá að draga úr forræði og ábyrgðarkennd gagnvart fullorðnum börnum sínum. Hefur það áhrif á möguleika þeirra til að axla sjálf það sem fjölskylduvíddin felur í sér.

Hér á undan var gerð grein fyrir þróun hugmyndafræði sem liggur að baki fullgildri þátttöku í skóla og samfélagi. Einnig var fjallað um fullorðinshlutverk og fötlun og gerð grein fyrir þremur víddum fullorðinshlutverksins. Eitt helsta markmið náms á starfsbraut samkvæmt námskrá er að undirbúa nemendur fyrir fullorðinsár. Því er mikilvægt að námið miði að því að styðja nemendur í því að axla fullorðinshlutverk.

### **3.3 Tilfærsla frá skóla til fullorðinsára**

Enska orðið „*transition*“ hefur verið notað um ferlið þegar verið er að búa fötlud ungmenni undir að hætta í skóla. „*Transition*“ má líkja við brú sem liggur frá tiltölulega vernduðu og „öruggu“ umhverfi skólans til þeirrar ögrunar og áhættu sem

fylgir því að fara á vinnumarkað. Það er ferli sem stuðlar að því að auka færni nemandans til að fá og halda vinnu, hefja sjálfstæða búsetu og auka tækifæri til tómstunda og frekara náms. Nemendurnir sjálfir, ásamt fjölskyldum sínum og jafnöldrum, leika aðalhlutverkið í þessu ferli.

En hvað felst í hugtakinu „tilfærsla frá námi til fullorðinsára“? Hugmyndarinnar er getið í ýmsum alþjóðlegum skjölum og eru skilgreiningar á því aðeins mismunandi. Eftirfarandi skilgreining inniheldur þrjár megin hugmyndir:

1. *Ferli*; nauðsynleg undirbúningsvinna og sá tími sem nauðsynlegur er til umskipta.
2. *Yfirfærsla* (e. *transition*); að flytjast frá einu stigi yfir á hið næsta – í námi eða lífinu almennt.
3. *Breyting*; á persónulegum högum, sem og starfshögum (European Agency for Development in Special Needs Education, 2002, bls. 9).

### 3.3.1 Tilfærsluáætlun

Tilfærsluáætlun (e. *transition plan*) í framhaldsskóla miðar að því að undirbúa nemendur og foreldra þeirra undir að takast á við nýtt tímabil í lífi nemandans – fullorðinsár – bæði sem einstaklingur og fullgildur þjóðfélagsþegn. Tilfærsluáætlun er ólík einstaklingsáætlun að því leyti að hún tekur á mun fleiri þáttum og aðilar utan skólans svo sem frá félagsþjónustu og atvinnumiðlun taka þátt í henni. Tilfærsluáætlun er einnig skipulögð til langs tíma og getur náð yfir mörg ár á meðan einstaklingsáætlun nær til eins árs eða jafnvel einnar annar (Wehman, 2001a).

Í námskrá fyrir starfsbrautir frá 2005 er fjallað um gerð tilfærsluáætlana og þær kallaðar umskiptaáætlanir. Þar er sagt „að þau umskipti (transition) sem verði á högum nemenda þegar þeir flytjast úr námi og út í atvinnulífið eða önnur viðfangsefni séu langt ferli“. Í einstaklingsáætlun hvers nemanda, eða í sérstakri áætlun skal gerð grein fyrir því hvernig þessi breyting er skipulögð. Í áætluninni skal koma fram mat á áhugasviði og þekkingu og reynslu nemandans. Gerð skal grein fyrir því með hvaða hætti skólinn getur undirbúið nemandann undir þau viðfangsefni sem best henta viðkomandi nemanda eftir að skóla lýkur. Viðfangsefnin geta falist í atvinnu á frjálsum markaði, atvinnu með stuðningi, starfi á vernduðum vinnustað, hæfingu og iðju, íþrótta- og tómstundastarfi eða félagsstarfi. Markmið námsins eiga að taka mið af áhugasviði nemandans og líklegum möguleikum hans að loknu námi. Samráð við nemandann, foreldra/forráðamenn, náms- og starfsráðgjafa,

vinnumiðlanir og starfsfólk félagsþjónustu er mikilvægt við gerð áætlunarinnar og við endurmat á henni. Talað er um mikilvægi þess að hefja gerð þessarar áætlunar snemma og vinna að henni meðan nemandinn stundar enn nám í framhaldsskóla (Menntamálaráðuneyti, 2005, bls. 4).

Þrátt fyrir að enn sé lítið fjallað um tilfærslu fatlaðra ungmenna frá námi til fullorðinsára hér á landi eru vinnubrögð sem því tengjast þó ekki óþekkt. Með stofnun starfsdeildar Öskjuhlíðarskóla árið 1976 má tala um fyrstu skipulegu vinnuna sem átti að tryggja ferlið frá námi til vinnu. Starfsdeildin tók við að loknu skyldunámi og var tveggja ára nám sem miðaði að því að veita nemendum starfsfræðslu, starfsþjálfun og annan undirbúning undir þátttöku í atvinnulífi. Ennfremur var starfsdeildin hugsuð sem alhliða undirbúningur til að takast á við lífið að lokinni skólagöngu (Þorsteinn Sigurðsson, 1993).

Á vef Menntamálaráðuneytisins segir frá umfangsmiklu verkefni sem hófst í lok ársins 1999 þar sem rannsakað var það ferli sem á sér stað við tilfærslu úr skóla út í atvinnulífið. Rannsóknin var skipulögð af Evrópumíðstöðinni (The European Agency for Development in Special Needs Education). Ísland var aðili að þessu verkefni ásamt 15 öðrum löndum. Safnað var upplýsingum í hverju landi fyrir sig um ríkjandi stefnur, útfærslu á tilfærsluferlinu, vandamál og árangur. Í niðurstöðum voru talin upp lykilatriði sem vinna þyrfti að á þessu sviði. Eitt þeirra atriða var að koma á löggjöf og stefnumótun til stuðnings því ferli sem felst í tilfærslunni. Einnig þyrfti að tryggja að nemandinn tæki þátt í tilfærsluferlinu og að persónulegar óskir hans væru virtar. Nemandinn, fjölskylda hans og sérfræðingar yrðu að vinna saman að því að setja saman tilfærsluáætlun. Þá þyrfti náið samstarf milli skóla og vinnumarkaðar til að nemendur ættu kost á reynslu á starfsvettvangi (European Agency for Development in Special Needs Education, 2002).

### **Lífsgæði sem lykilhugtak**

Þegar fyrst var farið að tala skipulega um ferlið „tilfærsla frá námi til vinnu“ var eingöngu lögð áhersla á ferli sem leiddi til atvinnu. Það þótti of þröng skilgreining og á undanförunum árum hefur meiri áhersla verið lögð á lífsgæði (Halpern, 1993) og sjálfsákvörðunarrétt nemenda (Schloss, Alper og Jane, 1994).

Í bókum og greinum sem fjalla um fötlunarfræði hefur mikið verið skrifað um hugtakið lífsgæði og hvaða þýðingu það hafi fyrir fatlað fólk (Brown og Brown,

2003). Lífsgæði er hér notað yfir enska hugtakið „quality of life“. Í íslenskri orðabók (2000) er merking orðsins lífsgæði sögð vera „eitthvað eftirsóknarvert í lífinu, oft efnalegt eða tískubundið“. Fjallað hefur verið um þetta hugtak með ýmsum hætti. Dóra S. Bjarnason (2003a) segir:

Þegar ég tala um „valkosti sem tengjast lífsgæðum“ þá á ég við það að hvaða marki menn geta valið sér lífsstíl (t.d. hvernig við viljum lifa, með hverjum og hvar). Hugtakið „lífsgæði“ felur líka í sér að menn hafi tekjur, eigi kost á félagslegu samneyti við annað fólk, sjálfræði, raunverulegum valkostum, persónulegu rými og einkalífi. Það að hvaða marki fólk á slíka möguleika gefur vísbendingar um lífsgæði þess, bæði efnisleg og tilvistarleg (Dóra S. Bjarnason, 2003a, bls. 2).

Hugtakið lífsgæði nær yfir bæði huglæga og hlutlæga þætti (Matikka, 2000). Hlutlægi þátturinn vísar til þess við hvaða kringumstæður við lifum en huglægi þátturinn vísar til hversu ánægð við erum með líf okkar.

Eins og áður hefur verið sagt er hugtakið lífsgæði víða ráðandi þegar tekin er ákvörðun um hvað skuli kenna í ferlinu frá skóla til fullorðinsára. Á þetta einnig við þegar ákvarðanir um þjónustu við fatlað fólk almennt eru teknar (Dennis, Williams, Giangreco, Cloninger, 1993). Það er talið mikilvægt að tekið sé mið af lífsgæðum frekar en skerðingu eða fötlunarstimpli einstaklingsins þegar nám er skipulagt (Zekovic og Renwick, 2003). Ef mið er tekið af skerðingunni verður aðal áherslan á takmörkum nemandans og heilsutengda þætti í stað þess að líta á sem flesta þætti lífs viðkomandi nemanda við skipulagningu námsins.

### **Framkvæmd tilfærsluáætlana**

Fræðimenn eru nokkuð sammála um á hvað beri að leggja áherslu við gerð tilfærsluáætlana. Mikilvægt er að byrja strax á fyrsta ári framhaldsskólans að skipuleggja undirbúning fyrir atvinnulífið (Collet-Klingenberg, 1998; Hasazi, Furney og Destefano, 1999). Taka þarf tillit til áhuga nemandans við val á vinnu og leggja þarf áherslu á að hann kynnist strax í upphafi námsins vinnu og vinnustað. Þá eru þættir eins og samskipti, skipulagning og að leysa vandamál mikilvægir í náminu. Lögð er mikil áhersla á að nemendur sjálfir og fjölskyldur þeirra séu virkir aðilar í ákvarðanatöku og í öllu ferlinu. Námið þarf einnig að innihalda undirbúning undir sjálfstæða búsetu og aðlögun að virkri samfélagsþátttöku, þannig að nemendur verði þátttakendur í því sem samfélagið hefur upp á að bjóða (Szymanski, 1994; Thomas og Maxwell, 1996).

Í umfjöllun um tilfærsluáætlanir í námskrá starfsbrauta (Menntamála-ráðuneyti, 2005) er ekkert fjallað um hvernig skuli útfæra þær. Til að varpa ljósi á þá vinnu tek ég hér á eftir tvö dæmi um slíkar áætlanir sem gerðar hafa verið erlendis þar sem mikil reynsla er af slíkri vinnu.

Dæmi um eina slíka tilfærsluáætlun má sjá í grein eftir Rosenberg og Bolton (2001). Þar eru talin upp þau svið sem unnið er með í slíkri áætlun í sjö skólum í Whittier í Kaliforníu en 19 ára reynsla er af þessu starfi þar. Sjö svið eru lögð til grundvallar. Þau eru atvinna, tólmstundir, sjálfstæð búseta, virk þjóðfélagsþátttaka, hreyfanleiki, samskipti og hegðun. Þegar starfsfólk skólans horfir til baka finnst því að sú áhersla sem lögð er á að aðstoða nemendur við að uppfylla drauma sína og ná markmiðum sínum sé það eftirminnilegasta úr starfinu. Markmiðssetning miðar að því að mæta nemendum frekar en að byggja á hugmyndum starfsfólks, væntingum foreldra eða ríkjandi námskrá. Nemendur eru þátttakendur í gerð tilfærsluáætlana og mæta reglulega á fundi þar sem farið er yfir markmið og leiðir. Foreldrar taka einnig þátt í vinnu við áætlanirnar. Sérstakar reglur eru hafðar til hliðsjónar við gerð þeirra þannig að þær verði sem árangursríkastar. Stöðugt er spurt hvort áætlunin komi til móts við þarfir nemandans og hvort þær séu í samræmi við framtíðarmarkmið nemendanna. Mikil áhersla er lögð á atvinnu og er hún álitin einn mikilvægasti þátturinn í undirbúningi fyrir fullorðinsár. Umhverfi og kennsla miðar allt að því að gera nemendur að fullgildum þátttakendum í þjóðfélaginu. Kennsla fyrir fólk á aldrinum 18-22 ára fer fram á háskólasvæðum því það gefur tækifæri til samskipta við ófatlað fólk á svipuðum aldri. Skólarnir eru einnig á svæðum í námunda við almenningssamgöngur og í göngufæri við fjölda vinnustaða og ýmis konar afþreyingu. Sjálfsákvörðunarréttur og upplýsingar um réttindi og skyldur eru stór þáttur námsins. Eitt af því mikilvægasta í kennslunni er að þjálfarar nemendur í að tjá vilja sinn og standa á rétti sínum. Boðið er upp á hópa þar sem unnið er að því að gera nemendur hæfari til að:

- tjá sig um eigin mál
- leysa vandamál og taka sjálfstæðar ákvarðanir
- þekkja rétt sinn og skyldur
- leggja sitt af mörkum til þjóðfélagsins
- sætta sig við að vera öðruvísi
- geta tekið á fordómum og hindrunum



- efla sjálfsvitund
- leysa hversdagsleg vandamál.

Wehmeyer (2001) telur að undirbúningur undir fullorðinsár eigi að taka mið af sjö sviðum; vinnu, búsetu, hreyfanleika, fjárhagslegu sjálfstæði, að eignast vini, sjálfsmýnd og tómstundum. Að undirbúa nemendur fyrir atvinnulífið hefur mikið vægi, það er hverjum manni mikilvægt að fá laun, það hefur jákvæð áhrif á sjálfsmýndina að leggja sitt af mörkum til þjóðfélagsins og það auðveldar fólki að eignast nýja vini og öðlast félagslegan stuðning. Wehmeyer telur ekki síður mikilvægt að huga að framtíðarbúsetu. Spurning eins og „hvernig vil ég búa í framtíðinni?“ er mikilvæg og þarf að byrja snemma að vinna með. Vinna með hreyfanleika er einn þáttur, því eitt af því sem hindrar fatlað fólk eru erfiðleikar við að komast á milli staða og aðgangur að byggingum getur verið ófullnægjandi. Hefur nemandinn möguleika á að taka bílpróf og eignast eigin bíl, geta vinir og ættingjar aðstoðað eða þarf að tryggja nægjanlega ferðaþjónustu hins opinbera? Fjárhagslegt sjálfstæði er einn þeirra þátta sem flestir óska sér og fatlað fólk er þar engin undantekning. Gerð fjárhagsáætlana, það að þekkja gildi peninga og læra um réttindi fatlaðs fólks er því talinn mikilvægur þáttur kennslunnar. Það að halda sambandi við núverandi vini og mynda ný vinasambönd er talinn mikilvægur þáttur sem vinna skal með í náminu. Sjötti þátturinn lýtur að sjálfsmýnd nemandans og unnið er með þætti eins og tísku og fatnað. Síðasti þátturinn varðar tómstundir, hver eru áhugamál nemandans og hverjir eru möguleikar hans með tilliti til þess sem í boði er í umhverfinu?

Eins og áður segir er í námskrá frá árinu 2005 kominn inn kafli um tilfærsluáætlanir og er það nýjung frá fyrri námskrá. Þar segir að slíkar áætlanir skuli gerðar fyrir alla nemendur starfsbrauta. Í nýlegum rannsóknum (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2005; María Hildipórsdóttir, 2006) kom fram að skipulagning þeirra virðist vera skammt á veg komin og óljóst hvernig skuli standa að þeim. Búast má við að það taki tíma að koma gerð þeirra í framkvæmd hér á landi. Það er umhugsunarvert að þegar tekin er ákvörðun um jafn mikla breytingu á starfsemi starfsbrauta sem slík áætlanagerð hefur í för með sér er ekkert hugað að kunnáttu kennara í slíkri vinnu. Brýnt er að kennarar starfsbrauta fái kennslu í gerð

tilfærsluáætlana og að það verði hluti af endurmenntun þeirra sem kenna á starfsbrautum.

### **3.4 Ólík sjónarhorn á fötlun**

Það hvernig litið er á fötlun hefur mikil áhrif á þá þjónustu og það skipulag sem ríkir í málefnum fatlaðs fólks. Á þetta jafnt við um skólagöngu sem og aðra þjónustu sem veitt er. Hér á eftir verður gerð grein fyrir ólíkum sjónarhornum á fötlun.

#### **3.4.1 Læknisfræðilegt sjónarhorn**

Sjónarhorn sem byggja á læknisfræðilegum grunni hafa lengi litað nálgun og viðhorf fagfólks og almennings til fötlunar og þess þjónustukerfis sem fötluðu fólki er boðið upp á. Þetta sjónarhorn sem kallað er læknisfræðilegt sjónarhorn eða læknisfræðilega líkanið hefur verið ríkjandi mestan part 20. aldarinnar. Það lítur á fötlun sem andstæðu við það sem heilbrigt er og eðlilegt. Það leggur áherslu á að greina líkamleg og andleg afbrigði eða skerðingu og veita ráðgjöf um meðhöndlun, meðferð, endurhæfingu og umönnun. Þegar læknisfræðileg greining liggur fyrir þarfnast einstaklingurinn afskipta sérfræðinga, er háður öðrum og í þörf fyrir umönnun, lækningu, meðferð og þjálfun. Í gegnum tíðina hefur það verið algengt að fatlað fólk sé aðgreint frá ófötluðu fólki og samfélaginu og sett á sérstakar stofnanir sem ætlað er að þjóna því (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Læknisfræðilega líkanið um fötlun var grundvöllur hins alþjóðlega flokkunarkerfis um fötlun sem Alþjóða heilbrigðisstofnunin gaf út árið 1980 og nefndist *International Classification of Impairments, Disabilities and Handicaps* (ICIDH). Hugmyndafræði ICIDH var eingöngu sótt til læknisfræðinnar og litið var á skerðingu (*impairment*), fötlun (*disability*) og örorku (*handicap*) sem beina afleiðingu sjúkdóma eða röskunar á heilsufari. Gert var ráð fyrir því að fötlun væri bein afleiðing skerðingar. Ýmsir urðu til að gagnrýna þetta flokkunarkerfi og kom sú gagnrýni einkum frá hagsmunasamtökum fatlaðs fólks en einnig frá fagfólki innan endurhæfingar og félagslegrar þjónustu. Sérstaklega var gagnrýnt að ekki var tekið tillit til áhrifa umhverfisins á möguleika einstaklingsins til að gegna hlutverki sínu og ekki litið á fötlun sem félagslegt fyrirbæri (Snæfríður Þóra Egilsson og Guðrún Pálmadóttir, 2006; Thomas, 2002).

Árið 1993 var ráðist í gagngera endurskoðun á þessu kerfi. Þessi endurskoðun leiddi til útgáfu nýs kerfis sem nefnist *International Classification of Function, Disabilities and Health (ICF)*. Á íslensku útleggst það sem *Alþjóða flokkunarkerfið um færni, fötlun og heilsu*. Í hinu nýja kerfi er leitast við að samþætta andstæð sjónarhorn þ.e. sjónarhorn læknisfræðinnar og félagsleg sjónarhorn og eins og nafnið ber með sér eru breyttar áherslur. Í hinu nýja kerfi er aðal áherslan lögð á færni fólks í þeim aðstæðum sem það býr við en ekki á fötlun eða skerðingu (Snæfríður Þóra Egilsson og Guðrún Pálmadóttir, 2006).

Margir fræðimenn innan fötlunarfræðinnar eru gagnrýnir á ICF og segja að enn sé þar að finna orsakasamband milli skerðingar fólks og fötlunar. Enn sé litið fram hjá samfélagslegum hindrunum sem takmarki möguleika fatlaðs fólks til að taka þátt í daglegu lífi (Pfeiffer, 2000; Thomas, 2002).

### 3.4.2 Félagsleg sjónarhorn

Félagsleg sjónarhorn á fötlun leggja grunn að fötlunarfræði og eiga uppruna sinn meðal fatlaðra fræðimanna í Bretlandi og hagsmunahópa fatlaðs fólks í Bandaríkjunum. Félagsleg sjónarhorn á fötlun eru mörg en eiga það sameiginlegt að hafna læknisfræðilegu skilgreiningunni á fötlun. Lykilatriði í þessum félagslega skilningi er að aftengja orsakasamhengi milli líffræðilegra þátta (skerðingarinnar) og félagslegra þátta (fötlunarinnar) og lögð er áhersla á að hindranir í umhverfinu eigi stóran þátt í að skapa fötlun einstaklingsins (Dóra S. Bjarnason, 2003c; Rannveig Traustadóttir, 2003).

Breska félagslega líkanið, sem er hvað þekktast, er í anda marxískrar átakakenningar. Það hafnar skilgreiningum fagmanna á fötlun og þróar þess í stað eigin skilgreiningu með áherslu á hindranir samfélagsins. Það felur í sér róttæka endurskilgreiningu á fötlun. Það segir að vangeta fatlaðs fólks til að taka þátt í athöfnum þjóðfélagsins sé afleiðing þess hvernig þjóðfélagið er uppbyggt. Hindranir í umhverfinu skapi fötlun einstaklingsins. Þær eigi við á öllum sviðum – í húsnæði, menntun, vinnu, menningu, félagsstarfi, heilbrigðis- og félagsþjónustu svo eitthvað sé nefnt. Þessar félagslegu hindranir, sem taka bæði til líkamlegra þátta og viðhorfa, takmarka athafnir fatlaðs fólks. Hugtakið fötlun hefur því öðlast sömu tilvísun og kynjamisrétti, kynþáttamisrétti og önnur hugtök sem vísa til undirokaðra hópa (Thomas, 1999).

Talsverð gagnrýni hefur komið fram varðandi breska félagslega líkanið. Ein harðasta gagnrýnin er sú að hagsmunir fólks með ákveðnar skerðingar hafi verið sniðgengnir, eða ekki gerð góð skil, vegna þess að reynsla þess falli ekki vel að líkaninu. Er hér einkum átt við fólk með þroskahömlun, fólk með geðræna erfiðleika og heyrnarskert fólk. Hinn þröngi skilningur á fötlun er gagnrýndur þ.e. sá skilningur að allar hindranir sem fatlað fólk upplifir séu orsakaðar af félagslegum hindrunum. Bent er á að skerðingin geti að sjálfsögðu átt þátt í sumum hindrunum og þar með orsakað fötlun. Í öðru lagi er gagnrýnt að hugtakið „skerðing“ hefur verið sniðgengið í fræðilegri greiningu félagslega líkansins og skilin eftir í höndum læknisfræðilegrar þekkingar á meðan þróaðar hafa verið kenningar og fræðileg hugsun um hugtakið „fötlun“. Einnig er gagnrýnt að of mikil áhersla sé lögð á félagslegar og efnahagslegar hindranir og lítið sé gert úr menningarlegum þáttum og persónulegri reynslu af fötlun. Talið er að sá skilningur sem höfundar félagslega líkansins leggja í fötlun sé of þröngur. Þess í stað eigi að leggja meiri áherslu á að skilja fötlun sem felst í tengslum umhverfis og fólks með skerðingar. Að síðustu má nefna gagnrýni þeirra sem telja sig finna takmarkanir á félagslega líkaninu sem felast í því að það útiloki reynslu ákveðinna hópa fatlaðra á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, kynþáttar eða aldurs eða samþættingu þessara þátta. Þó að gagnrýni og umræða hafi skapað mikinn þrýsting á félagslega líkanið þá hefur hún jafnframt stórlega styrkt fötlunarfræði sem fræðigrein og vakið athygli á og eftl mjög fjölbreytni í fræðilegri umræðu (Rannveig Traustadóttir, 2003; Thomas, 1999). Nýleg bók Tom Shakespeare (Shakespeare, 2006) *Disability Rights and Wrongs* þar sem hann gagnrýnir breska félagslega líkanið hefur fengið mikil og hörð viðbrögð fylgismanna líkansins. Sú umræða sem skapast hefur í kjölfar bókarinnar kristallar þær ólíku áherslur og nálgun sem fræðimenn hafa á félagslega líkaninu (Sheldon, Traustadóttir, Beresford, Boxall og Oliver, 2007).

### 3.4.3 Norræna tengslalíkanið

Á Norðurlöndum er enginn einn skilningur ríkjandi á fötlun. Norski fræðimaðurinn Jan Tøssebro (Tøssebro, 2000) telur að unnt sé að greina sameiginlegar hugmyndir Norðurlandabúa og að þær einkennist af áherslunni á tengsl hins fatlaða og umhverfisins. Að hans mati eru þrjár meginþættir í norrænu nálguninni. Í fyrsta lagi að fötlun sé misgengi á milli einstaklings og þjóðfélags og að þetta tvennt falli ekki vel saman vegna þess að ekki sé gert ráð fyrir margbreytileika innan samfélagsins. Í

öðru lagi sé fötlunin bundin aðstæðum, til dæmis er barn með dyslexíu ófatlað í leikfimi. Í þriðja lagi er fötlun afstæð og hluti af ferli, ekki annaðhvort eða. Ekki eru sömu viðmið hjá þjóðum um það hvenær einstaklingsbundin líffræðileg einkenni eru skilgreind sem fötlun (Rannveig Traustadóttir, 2003; Tøssebro, 2000).

Hér á landi hefur hugtakið fötlun almennt verið notað sem yfirheiti um hópa fólks með ólíkar skerðingar. Skerðing og fötlun virðist í hugum fólks eitt og hið sama. Sú umræða sem átt hefur sér stað erlendis og er fjallað um hér að ofan hefur ekki nema að litlu leyti náð hingað. Það að samfélagslegir þættir og hindranir eigi stóran þátt í að orsaka fötlun hefur ekki náð inn í umræðu hér á landi. Þó má greina breytingar þar á. Félagsmálaráðuneytið gaf út bækling undir heitinu *Mótum framtíð* í nóvember 2006. Í grein 2.5.1 þar sem fjallað er um fötlun og samfélag segir: „Miklu varðar að jafnan sé litið á hugtakið fötlun frá félagslegu sjónarhorni. Í því felst að fyrir því séu einnig félagslegar ástæður að fólk með skerta færni eigi þess ekki kost að taka fullan þátt í samfélaginu til jafns við aðra. Hugtakið lýtur þannig að tengslum einstaklings með skerta færni og umhverfis hans“ (Félagsmálaráðuneyti, 2006b, bls. 12).

## **Samantekt**

Ein af aðaláherslum fötlunarfræða er fullgild samfélagsleg þátttaka. Fram kom að stefna í skólamállum hér á landi byggir á hugmyndafræði um fulla þátttöku fatlaðra nemenda í samfélaginu og nám án aðgreiningar. Gerð var grein fyrir fullorðinshlutverkum og fötlun og fram kom að fullorðinshlutverk fatlaðra ungmenna eru oft á tíðum ólík ófatlaðra jafnaldra þeirra. Tilfærsluáætlanir eru nýjung í skipulagningu náms á starfsbrautum framhaldsskóla. Þær eru gerðar fyrir fötluð ungmenni og miða að því að halda utan um alla þætti sem vinna á með sem undirbúning undir fullorðinsár. Í lok kaflans var sagt frá ólíkum sjónarhornum á fötlun. Fram kom að þau hafa mikil áhrif á viðhorf fólks og það hvernig nám og þjónusta við fatlað fólk er skipulagt.

Í næsta kafla segi ég frá framkvæmd rannsókna, rannsóknaraðferðum og þátttakendum í rannsókn minni.

## 4 Framkvæmd rannsóknar

Hér á eftir er gerð grein fyrir rannsókninni, markmiði hennar, aðferð, gagnasöfnun og greiningu. Einnig geri ég grein fyrir þátttakendum og að síðustu fyrir þeim aðferðafræðilegu áskorunum sem ég stóð frammi fyrir við gerð rannsóknarinnar.

### 4.1 Markmið

Markmið rannsóknar minnar var að kanna tilfærslu fatlaðra ungmenna frá skóla til fullorðinsára á starfsbrautum framhaldsskóla. Hver er tilgangur námsins og hvers konar menntunar hafa nemendur aflað sér við útskrift? Til þess að leita svara við þeim spurningum talaði ég við fjóra fyrrum nemendur sem höfðu stundað nám á starfsbrautum tveggja framhaldsskóla. Liðin voru 1-2 ár frá útskrift þegar viðtölin voru tekin. Kannað var hvernig nemendur mátu námið í ljósi reynslu sinnar eftir að skóla lauk og hvernig þeim hafði vegnað varðandi atvinnu. Ég tók einnig viðtöl við kennara starfsbrautanna. Hjá þeim fékk ég upplýsingar um skipulag námsins, námskrá nemendanna, viðhorf þeirra og hvernig staðið var að tilfærslu þeirra. Ég tók líka viðtöl við tvær mæður og einn föður nemenda til að fá upplýsingar um þátttöku þeirra í tilfærsluferlinu. Samtals gerir þetta níu þátttakendur í rannsókninni.

### 4.2 Rannsóknarspurningar

Rannsóknin beindist fyrst að því að kanna á hvern hátt unnið var að tilfærslu nemenda frá skóla yfir í atvinnulíf. Eins og algengt er í eigindlegum rannsóknum (Pidgeon og Henwood, 2004; Silverman, 2000) breyttust rannsóknarspurningarnar þegar ég byrjaði að taka viðtölin og greina þau. Mér fannst sú ákvörðun að horfa eingöngu á tilfærslu til atvinnu of þröng. Ég ákvað því að rannsaka einnig fleiri þætti skólastarfsins og beindist áhugi minn að því að skoða hvernig skólarnir vinna að tilfærslu nemenda sinna til fullorðinsára. Rannsóknarspurningar eru eftirfarandi:

- Hver er tilgangur náms á starfsbrautum samkvæmt námskrá. Með hvers konar menntun útskrifast nemendur og hvaða réttindi veitir námið þeim?
- Hvernig er unnið að tilfærslu nemenda frá skóla til fullorðinsára?

Til að skýra nánar þá þætti sem kannaðir voru í tilfærsluferlinu set ég fram eftirfarandi undirspurningar:

- Hvernig er staðið að tilfærslu nemenda frá skóla yfir í atvinnulíf?
- Hvernig er unnið að undirbúningi fyrir fullorðinsár?
- Hver er þátttaka nemenda við skipulagningu námsins? Hvaða valmöguleika hafa þeir í náminu?
- Hver er þátttaka foreldra í tilfærsluferli barna sinna?

### **4.3 Aðferð**

Rannsóknin byggði á eigindlegri aðferð og gagnaöflun fór fram með viðtölum. Í eigindlegum viðtölum hlustar rannsakandinn á það sem fólk hefur að segja um líf sitt, það tjáir skoðanir sínar með eigin orðum; skoðanir á vinnu sinni og fjölskyldulífi, draumum sínum og vonum. Leitast er við að skilja reynslu þátttakenda frá þeirra eigin sjónarhorni, leiða í ljós reynslu þeirra og kynnast veröld þeirra í gegnum frásagnir þeirra (Kvale, 1996). Umræðuefnið er fyrirfram ákveðið af rannsakanda en innihald samræðnanna ekki. Mikilvægt er að hafa í huga að ekki er ætlast til þess að alhæft sé út frá niðurstöðum eigindlegra rannsókna (Bogdan og Biklen, 1998). Niðurstöður rannsóknar minnar eiga því eingöngu við þá tvo framhaldsskóla og þá nemendur sem rannsóknin náði til.

#### **4.3.1 Hálfopin viðtöl**

Viðtölin sem ég tók í rannsókn minni falla undir það sem kallað er hálfopin (e. *semi structured*) viðtöl. Þau hentuðu rannsókn minni vel þar sem markmiðið var að fá sem gleggsta mynd af reynslu þátttakenda. Í hálfopnum viðtölum er leitað svara við nokkrum meginspurningun en þær þurfa ekki endilega að vera í ákveðinni röð. Síðan er spurt dýpkandi spurninga til að leita dýptar og blæbrigða í svörum (Bogdan og Biklen, 1998).

Bent hefur verið á að rannsakandi þurfi að gera sér grein fyrir eigin afstöðu og fordómum því hvoru tveggja getur haft áhrif í viðtalinu og einnig á túlkun og niðurstöður (Bogdan og Biklen, 1998). Ég var meðvituð um það og leitaðist við að láta ekki fyrirfram gefnar hugmyndir mínar um efnið hafa áhrif í rannsóknarvinnunni.

Ég hef mikla reynslu af starfi og samskiptum við fólk með þroskahömlun. Ég vissi því fyrir að viðmælendur mínir úr hópi fyrrverandi nemenda gætu átt erfitt með að tjá skoðanir sínar og að það gæti ekki alltaf hentað að spyrja opinna spurninga. Ég varð mér því úti um lesefni þar sem fjallað er um hvernig best er að taka viðtöl við fólk með þroskahömlun. Booth og Booth (1998) benda á að forðast skuli opnar og óskýrar spurningar. Forðast skal að spyrja út í tímasetningar þar sem fólk með þroskaskerðingu á oft í erfiðleikum með að muna hvenær ákveðnir atburðir gerðust. Walmsley (1998) bendir á að varast skuli flókin hugtök og að nota eigi orð sem viðmælendur skilja. Niðurstaða mín var sú að ég spurði beinna spurninga þar sem mér fannst þörf á skýrum svörum um einstök atriði. Ég gætti þess jafnframt að viðmælendur mínir fengju tækifæri til að segja frá því sem þeim var mikilvægt.

### 4.3.2 Gagnasöfnun

Eins og áður segir aflaði ég gagna með viðtölum við níu manns, fjóra fyrrum nemendur starfsbrauta, þrjá foreldra og tvo kennara, einn af hvorri starfsbraut. Viðtölin voru tekin á tímabilinu apríl 2004 til febrúar 2005. Viðtölin við nemendur og foreldra fóru fram á heimilum þeirra en viðtöl við kennara á vinnustöðum þeirra. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar samkvæmt reglum um tilkynningaskyldu.

Fyrir viðtal fengu þátttakendur upplýsingar um rannsóknina og þeir gáfu skriflegt samþykki fyrir þátttöku sinni í henni. Í upplýsingum um rannsóknina kom einnig fram að þeir gætu hætt þátttöku á hvaða stigi rannsóknarinnar sem væri. Viðtölin tóku 1-1½ klukkustund. Þau voru hljóðrituð og síðan afrituð orðrétt. Eftir hvert viðtal skrifaði ég vettvangsnótur. Þar gerði ég samantekt á upplifun minni af viðtalinu og lýsti tilfinningum mínum og hugsunum eins og ég mundi þær best eftir viðtalið.

Við gagnasöfnun studdist ég einnig við skrifaðar upplýsingar frá skólunum, bæði á prenti og á heimasíðum skólanna. Ég gef ekki upp þessar heimildir, með því væri ég að brjóta trúnað við viðmælendur mína. Þær upplýsingar sem ég fékk með þessum hætti skipta heldur ekki sköpum fyrir niðurstöður rannsóknarinnar.

Ég skoðaði líka námskrár fyrir starfsbrautir framhaldsskóla. Þegar þátttakendur mínir úr hópi nemenda voru í framhaldsskóla var unnið eftir námskrá sem gefin var út árið 2000. Ný námskrá kom síðan út árið 2005. Eins og fram hefur komið hafa nokkrar breytingar verið gerðar á nýju námskránni. Skoðaði ég þær breytingar með það í huga að sjá þá þróun sem hefur orðið á þessu fimm ára tímabili.



### 4.3.3 Gagnagreining

Greining fór fram eftir viðmiðum grundaðrar kenningar (e. *grounded theory*) með stöðugum samanburði (e. *constant comparative method*). Grunduð kenning er tækni til þess búa til kenningar sem spretta af gögnum. Í því felst að lesa gögnin, leita að orðum og setningum, kóða gögnin og draga út þemu. Leitast er við að finna tengsl, draga ályktanir og þróa fræðilegar hugmyndir (Silverman, 2003; Strauss og Corbin, 1994). Ég notaði fyrst opna kóðun, fann hugtök og þemu sem ég ákvað að vinna með. Ég notaði síðan öxulkóðun þar sem ég tengdi markvisst ákveðna þætti og þemu sem fram komu í viðtölunum og leitaði orsaka, afleiðinga og samhengi þessara þátta (Strauss og Corbin, 1994).

Greiningarflokkar voru ekki fyrirfram ákveðnir, heldur þróaði ég þá á þeim tíma sem gagnasöfnun fór fram. Ég byrjaði að vinna úr viðtölunum samhliða gagnasöfnun. Með því móti hafði ég möguleika á að finna nýja flokka sem ég svo lagði áherslu á í næstu viðtölum (Bogdan og Biklen, 1998; Silverman, 2000).

Til að auka trúverðuleika rannsóknarinnar bauð ég þátttakendum að lesa viðtölin þegar búið var að rita þau upp og frumgreina og fengu þeir þannig tækifæri til að leiðrétta ef þeim fannst eitthvað vera óskýrt eða á einhvern hátt öðruvísi en þeir vildu sjá það (e. *respondent validation*, sjá t.d. Silverman, 2000). Ég las viðtölin yfir með þeim sem þurftu á hjálp að halda við það. Fimm af níu þátttakendum kusu að lesa yfir viðtölin. Með þessu móti tel ég mig hafa fengið meiri og ítarlegri upplýsingar þar sem nokkrir þátttakendur bættu við frásögn sína þegar ég bar viðtalið undir þá. Það ætti einnig að auka trúverðuleika rannsóknarinnar að ég leitaði upplýsinga frá fleiru en einu sjónarhorni (e. *triangulation* sjá t.d. Schwandt, 2001) þar sem ég talaði við nemendur, foreldra og kennara.

Rannsókn mín beindist að nemendum tveggja starfsbrauta framhaldsskóla. Niðurstöður hennar hafa því ekki alhæfingargildi fyrir aðra skóla eða aðra nemendur innan starfsbrautanna sem þátt tóku í rannsókn minni.

### 4.3.4 Þátttakendur

Eins og áður hefur komið fram leitaði ég ekki eftir greiningum sem viðmælendur mínir úr hópi fyrrum nemenda kunna að hafa en allir eru þeir með þroskaskerðingu. Þeir hafa allir talmál en áttu misauðvelt með að tjá sig. Einn viðmælandi notaði mest eins atkvæða orð og þurfti því beinar spurningar á meðan annar tjáði sig í löngu og

blæbrigðaríku máli. Ég þekkti engan viðmælenda minna áður en viðtöl fóru fram. Eftir að ég hóf störf í Fjölmennt hef ég kynnst nokkrum þeirra vel. Við nánari kynni fékk ég ýmsar upplýsingar um marga þætti sem ég fjalla um í rannsókninni, upplýsingar sem ekki koma fram í viðtölunum. Þetta gerði það að verkum að túlkun mín á því sem fram kemur í viðtölunum litast stundum af þeim viðbótarupplýsingum sem ég hef fengið síðar. Tel ég þetta vera kost þar sem ég hef fengið mun ítarlegri upplýsingar og að það skili sér í meiri og dýpri skilningi á viðfangsefninu en ella hefði orðið.

#### **4.3.5 Val á þátttakendum.**

Ég ákvað að gera rannsókn á starfsbrautum tveggja framhaldsskóla, öðrum á Reykjavíkursvæðinu og hinum á landsbyggðinni. Skólunum eru gefin nöfnin *Fjallaskóli* og *Dalaskóli*. Val skólanna er tilkomið þannig að ég kannaðist við kennara starfsbrautanna tveggja. Báðir lýstu sig reiðubúna að vera þátttakendur í rannsókninni og gefa mér upp nöfn fyrrverandi nemenda. Enginn fyrrum nemenda sem ég leitaði til neitaði þátttöku. Í upphafi rannsóknar var ætlunin að tala við tvo nemendur frá hvorum skóla en það fór svo að ég talaði við einn nemanda frá *Dalaskóla* og þrjá frá *Fjallaskóla*.

Hér á eftir er stutt lýsing á hinum fyrrverandi nemendum sem tóku þátt í rannsókninni. Tekið skal fram að þetta eru ekki þeirra réttu nöfn. Þegar talað er um árafjölda frá útskrift er miðað við þann dag sem viðtölin eru tekin.

*Kári Sigurðsson.* Kári býr á sambýli ásamt fjórum öðrum manneskjum. Hann útskrifaðist fyrir tveimur árum af starfsbraut framhaldsskóla. Hann er atvinnulaus fyrir utan það að sinna öðru hvoru ýmsum störfum fyrir fjölskyldu sína sem hann fær greitt fyrir.

*Birna Sigurþórsdóttir.* Birna býr heima hjá foreldrum sínum. Hún útskrifaðist fyrir tveimur árum af starfsbraut framhaldsskóla. Sumarið eftir útskrift vann hún á vernduðum vinnustað. Hún er núna atvinnulaus.

*Ingibjörg Ásgeirsdóttir.* Ingibjörg útskrifaðist fyrir einu ári af starfsbraut framhaldsskóla. Hún fékk vinnu í kjölfar starfsnámsins en missti nýlega vinnuna og er núna án atvinnu.

*Logi Kristjánsson.* Logi útskrifaðist af starfsbraut framhaldsskóla fyrir tveimur árum. Hann býr í foreldrahúsum og vinnur verkamannavinnu á almennum vinnumarkaði.

Hjá fyrrum kennurum þessa unga fólks fékk ég upplýsingar um skipulag og tilgang námsins og hvernig skólinn vann að tilfærslu nemenda til fullorðinsára. Kennarana nefni ég *Guðlaugu Tryggvadóttur* og *Rut Kristjánsdóttur*.

Mér fannst nauðsynlegt að fá sýn foreldra á framhaldsskólanám barna sinna og þátt þeirra í skipulagningu námsins. Ég tók viðtöl við tvær mæður og einn föður. Voru þetta foreldrar þriggja nemenda sem tóku þátt í rannsókninni. Hjá þeim fékk ég upplýsingar um samstarf þeirra við skólana og aðkomu þeirra að námi barna sinna. Foreldrum eru gefin nöfnin *Guðrún Róbertsdóttir*, *Kristrún Ásmundsdóttir* og *Sigurþór Guðmundsson*.

#### **4.3.6 Aðferðafræðilegar áskoranir**

Starfsbrautir framhaldsskóla eru hvorki margar né fjölmennar. Nemendur brautanna hafa gjarnan verið saman í grunnskóla og eru saman í félagsstarfi og þekkjast því vel. Kennarar og starfsfólk brautanna er ekki margt og það þekkest á milli skóla. Því má segja að samfélag þessara starfsbrauta sé fámennt og auðþekkjjanlegt. Það gerði það að verkum að ég þurfti að íhuga vandlega hvernig ég skrifaði um og vitnaði í viðtölin þannig að viðmælendur mínir þekktust ekki. Nafnleynd og trúnaður skiptir miklu máli í eigindlegum rannsóknum ef um viðkvæmt efni er að ræða. Lýsingar á skólum og þátttakendum eru því stuttar. Í niðurstöðuköflum ákvað ég að nota töluvert af tilvitnunum í svör þátttakenda. Mér finnst það glæða frásögnina lífi og auka trúverðugleika hennar. Það setti mér hins vegar þann vanda á herðar að gera það á þann hátt að viðmælendur þekktust ekki. Til að gæta nafnleyndar þurfti ég því að gera meira en að breyta nöfnum. Ég breytti einnig aðstæðum viðmælenda en tel mig hafa gert það á þann hátt að það hafi ekki áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar.

Næstu tveir kaflar eru niðurstöðukaflar rannsóknarinnar. Í fyrri kafla leitast ég við að svara því hver sé tilgangur náms á starfsbrautum, með hvers konar menntun nemendur útskrifast og hvaða réttindi námið veitir þeim. Hinn kaflinn fjallar um á hvern hátt skólarnir vinna að tilfærslu nemenda sinna frá skóla til fullorðinsára.

## 5 Nám á starfsbraut

Þegar unglingar velja sér framhaldsnám eru þeir að velja sér leið að framtíðarstarfi. Sá skóli og það nám sem þeir velja hefur því mikil áhrif á framtíð þeirra. Eins og fram kom í fræðilega kaflanum vinna starfsbrautir eftir námskrá starfsbrauta en hafa nokkuð frjálsræði um innra starf sitt. Þessi kafli skýrir í fyrsta lagi tilgang og skipulagningu námsins frá sjónarhorni skólanna tveggja sem rannsóknin náði til. Síðan eru niðurstöður er varða tilfærslu til fullorðinsára teknar saman. Fjallað er um hvaða möguleika nemendur hafa á því að velja námsgreinar og um þátttöku foreldra í tilfærsluferli barna sinna. Í fjórða og fimmta hluta kaflans eru síðan niðurstöður er varða undirbúning fyrir sjálfstæða búsetu og þátttöku nemenda í félagsstarfi skólanna.

### 5.1 Skipulag námsins

Í báðum skólunum sem rannsóknin náði til var ytra skipulag með svipuðum hætti og tíðkast í áfangakerfi framhaldsskóla. Náminu var skipt í áfanga sem nemendur fengu einingar fyrir. Rut Kristjánsdóttir kennari í Dalaskóla lýsti nemendahópnum hjá sér á eftirfarandi hátt:

Þessi deild hér er frekar víð og nýjasta skilgreiningin er að hún sé fyrir þá sem ekki geta nýtt sér nám á öðrum brautum skólans. Bæði fatlaðir og þeir sem að hafa átt mjög erfitt uppráttar í grunnskólanum eða verið með einstaklingsnámskrá þar... ekki farið í samræmd próf. Þannig að þetta svona spilar yfir allt.

Í Fjallaskóla var aðsókn nýnema meiri en hægt var að sinna á ári hverju. Horft var á nemendahópinn sem fyrir var þegar teknir voru inn nýjir nemendur. Guðlaug Tryggvadóttir kennari sagði um nemendahópinn hjá sér:

Það eru náttúrulega of fá pláss í framhaldsskólum, já heldur betur... við gátum ekki tekið nema helminginn sem sótti um og við veljum svolítið. Við horfum á nemendahópinn sem er fyrir þannig að það sé svona jafnvægi í hópnum og við höfum verið með alltof fáar stelpur þannig að það er plús að vera stelpa. Við skoðum líka hvort þessa eða hina vanti féлага... er ekki gott að þessi komi þarna inn?

Í rannsókn Kristínar Björnsdóttur (2002) kemur fram að einhverjar starfsbrautir framhaldsskóla setja ákveðin inntökuskilyrði. Þau geta verið að nemendur séu læsir og skrifandi eða hafi forsendur til að læra á vélar og tæki. Fatlaðir nemendur hafa því í mörgum tilfellum ekki val um það í hvaða framhaldsskóla þeir stunda nám. Ekki kom fram í viðtölunum við kennarana að slík inntökuskilyrði væru fyrir hendi og eins og fram kom í viðtalinu við Guðlaugu var frekar horft til félagslega þáttarins við inntöku nýnema.

Hvorugur skólinn skilgreindi sig sem starfsbraut 1, 2 eða 3. Guðlaug sagði:

Nei, við neitum að gera það, við viljum ekki... komumst upp með það. Við erum bara starfsbraut 1, 2 og 3 af því að okkur finnst þetta ekki rétt, okkur finnst ekki rétt þegar að það er talað um í grunnskóla einn skóli fyrir alla og svo á allt í einu að fara að flokka þegar þú kemur í framhaldsskólann, við erum algjörlega á móti því.

Mikil breidd var í nemendahópum beggja starfsbrauta. Þar voru nemendur með þroskaskerðingu sem stunduðu nám sitt eingöngu á starfsbrautinni en einnig nemendur með sértæka námsörðugleika. Sem dæmi má nefna nemanda sem var á húsasmíðabraut og fékk stuðning við námið á starfsbrautinni. Hann átti í miklum erfiðleikum með íslensku og stærðfræði. Annar nemandi var á rafvirkjabraut og fékk sams konar stuðning. Þessir nemendur stunduðu sitt nám að öðru leyti á viðkomandi brautum og munu að öllum líkindum útskrifast sem húsasmiður og rafvirki eftir nokkur ár. Samt voru þessir nemendur samkvæmt skipulagi nemendur starfsbrautar. Þegar við Guðlaug ræddum þessi mál sagði hún að þessir nemendur ættu að baki tiltekinn tímafjölda. Hún sagði að það þyrfti að ná til fleiri nemenda sem væru í svipaðri stöðu:

Við vitum að það er fullt af nemendum á almennum brautum sem eiga í erfiðleikum bæði með íslensku og stærðfræði eða sérstaklega „dyslexíu nemendur“. Við gætum tengst þessum nemendahópi af því að það er oft bara þessi stuðningur sem þarf, vera kannski með lestrarnámskeið og bjóða upp á einhverja daga í viku, kannski fjóra tíma í viku, þar sem við værum með aðstoð við íslenskunám og stærðfræði. Við höfum verið að reyna að opna þessa braut, það gæti komið í veg fyrir brottfall... af því að þessir nemendur gefast bara upp.

Svipað kerfi var við lýði í hinum skólanum. Þar gátu nemendur af öðrum brautum skólans sótt um námsstuðning á starfsbrautinni. Rut sagði:

Lestrarörðugleikar eru ekki gild ástæða, því þau eru búin að fá og þurfa að læra að vinna með það sjálf, því að þau fá alla þjónustu, þau fá hljóðbækur, þau fá lituð blöð og þau fá lengri tíma þannig að þetta eru ekki krakkar sem

við sinnum. Heldur eru það þessir krakkar sem hafa til dæmis fallið tvisvar í grein eða verið í fornáminu og eru komnir uppúr því og svo stranda þeir. Þetta eru „Tourette krakkar“, einhverjir sem eru mikið ofvirkir, þetta er þessi pakki, með sértæka námsörðugleika...

Hún sagði það ekki skipta máli þó að kennarar á starfsbrautinni væru ekki menntaðir í námsgreinunum sem þessir nemendur væru í. Þeir hjálpuðu þeim að halda utanum skipulagið og það væri það sem skipti máli: „Við erum með kennsluáætlanirnar og þöllum uppá... segjum ertu búinn að þessu, þú átt að vera búinn að þessu. Eða taktu til í töskunni þinni, komdu með þetta.“ Hún sagði að það væri skilningur á þessu hjá yfirvöldum skólans en „þetta er svona á gráu svæði af því að þetta eru ekki skilgreindir krakkar inná starfsbraut, þannig að þetta er peningalega á gráu svæði“. Á fundi með námsráðgjafa og skólameistara var ákveðið að halda þessu áfram og næsta haust eru 12-14 nemendur sem verða í þessum stuðningstímum hjá þeim. Rut sagði þetta gott fyrirkomulag. Þessa tíma væri hægt að samnýta með öðrum nemendum starfsbrautar:

Krakkarnir á brautinni hjá okkur sem eru úti í almenna náminu fá stuðning við það nám, stuðningurinn blandast inn í þennan stuðning þannig að svoleiðis reynum við að blanda þeim. Við getum það þar, við getum ekki blandað þeim í áfangana sem við skipuleggjum á starfsbrautinni.

Nemendur beggja starfsbrauta stunduðu nám sitt að einhverju leyti á öðrum brautum skólans. Þetta átti þó ekki við um alla nemendur. Guðlaug sagði: „Allir sem mögulega geta sækja áfanga á almennum brautum“. „Við ýtum þeim þangað“ sagði Rut. Seinna í viðtalinu kom fram að þetta átti ekki við um alla nemendur Rutar því ári áður höfðu tveir nemendur stundað nám sitt eingöngu á starfsbrautinni. Í máli Rutar mátti greina mikinn vilja til þess að nemendur stunduðu nám á öðrum brautum eins og lýsir sér í eftirfarandi orðum:

Þau geta heilan helling, það er bara að koma þeim út til þess, spenna bogann, hversu langt komast þau. Ef þetta gengur upp þá er það bara mjög gott, þá höldum við áfram. Ef að það gengur ekki þá bara snúum við við á miðri leið eða lækku kröfurnar.

Í báðum skólum þurfti að útbúa nánast allt námsefni sem kennt var á starfsbrautunum. Það efni sem til var fyrir framhaldsskólanám og hægt var að nota við kennsluna þurfti að laga að nemendum. Hingað til hefur lítil samvinna verið milli starfsbrauta varðandi námsefnisgerð og um starf brautanna almennt.

Rut sagði:

Og hugsaðu þér allir áfangarnir sem kenndir eru á starfsbrautum, hvað búið er að skipuleggja þegar allt er sett saman, margir áfangar... Ef að það væri eitthvað hægt að samvinna þetta og nýta, eins og hjá okkur við viljum helst eiga fimm áfanga í íslensku, fimm áfanga í stærðfræði því að breiddin á nemendum getur verið svona þó innihaldið í náminu sé það sama þá er útfærslan bara mismunandi, þannig að við þurfum ekki alltaf að skipuleggja frá grunni.

Af ofangreindu sést að starfsbrautir beggja skólanna sinntu nemendum sem ekki féllu undir skilgreiningu námskrár fyrir starfsbrautir. Þetta voru nemendur með sértæka námsörðugleika og þeir nemendur sem líklegastir voru til að flosna upp úr námi. Nemendahópurinn sem kennarar starfsbrautanna sinntu var því mjög ólíkur innbyrðis.

Segja má að framhaldsskólanám fatlaðra ungmenna taki mið af hugmyndum blöndunar. Starfsbrautir eru staðsettar í almennum framhaldsskólum. Einhverjir nemendur stunda nám á almennum brautum og nemendur hitta nemendur annarra brauta í frímínútum og matsal. Rannsóknir (Kristín Björnsdóttir, 2002; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2005) sýna einnig að nemendur starfsbrauta stunda að einhverju leyti nám á öðrum brautum. Enn virðist þó langt í land að framhaldsskólinn starfi eftir hugmyndafræði náms án aðgreiningar. Þær upplýsingar sem koma fram í máli Guðlaugar og Rutar sýna hvað framhaldsskólinn er vanbúinn til þess að takast á við nemendur með ólíkar námsþarfir, að nemendur með sértæka námsörðugleika skuli sækja aðstoð við námið á starfsbraut í stað þess að fá aðstoð á þeirri braut sem þeir stunda nám sitt á. Eins og áður hefur komið fram er skólaþróun í átt að námi án aðgreiningar lengra komin í leik- og grunnskólum en í framhaldsskólum (Brynhildur Flóvenz, 2004). Dóra S. Bjarnason (2003c) bendir á að það sé flóknara og erfiðara í framkvæmd vegna þess að framhaldsskólarnir séu stærri og námið sérhæfðara. Kennarar eru menntaðir hver í sinni grein og horfa á innihald námsins frekar en að einstaklingsmiða kennsluna. Í rannsókn Kristínar Björnsdóttur (2002) kom fram að kennarar töluðu allir um að mikil vinna færi í undirbúning kennslu fatlaðra nemenda. Áfangar framhaldsskólanna væru þéttsetnir og kennarar þyrftu að sinna stórum hópi nemenda. Þeir kennarar sem kenndu fötluðum nemendum með ófötluðum nemendum fengu ekki viðurkenningu á því frá skólastjórnendum og í engum tilvikum var veittur aukinn tími til undirbúnings og aðlögunar kennsluefnis.

Hvorug starfsbrautin gerði tilfærsluáætlanir fyrir nemendur sína. Sem fyrr segir voru viðtölin fyrir rannsóknina tekin þegar unnið var í samræmi við námskrá frá árinu 2000 og þar var ekki kveðið á um gerð þeirra. Bæði Guðlaug og Rut könnuðust við slíka áætlanagerð og höfðu fullan hug á að taka upp slík vinnubrögð fyrir sína nemendur. Í öðrum skólanum var verið að vinna þróunarvinnu sem minnti mjög á gerð tilfærsluáætlana. Þróunarvinnan náði yfir árin fjögur og innihélt bæði þarfagreiningu og árangursmat og voru nemendur og foreldrar þátttakendur. Í hinum skólanum stóð yfir þróunarvinna um starfsnámið. Starfsfólk beggja starfsbrauta var með því að leita leiða til þess að bæta og þróa starfið og kennsluna.

## **5.2 Tilgangur námsins**

Aðalnámskrá framhaldsskóla, almennur hluti (Menntamálaráðuneyti, 2004) segir að uppbygging framhaldsskólanáms skuli miðast við lokamarkmið viðkomandi námsbrautar. Ef tekið er dæmi um nemanda sem hefur nám í húsasmíði þá er lokamarkmiðið að hann útskrifist sem húsasmiður, sá sem hefur nám í skósmíði útskrifast sem skósmiður. Engin skilgreind lokamarkmið er að finna í námskrá fyrir starfsbrautir. Víða er að finna setningar eins og „stefnt skal að“, „æskilegt er“, „leitast skal við“ og „fái tækifæri til“ þegar verið er fjalla um markmið kennslunnar. Víða er líka talað um að „fjölga möguleikum“ nemenda og að „auka reynslu“ þeirra. Nemendur útskrifast því ekki með neina menntun sem veitir þeim tiltekin réttindi á atvinnumarkaði.

Þegar spurt var um tilgang námsins og hverju það ætti að skila nemendum svaraði Rut:

Já það er... mér finnst við flokka þau dálítið niður. Þetta fer eftir því hvernig þau eru stödd. Sum... tilgangurinn með eins og til dæmis hjá krökkunum sem eru hérna núna sem eru frekar vel stödd... tilgangurinn er að þau samsami sig lífinu hérna í skólanum og nái grunnáföngum og líka er starfsnámið það er megin tilgangurinn að þau fái innsýn í atvinnuna og að þau eigi auðveldara með... Við getum náttúrulega ekki tryggt þeim vinnu en að þau eigi auðveldara með að fá sér vinnu. Síðan er það svo tilgangurinn eins og með eina hérna það er þetta daglega, bara málörvun og ýmislegt í sambandi við fínhreyfingar, jafnvel að muna hvar hún á heima og geta sagt símanúmerið sitt.

Samkvæmt þessu var tilgangur námsins ekki sá sami fyrir alla nemendur. Í fræðilega kaflanum var bent á mikilvægi þess að taka mið af lífsgæðum nemenda þegar námið



er skipulagt í stað þess að horfa á skerðingar eða fötlunarstimpil viðkomandi. Ef tekið er mið af skerðingum verður áherslan á takmörkum nemandans í stað þess að horfa á hans sterku hliðar. Bent hefur verið á mikilvægi þess að setja metnaðarfull markmið fyrir alla nemendur (Wehman, Brooke og Inge 2001). Ganga verður út frá því að allir eigi, óháð fötlun, að hafa möguleika og rétt til vinnu. Að horfa eigi á alla nemendur út frá styrkleika þeirra og áhuga í stað fötlunar.

### **5.3 Valmöguleikar nemenda**

Nemendur almennra brauta í framhaldsskólum hafa töluvert val í námi sínu og hafa þannig tækifæri til að hafa áhrif á námsferil sinn. Taka verður viss kjarnafög en síðan er hægt að velja sér námsgreinar eftir áhuga. Í námskrá fyrir starfsbrautir (Menntamálaráðuneyti, 2005) er kveðið á um að nemendur eigi að vera með í ráðum þegar tekin er ákvörðun um nám þeirra. Það er jafnframt talið mikilvægt að hlusta á óskir þeirra. Í umfjöllun um tilfærsluáætlanir í fræðilega kaflanum kom fram mikilvægi þess að nemendur væru þátttakendur í skipulagningu námsins. Liður í rannsókninni var því að kanna hvaða möguleika nemendur á starfsbraut skólanna tveggja hafa á vali í námi sínu. Niðurstöður varðandi þann lið fara hér á eftir og eru fengnar úr viðtölum við fyrrum nemendur, foreldra og kennara.

Rut lagði mikla áherslu á að nemendur hennar hefðu sem mest val í námi sínu. Væntanlegir nemendur komu í heimsókn á vorin með kennurum sínum úr grunnskólunum. Rut tók á móti þeim og ræddi við þá um væntingar þeirra og hvað þeir ætluðu sér í framtíðinni. Á þennan hátt var hún að kanna áhugasvið tilvonandi nemenda. Nemendur komu síðan aftur með foreldrum sínum og sóttu formlega um. Þá lágu áfangalýsingar fyrir og upplýsingar um námsframboð. Rut útskýrði þetta þannig: „Þannig að þau velja, þau upplifa þannig að þau velji sjálf... hvaða áfanga þau vilja taka“. Hún ítrekaði margoft í viðtalinu að þetta væri mjög mikilvægt. Móðir nemanda við skólann sagði að sonur hennar hefði sjálfur ákveðið hvaða greinar hann vildi taka: „Hann tók algjörlega ákvörðun um hvað hann vildi hafa sem valgreinar. En náttúrulega held ég að það hafi nú verið í samráði við kennarana. Fengið svona aðstoð“.

Guðlaug sagði að nemendur væru með í ráðum þegar tekin væri ákvörðun um námsgreinar. Þegar þeir hefja nám við skólann er aðaláhersla í náminu ákveðin í

samráði við nemendur og foreldra. Nemendur fara með blað heim með sér á vorin þar sem þeir setja fram óskir um námsgreinar næsta vetrar. Guðlaug sagði einnig:

Ef einn hefur sérstakan áhuga á hönnun eða myndlist eða einhverri annarri grein eða einhverju öðru þá getur hann merkt við á þessu blaði þannig að þá erum við komin með alveg staðfest, undirskrifað af nemenda og eða forráðamanni... þannig að við reynum að mæta óskum.

Hver nemandi var með sína námskrá og Guðlaug sagði að enginn nemandi væri með eins stundatöflu. „Ef óskað er eftir að vera ekki í heimilisfræði heldur í einhverju öðru þá reynum við að mæta því að sjálfsögðu“.

Þrátt fyrir að kennararnir leggðu áherslu á að nemendur hefðu valmöguleika í námi sínu höfðu ekki allir nemendur sem þátt tóku í rannsókninni haft tækifæri til þess að velja sér námsgreinar og hafa þannig áhrif á nám sitt. Ingibjörg Ásgeirsdóttir fyrrverandi nemandi sagði:

Það var fyrirfram ákveðið. Svo fengum við stundatöflur bara hvað við lærðum í hverri viku. Kennararnir ákváðu alveg sjálfir hvað þeir gerðu fyrir okkur... hún fer í þetta, hann fer í þetta... Alveg bara hvað þeir vildu að við myndum læra... en þeir fundu bara svona létt nám við okkar hæfi.

Í öðrum skólanum var mikil áhersla lögð á líkamsrækt á starfsbrautinni og var hún á stundaskrá fjórum sinnum í viku í fjölbreyttu formi. Birna Sigurþórsdóttir var ekkert hrifin af líkamsrækt og óánægja hennar með þessa miklu líkamsrækt kom oft fram í viðtalinu við hana. „Mér fannst hundleiðinlegt í líkamsrækt“ sagði hún. Birnu langaði mikið til að læra textíl og hönnun á listabrautinni. Hún hefur mikið yndi af allri hönnun og handavinnu og hefur haldið nokkrar sýningar á vinnu sinni, bæði ein og í samstarfi við aðra. Hún hefur verið á námskeiðum hjá einkakennara og unnið til verðlauna fyrir verk sín. Bæði Birna og faðir hennar sóttu það fast að hún fengi að prófa að sækja tíma á listabrautinni en kennarar sögðu þeim að hún væri ekki tilbúin til þess og að það myndi ekki henta henni. Birna talaði oft hlýlega um skólann og kennarana en vonbrigði hennar yfir því að hún skyldi ekki hafa fengið að spreyta sig á listabrautinni komu oft fram í viðtalinu og litaði viðhorf hennar til skólans.

Nám í framhaldsskólum er byggt upp á þann hátt að það eru vissir áfangar sem allir nemendur verða að taka óháð því á hvaða braut þeir eru. Líkamsrækt er t.d. mjög víða skylduáfangi og á það við skólann sem Birna stundaði nám í. Það er því eðlilegt að nemendur starfsbrautar taki þann áfanga. Hins vegar var heilsuvernd einn af áhersluþáttum brautarinnar og því mikil áhersla lögð á hana. Nú ber að hafa það í huga að nemendur starfsbrauta geta yfirleitt ekki valið á milli skóla og verða því að

stunda nám þar sem þeir fá skólavist. Fyrir þá sem ekki hafa áhuga á líkams- og heilsurækt er mikið að taka þátt í slíku fjórum sinnum í viku. Ef þetta er yfirfært á aðrar brautir þá þætti sjálfsagt að kennarar ráðleggðu nemendum en að sama skapi óeðlilegt að skylda nemendur til að taka svo mikinn þátt í einhverju sem ekki er á þeirra áhugasviði, jafnvel þó talið væri að nemandinn hefði gott af því.

Ýmsir fræðimenn halda því fram að eitt það mikilvægasta sem unnið er með í kennslu fatlaðra nemenda sé sjálfsefling og sjálfsákvörðunarréttur. Ein mikilvægasta leiðin til þess sé að gefa nemendum kost á að vera þátttakendur í námi sínu og í ákvarðanatöku sem varðar framtíð þeirra (Wehmeyer, 2001).

Gera má ráð fyrir að það taki einhvern tíma að festa í sessi að fatlaðir nemendur verði fullgildir þátttakendur í ákvörðunum sem teknar eru varðandi nám þeirra. Rannsóknir sem gerðar hafa verið í Bretlandi og Bandaríkjunum á tilfærsluferlinu sýna að þrátt fyrir áralanga löggjöf er framkvæmdin ekki alltaf í samræmi við löggjöfina. Fenlon (1994) kannaði viðhorf og reynslu nemenda, foreldra og starfsfólks skóla til tilfærsluferlisins. Niðurstöður sýndu takmarkaða þátttöku nemenda og foreldra í tilfærsluáætlun. Mikilvægar ákvarðanir varðandi framtíð þeirra voru teknar að þeim forspurðum. Viðhorf og væntingar starfsfólks til nemenda höfðu mikið að segja varðandi áhersluþætti í náminu og gjarnan var horft á hvaða aðstoð nemendur þyrftu í stað þess að beina sjónum að vilja þeirra sjálfra. Einnig kom fram mikið misræmi milli væntinga nemenda annars vegar og starfsfólks og foreldra hins vegar. Ungu fólkið vildi vinna á almennum vinnumarkaði og taka þátt í athöfnum þjóðfélagsins á svipaðan hátt og ófatlaðir jafnaldrar þeirra. Sú var þó ekki raunin fyrir flesta. Starfsfólk og foreldrar höfðu oft á tíðum aðrar væntingar. Þeir töldu að vinna á vernduðum vinnustað hentaði betur. Foreldrar voru hvattir til þess að fara og skoða verndaða vinnustaði, en fengu ekki að sama skapi hvatningu til þess að fara og sjá börn sín við vinnu á almennum vinnumarkaði. Sömu niðurstöður um skort á samstarfi er að finna í rannsókn Cooney (2002) þar sem hann kannaði reynslu ungmenna og foreldra þeirra af tilfærsluferlinu. Í niðurstöðum rannsóknar sinnar taldi hann mikla þörf á breyttum samskiptum milli fagmanna, foreldra og unglínganna sjálfra. Samskiptin væru ekki á jafnréttisgrundvelli. Þátttaka nemenda og foreldra væri oft bara formsins vegna og ekki tekið tillit til óska þeirra eða tillagna.

## 5.4 Samstarf við foreldra

Áherslu á foreldrasamstarf og mikilvægi þess er víða að finna í námskrá starfsbrauta. Það er hins vegar hvergi fjallað um hvernig því skuli háttað. Í fræðilega kaflanum um tilfærsluáætlanir eru foreldrar taldir lykilmáttáttur við gerð áættlananna. Hér á eftir fáum við sýn foreldra og kennara á hvernig foreldrasamstarfi var háttað á starfsbrautum skólanna.

Í báðum skólum voru foreldraviðtöl við upphaf skólaárs. Þá var farið yfir skipulag námsins og foreldrar hvattir til að koma með óskir varðandi nám barna sinna. Í Dalaskóla er nálægð við foreldra og ekki óalgengt að kennarar og foreldrar hittist fyrir utan vinnutímann og þá var spjallað um hvernig gengi. Rut velti foreldrasamstarfinu fyrir sér:

Ég hef verið að spá mikið í þetta, hvernig við getum staðið að samvinnu við foreldrana. Mér finnst oftast en ekki að þeir séu búnir að fá nóg af fundahöldum og samstarfi. Eftir allan grunnskólann, mér finnst það oftast en ekki, en þeir eru mismunandi, mjög mismunandi... Ég hefði viljað sjá fastan fund á hverri önn. En svo er þetta náttúrulega öðruvísi, við hittum foreldrana mun meira í svona litlu samfélagi.

Í Fjallaskóla var heldur ekki reglulegt foreldrasamstarf yfir veturinn. Það var fundað eftir þörfum og sagði Guðlaug að það væri mjög einstaklingsbundið og allur gangur á því hvað foreldrar væru virkir. Hún sagði að það hefði komið fyrir að foreldrar væru ekki sammála áherslum skólans og þá væri að sjálfsögðu reynt að mæta því. Hún sagði að það hefði einnig komið fyrir að foreldrar væru á öndverðum meiði varðandi þætti sem kennurunum fyndist nauðsynlegt að börn þeirra lærðu. Hún sagði:

Þetta snýst stundum um það að við viljum ýta meira á nemandann en foreldrar vilja. Þú veist eins og bara þetta með strætóferðir. Þegar þau byrja hérna þá eru allflestir sem ferðast með ferðapjónustunni. Við höfum lagt mikla áherslu á að kenna þeim að fara í strætó og sjálfstraustið hjá þeim vex alveg gífurlega. Það er kannske ekki vegna þess að foreldrar vilji það ekki heldur bara þessi hræðsla við að barnið þeirra ráði ekki við það. Þá er náttúrulega bara það að styðja bæði nemendurna og alla í því að þetta sé eitthvað sem vert sé að prófa. Og ef það gengur ekki þá bara bökkum við aftur.

Sigurþór Guðmundsson, faðir sem tók þátt í rannsókninni, taldi samstarf við foreldrana hafa verið lítið og ekki nægjanlegt tillit tekið til óska þeirra. Hann sagði:

Já það var talað um þetta, að það ætti að sníða námið fyrir hvern og einn og við ættum að koma með óskir eftir þeirra getu. Ég get ekki sagt að það hafi verið beint samstarf... eða ég er þá orðinn svona kalkaður að ég man það ekki.

Maður var sjálfur meira fannst mér að ýta á það. Ég var þess vegna ekki nógu sáttur.

Sigurþór var ánægðastur með fyrsta veturinn, námið hafi verið markvissara og þegar á leið hafi mikill tími farið í lítið „af því að maður hélt nú að hún gæti nú meira“. Honum fannst vanta að taka meira mið af áhugasviði nemendanna, aðalatriðið sé að virkja það sem þau sjálf hafi áhuga á.

Eins og áður segir er víða í námskrá fyrir starfsbrautir kveðið á um mikilvægi þess að foreldrar séu hafðir með í ráðum þegar tekin er ákvörðun um nám barna þeirra. Áður hefur komið fram að Birna, dóttir Sigurþórs, hafði mikinn áhuga á að stunda nám á listabraut en fékk ekki tækifæri til þess. Með því að gefa henni það tækifæri hefði mátt koma í veg fyrir óánægju og neikvæðni í garð skólans: „Ég er ekki að segja að hún hafi átt heima þar en hún hefði sko mátt prófa“, sagði faðir hennar en hann var óhress með að Birna skyldi ekki fá að spreyta sig á listnáminu.

Guðrún Róbertsdóttir, annað foreldri sem þátt tók í rannsókninni, sagði að þau foreldrarnir hefðu ekki komið nærri ákvarðanatöku um nám dóttur þeirra fyrstu tvö árin. Á þriðja ári voru þau beðin um að koma með óskir um hvað þeim fyndist eiga að leggja áherslu á. Hún sagði þau hafa sent bréf með óskum og tillögum og að fullt tillit hefði verið tekið til þeirra. Hún sagði jafnframt að þegar dóttir þeirra hóf nám á starfsbrautinni hefði eingöngu verið horft á fyrstu tvö árin og því hafi þau ekki verið með neinar væntingar eða kröfur um að vera þátttakendur í ákvörðunum um námið. Hún hrósaði kennurunum mikið eins og sjá má af eftirfarandi ummælum hennar: „Afragðskennarar, afragðsfólk sem vildi allt gera, og virkilega fagleg vinnubrögð“.

Kristrún Ásmundsdóttir, þriðja foreldrið sem þátt tók í rannsókninni, sagði að þau, foreldrarnir, hefðu ekkert komið að ákvarðanatöku varðandi nám sonar þeirra. Hann hafi að mestu ákveðið þetta sjálfur með hjálp kennaranna. Hún sagði að þau hefðu verið boðuð á fund í byrjun hvers vetrar þar sem þau fengu upplýsingar um skólastarfið. Þau hafi síðan sótt fundi eins og aðrir foreldrar nemenda við skólann. Hún virtist sátt við þetta fyrirkomulag og var ánægð með skólavist sonar síns.

Ljóst er af þessum niðurstöðum að foreldrar eru alla jafna ekki virkir þátttakendur í gerð námsáætlana fyrir börn sín. Hvorugur skólinn fór eftir nákvæmri áætlun um hvernig foreldrasamstarfi skyldi háttað. Foreldrar gátu, og áttu í sumum tilfellum, að koma með óskir. Vilji var fyrir hendi af kennaranna hálfu að koma til móts við þær þó svo að það það hafi ekki verið gert í öllum tilfellum.

Rannsóknir sýna að þessu er víða svona farið. Wehman (2001b) bendir á að rannsóknir sýni að kennarar vilji gjarna að foreldrar séu þátttakendur í ákvörðunum um nám barna sinna. Hann bendir jafnframt á að það sé ekki alltaf tekið tillit til óska þeirra og að þeir þyki oft á tíðum til vandræða og séu með óraunhæfar væntingar um getu barna sinna. Í rannsókn þeirra Ward, Mallett, Heslop og Simons (2003) kom fram að aðeins 66% foreldra sem tóku þátt í könnun þeirra höfðu verið á fundi þar sem rætt var um tilfærsluáætlun barna þeirra. Áætluninni var hins vegar lítið fylgt eftir og aðeins tæpur helmingur foreldra fékk hana senda heim til umsagnar áður en gengið var endanlega frá henni.

Námskrá frá árinu 2000 kveður ekki á um að foreldrar eigi að vera þátttakendur í ákvörðunum um nám barna sinna. Það verður þó að hafa í huga að víða í námskránni er kveðið á um mikilvægi foreldrasamstarfs þó hvergi sé sagt beinum orðum að foreldrar eigi að vera þátttakendur við gerð námsáætlana.

## **5.5 Sjálfstæð búseta**

Einn af mikilvægum þáttum í tilfærslu til fullorðinsára er undirbúningur fyrir sjálfstæða búsetu. Nokkur munur var á skólunum tveimur hvað varðaði undirbúning nemenda fyrir sjálfstæða búsetu. Rut í Dalaskóla svaraði aðspurð að ekki væri verið að undirbúa nemendur fyrir sjálfstæða búsetu. Þar hafa ekki verið kenndir áfangar í heimilisfræði undanfarið en hún bætti því við að slíkir áfangar hefðu verið í boði áður. Þá var nemendum kennt að fara út í búð, kaupa inn, búa til einfalda rétti, taka til og þrifa. Hún sagði að það væri enginn matreiðslukennari við starfsbrautina og það væru engir heimilisfræðiáfangar við skólann. Hún sagði jafnframt að kennarar starfsbrautar væru engir sérfræðingar á þessu sviði og þess vegna hefðu þeir lítinn áhuga á að taka slíkt að sér. Í viðtalinu við hana kom fram að ef að óskir kæmu frá nemendum eða foreldrum um heimilisfræðiáfanga yrði reynt að koma til móts við þær óskir. Í máli hennar kom einnig fram að nemendahópurinn væri þannig að það hefði ekki verið þörf á kennslu af þessu tagi. Hún sagði:

..og líka er nemendahópurinn þannig núna að við höfum fengið hvíld og sjáum að við fáum hvíld í þessu í tvö ár. Því þetta er svona millistig hjá okkur, það eru mjög sterkir krakkar sem eru núna.

Af orðum hennar má skilja að kennsla af þessu tagi sé fyrst og fremst fyrir nemendur sem þurfa mikla aðstoð. Móðir nemanda við skólann var afskaplega ánægð með skólustarfið en nefndi að það hefði mátt kenna heimilisfræði. Hún sagði:

Mér finnst að það mætti vera heimilisfræði hjá þeim, meira í sambandi við heimilið. Þegar þau eru útskrifuð að þau geti þá... eins og hann mun flytja í eigin íbúð seinna... að þau hafi þá svona smá undirstöðu.

Guðlaug í Fjallaskóla sagði heilmargt vera kennt sem varðaði sjálfstæða búsetu og nefndi sem dæmi heimilisfræði og lífsleikni. Í lífsleiknihóp sem þau voru með þegar viðtalið var tekið var verið að samþætta kennslu sem fólst í því að vinna með peninga, innkaup og matreiðslu, „allt í einum pakka“ eins og hún orðaði það. Hún sagði þetta reynast mjög vel. Guðlaug var hugsuð yfir hverju námið skilaði nemendum, hvort þessu væri fylgt eftir heima: „Það er verið að kenna þeim að búa til nestisþakka hér í skólanum, en gera þau það einhvern tímann heima hjá sér?“ Þetta átti einnig við um fleiri þætti kennslunnar. Hún hafði áhuga á að vita með hvaða hætti námið almennt skilaði sér og hvernig það nýttist heima sem þau lærðu í skólanum. Í kaflanum um tilfærsluáætlanir kemur mikilvægi samvinnu skóla og foreldra fram. Samvinnan er m.a. mikilvæg til að tryggja að það sé stutt við það heima sem verið er að kenna og vinna með í skólanum. Með reglulegri samvinnu ætti að vera auðvelt fyrir kennara að sjá hvernig það sem verið er að kenna skilar sér heima fyrir.

Ingibjörg Ásgeirsdóttir, nemandi á starfsbrautinni, taldi upp það sem hún lærði:

Já það var kennt að strauja og burstu skó, svo var kennt að elda mat, við vorum í matreiðslu. Svo var kennt að vaska upp og svona og við lærðum mjög vel og svo lærðum við að vökva blómin. Og svo lærðum við að matbúa, ef að við flytjum einhvern tíma að heiman þá þurfum við að kunna að matbúa.

Aðspurð að því hvað henni hefði fundist um kennsluna sagði hún:

Bara mjög skemmtilegt ég lærði mjög mikið af því að læra að búa til mat. Það er ekki hægt að búa til dæmis ein í íbúð og kunna ekki að elda mat, hafa bara pítsur í hvert mál. Það verður frekar að kunna að elda kjúkling og fisk og grænmeti og geta sett vatn í pott og skrælt kartöflur og sett mat í pott og kveikt undir.

Af ofangreindu má sjá að á starfsbrautunum tveimur var misjafnlega unnið með þætti sem lutu að sjálfstæðri búsetu. Í öðrum skólanum var litið á þennan þátt sem sjálfsagðan og mikilvægan í kennslunni á meðan þetta var ekki áhersluþáttur í hinum

skólanum. Í þeim síðarnefnda virtist áhersla vera á að nám og ytra skipulag væri með sem líkustum hætti og annarra brauta við skólann og má leiða hugann að því hvort að það sé á kostnað einhverra þátta sem nauðsynlegir eru sem undirbúningur fyrir fullorðinsár. Þarna rekast á tvö sjónarmið. Bent hefur verið á (Shapiro-Barnard, 1998) að nám fatlaðra ungmenna sé oft og tíðum færnimiðað meðan nám í framhaldsskóla sé það yfirleitt ekki. Dýrmætum skólatíma nemenda sé eytt í nám sem þeir gætu öðlast á heimilum sínum eða með öðrum hætti. Ofuráhersla á færnimiðað og hagnýtt nám geti orðið til þess að hefðbundin námsmarkmið séu látin sitja á hakanum.

Athyglisvert er að velta fyrir sér hvað fólst í orðum Rutar þegar hún sagði að nemendahópurinn væri þannig núna að ekki væri þörf á kennslu sem miðaði að undirbúningi fyrir sjálfstæða búsetu. Þetta er sambærilegt við rannsókn Kristínar Björnsdóttur (2002). Í einum skólanna sem þátt tók í rannsókn hennar voru „getuminni“ nemendur búnir undir það að flytjast á sambyli, en aðrir nemendur fengu ekki sérstakan undirbúning undir framtíðarbúsetu.

Gerð tilfærsluáætlana gerir ráð fyrir að hugað sé að öllum þáttum sem skipta máli í undirbúningi fyrir fullorðinsár og í þeim er einnig skilgreint með hvaða hætti á að ná þeim markmiðum sem sett eru. Fyrir flesta fatlaða nemendur er nauðsynlegt að fá undirbúning fyrir sjálfstæða búsetu en það þarf ekki endilega að vera á ábyrgð skólans. Heimilin geta séð um að kenna þessa færni, eins geta nemendur sótt námskeið sem boðið er upp á t.d. í hússtjórnarskólum. Í tilfærsluáætlun er skilgreint hver ber ábyrgð á þessari kennslu og þá er tryggt að nemendur öðlist þessa færni sem er svo mikilvæg fyrir fullorðinsár.

## **5.6 Félagsstarf skólanna**

Fram kom í fræðilega kaflanum að mikilvægur þáttur í tilfærsluáætlunum er að efla nemendur félagslega og skapa aðstæður fyrir vináttu á milli fatlaðra og ófatlaðra nemenda. Þeir sem hallast að skóla án aðgreiningar telja einn lykilinn að fullgildri þátttöku fatlaðra nemenda í skóla og samfélagi vera samskipti við ófatlaða skólafélaga. Námskrá starfsbrauta leggur áherslu á að nemendur fái tækifæri til að kynna og taka virkan þátt í félagsstarfi skólans í samræmi við áhugasvið sitt. Hér á eftir koma niðurstöður rannsóknarinnar um það með hvaða hætti nemendur starfsbrauta tóku þátt í félagsstarfi skólanna.



Nemendum beggja starfsbrauta stóð til boða að taka þátt í félagslífi skólanna líkt og nemendum annarra brauta. Það var einstaklingsbundið hversu mikinn þátt þeir tóku og taldi Guðlaug kennari að þeir nemendur sem stunduðu aðallega nám á almennum brautum tækju einhvern þátt í því. Rut sagði sömuleiðis að hennar nemendur tækju drjúgan þátt í félagslífinu en þeir væru auðvitað mismunandi virkir.

Hvorugur skólinn hafði í námskrá sinni að efla nemendur félagslega. Í báðum skólum var þó vísir að „vinaprógrami“ svipuðu og sagt er frá hér fyrr í ritgerðinni á bls. 21. Við Dalaskóla gátu nemendur starfsbrautar fengið aðstoð við að sækja félagsstarf á vegum skólans á kvöldin og þá var það Svæðisskrifstofa fatlaðra sem borgaði launin og féll það undir liðveislu. Nemendum almennra brauta stóð til boða að aðstoða nemendur starfsbrauta t.d. í matartímum og frímínútum gegn greiðslu og þá var það sveitarfélagið sem greiddi launin. Ef nemandi þurfti aðstoð og fylgd í kennslustundir á öðrum brautum sá skólinn um greiðslu. Þarna var um þrefalt kerfi að ræða. Aðspurð sagði Rut kennari við skólann að aldrei yrðu vandamál vegna þess. Skólinn sinnti kennslu og henni fannst það ekki vera hlutverk hans að sjá um að nemendur tækju þátt í félagslífi. Nemendum starfsbrautar stóð til boða að taka þátt í öllu félagslífi og það var heimilanna að sjá um það. „Við komum ekkert nærri því, nei við erum bara kennarar...“ sagði Rut aðspurð um þátttöku nemenda í félagslífi skólans.

Logi Kristjánsson nemandi við skólann fékk aðstoð fyrsta árið við að sækja skemmtanir á kvöldin. Í viðtalinu gerði hann lítið úr því og sagði að það hefði verið ágætt í byrjun en svo hafi hann ekki þurft á því að halda. Hann var virkur í félagslífinu, sagði að það hefði verið mikið um skemmtanir í miðri viku og hafi hann haft ánægju af að taka þátt í þeim. Móðir hans var ánægð með þá aðstoð sem hann hafði fengið í byrjun og taldi að það hefði verið gott til að brjóta ísinn og koma honum af stað út í félagslífið. Í Fjallaskóla stóð nemendum almennra brauta til boða að vinna sér inn námspunkta með því að fylgja nemendum starfsbrauta á skemmtanir. Móðir nemanda í skólanum sagði að dóttir hennar hefði notið þannig stuðnings um tíma. Þá komu ungar stúlkur heim til þeirra og fóru með dótturina eitthvert út, aðallega var farið í bíó. Móðirin var ánægð með þetta fyrirkomulag og taldi að meira hefði mátt gera af þessu. Um þetta fyrirkomulag hafa ekki allir fræðimenn verið á eitt sáttir. Jorgensen (1998) telur það óeðlilegt að ófatlaðir nemendur fái einingar eða laun fyrir samskipti sín við fatlaða nemendur skólans. Hún heldur því fram að slíkt geti verið hindrun í vegi þess að eðlileg tengsl þróist milli fatlaðra og ófatlaðra

nemenda. Að þarna sé verið að kaupa vináttu, sem aldrei geti orðið raunveruleg vinátta. Kristín Björnsdóttir (2002) er ekki sammála þessu og í niðurstöðum rannsóknar hennar segir að mikilvægt sé að skólarnir renni stöðum undir vináttu fatlaðra og ófatlaðra nemenda. Niðurstöður rannsóknar hennar benda til þess að sjálfböðavinna og aðstoð ófatlaðra nemenda við nemendur starfsbrauta leiði oft og tíðum til aukinna samskipta. Einnig geti þessi samskipti aukið félagsfærni fötluðu nemendanna og þeir lært af þeim hvernig unglingar „eigi að haga sér“.

Þrátt fyrir að félagslíf Fjallaskóla standi öllum nemendum opið sagði Guðlaug að það væri ekki margt í boði sem hentaði nemendum starfsbrautar. Dansleikir byrjuðu seint, jafnvel ekki fyrr en á miðnætti. Árshátíðin var haldin fyrir utan bæinn og árshátíðargestir gistu á staðnum. Ingibjörg Ásgeirsdóttir, nemandi við skólann, staðfesti orð Guðlaugar þegar hún lýsti því hvers vegna hún var ekki hrifin af dansleikjahaldi á vegum skólans. Hún hafði eftirfarandi að segja:

Æi það var bara langt í burtu, þetta var bara á skemmtistað, bara á bar niðri bæ... svo var blásið til gistingar í einhverjum skála þannig að rútan kostar þetta og maturinn kostar þetta. Maður bara einhvern veginn fann það að maður var ekki nógu tilbúinn til að fara í svona ferðir, fara í burtu yfir nótt frá fjölskyldu sinni og vinum.

Nemendur starfsbrautar taka hins vegar þátt í því sem er í boði síðdegis og fyrri part kvölds. Ingibjörg sagði að þau gerðu sér stundum eitthvað til skemmtunar á skólatíma. Hún sagði að stundum fengju þau að poppa og horfa á bíómyndir. Það fannst henni skemmtileg tilbreyting.

Nemendur starfsbrautar Fjallaskóla höfðu fulltrúa í nemendaráði „að vissu marki“ eins og Guðlaug orðaði það. Þau hittu einhvern úr stjórn nemendafélagsins einu sinni í mánuði þar sem skoðað var hvað var í boði og hverju þau gætu tekið þátt í. Til dæmis stóð til að halda diskótek sem hæfist fyrr að kvöldi fyrir starfsbrautina. Nemendafélagið stóð líka fyrir grilli sem var sérstaklega ætlað nemendum starfsbrautar.

Nemendur starfsbrauta beggja skóla fóru í matsali skólanna í hádegi og í frímínútum og þar hittu þeir nemendur annarra brauta. Í rannsókn Kristínar Björnsdóttur (2002) kemur fram að aðgangur að nemendaaðstöðunni virðist ekki tryggja samskipti milli fatlaðra og ófatlaðra nemenda. Rannsókn mín sýnir sömu niðurstöðu. Logi sagðist yfirleitt hafa verið einn í frímínútum, kíkt inn í sal eða farið á bókasafnið. Ingibjörg sagði:

Við fórum í matsalinn og vorum bara við krakkarnir úr sérdeildinni, við héldum hópinn og vorum að tala saman... það var langbest eiginlega út af því að maður þekkti engan úr hinum deildunum.

Eins og áður segir er það víða hluti af tilfærsluáætlun að efla nemendur félagslega og stuðla að því að þeir eignist vini. Í bók sinni vitnar Priestly (2003) í margar rannsóknir sem styðja nauðsyn þess. Til þess að ungmenni geti notið tómsstunda þurfi að efla þessa færni. Það sé stór hluti af lífsgæðum fólks að eiga vini. Í sömu bók (bls. 91) er vitnað í rannsókn Cummings, Maddux and Casey frá árinu 2000. Þar segir að áherslan á vinnuþáttinn í tilfærsluáætlunum sé svo mikil að hún skyggi á félagslega þáttinn. Að félagslega þættinum sé ekki gefinn nægjanlegur gaumur og þar með sé ekki hugað að frítíma ungmennanna og þau geti þess vegna ekki tekið þátt í því sem þjóðfélagið hefur upp á að bjóða.

Sú hugsun að það eigi að vera hluti af námi og markmiðum skólans að efla nemendur félagslega og stuðla að því að þeir eignist vini hefur ekki nema að litlu leyti sett mark sitt á starfsemi starfsbrauta hér á landi. Þegar skoðuð er námskrá sem tók gildi 2005 vekur furðu að ekki er lengur mælt með því að skólinn komi á fót stuðningskerfi þar sem markmiðið er að auka þátttöku nemenda í félagslífi innan og utan skólans en það markmið var í námskránni frá árinu 2000. Þessi breyting á námskrá er ekki í neinum takti við hugmyndir um fullgilda samfélagsþátttöku fatlaðra ungmenna og stangast á við stefnuna um þjóðfélag og skóla án aðgreiningar. Í Salamanca yfirlýsingunni stendur að almennir skólar séu virkasta aflið til að móta þjóðfélag án aðgreiningar (Menntamálaráðuneyti, 1995) og þátttaka fatlaðra ungmenna í samfélagi skólanna ætti því að skipa stóran sess í starfsemi þeirra.

## **Samantekt**

Niðurstöður í þessum hluta rannsóknarinnar eru þær að tilgangur með námi á starfsbraut er óskýr. Engin skilgreind lokamarkmið er að finna í námskrá starfsbrauta og því útskrifast nemendur ekki með skilgreinda þekkingu eða færni sem auðveldar þeim að komast út á vinnumarkað. Vilji er fyrir því að nemendur hafi val um námsgreinar og geti á þann hátt haft áhrif á nám sitt. Niðurstöður sýna hins vegar að því er ekki þannig farið í öllum tilfellum og enn fremur að foreldrar eru ekki virkir þátttakendur í ákvarðanatöku um nám barna sinna. Það er misjafnt hvernig starfsbrautirnar tvær undirbúa nemendur sína fyrir sjálfstæða búsetu. Niðurstöður leiða í ljós að annar skólinn leggur á það áherslu á meðan hinn gerir það ekki. Ekki

eru gerðar sérstakar áætlanir sem miða að því að efla nemendur félagslega eða renna stöðum undir vináttu fatlaðra og ófatlaðra nemenda.

Í næsta kafla sem ber heitið *Frá skóla til fullorðinsára* verður fjallað um þá þætti rannsóknarinnar sem varða starfsnámið, bæði í skóla og á vinnustöðum. Einnig verður fjallað um það að hvaða marki ungmennin sem tóku þátt í rannsókninni hafa öðlast stöðu fullorðinna og ljósi varpað á daglegt líf þeirra.

## 6 Frá skóla til fullorðinsára

Hér á eftir er sjónum beint að starfsnámi skólanna tveggja, skipulagi þess og hverju það skilar nemendum. Einnig verður fjallað um það að hvaða marki ungmennin sem tóku þátt í rannsókninni hafa öðlast fullorðinshlutverk og varpað ljósi á daglegt líf þeirra.

### 6.1 Starfsnámið

Báðir skólar unnu að undirbúningi fyrir atvinnulífið á fjölbreyttan hátt og fyrirkomulag starfsnáms þeirra var með svipuðum hætti. Fyrstu tvö árin voru nemendur í starfsnámi í skólanum og á þriðja og fjórða ári í starfsnámi á vinnustöðum. Á vorönn á þriðja ári voru þeir í tvær vikur á vinnustað og á fjórða ári voru þeir í tvær til þrjár vikur þar, bæði á haustönn og vorönn. Samtals var því nám á vinnustað 6-8 vikur af skólatímanum.

Í starfsnámi í skólunum var unnið með þætti eins og að fara eftir fyrirmælum, mæta á réttum tíma, að vera snyrtilegur og temja sér góða framkomu. Einnig voru öryggismál, launaútreikningar, atvinnuauglýsingar og æfing í að sækja um vinnu tekin fyrir og farið í vinnustaðaheimsóknir. Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að taka ábyrgð á eigin lífi. Guðlaug kennari sagði að endalaust væri hægt að vinna með þætti sem tengdust vinnu því það að vera í vinnu fælist ekki bara í því að kunna réttu handtökin við sjálfa vinnuna. Nemendur fengu einnig fræðslu um réttindi og skyldur á vinnustað og þegar ég tók viðtal við Guðlaugu hafði starfsmaður frá stéttarfélagi nýlega komið í heimsókn til að fræða nemendur um hvað fælist í því að vera í stéttarfélagi.

Kennararnir voru báðir ánægðir með fyrirkomulag starfsnámsins. Í báðum skólum sá ákveðinn kennari um að halda utanum starfsnámið og töldu þeir það auðvelda yfirsýn og skapa samfellu í náminu. Sami kennari sá því um starfsnámið í skólanum og á vinnustöðunum. Rut sagði að áður fyrir hefði umsjónarmaður námsins ekki endilega verið kennari á starfsbraut og það hefði verið slæmt fyrirkomulag.

Í báðum skólum áttu nemendur að bera fram óskir um hvert þeir vildu fara í starfsnám. Rut sagði yfirleitt hægt að verða við þeim óskum. Bæjarsamfélagið væri

lítið og yfirleitt tækju allir atvinnurekendur því vel að taka nema í starfsþjálfun. Hún sagði:

Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð, en svo eru alltaf ákveðnir vinnustaðir þar sem við vitum að andrúmsloftið er neikvætt, það er ekkert öðruvísi hér en annarsstaðar. En í heildina höfum við alveg getað dekkjað þetta.

Guðlaug sagði yfirleitt ganga vel að fá starfsnámsstaði fyrir nemendur. Kennarinn sem sá um starfsnámið hafði samband við fyrirtækin og fylgdi nemendum á vinnustaðina. Hann tók vinnu nemendanna upp á myndband og á þann hátt var hægt að tengja störfin á vinnustaðnum og námið í skólanum. Guðlaug sagði að þau hefðu t.d. verið með vinnuþjálfunarhóp og æft nemendur í að ná tókum á ákveðnum þáttum í starfinu á vinnustaðnum. Hún sagði frábært þegar starfsnámið skilaði nemendum vinnu. Nokkrir af nemendum hennar höfðu t.d. fengið vinnu á starfsþjálfunarstað eftir að skóla lauk og einn fékk það mikið sjálfstraust að hann hafði sjálfur útvegað sér vinnu. Hins vegar sagði hún að þetta væri ekki raunin fyrir flesta. Flestir hefðu ekki að neinu að hverfa að skóla loknum. Guðlaug sagði það slæmt, þar sem búið væri að efla sjálfstraust þeirra og undirbúa þá fyrir atvinnulífið á margvíslegan hátt. Sá undirbúningur væri fljótur að fjara út ef margra ára atvinnuleysi tæki við.

Allir nemendur beggja starfsbrauta fara í starfsnám á almenna vinnustaði. Bæði Rut og Guðlaug sögðu að nemendur væru ekki flokkaðir eftir því hvort álitíð væri að þeir færu á almennan vinnumarkað eða verndaðan vinnustað að námi loknu. Guðlaug sagði þessi mál oft til umræðu. Starfsmenn brautarinnar hefðu ákveðið að gefa öllum tækifæri, því þetta væri kannski eina tækifæri þeirra í lífinu til þess að vinna á almennum vinnustað. Af þessu má sjá mótaðar hugmyndir um hvers konar vinnu nemendur eru líklegir til að vinna í framtíðinni. Þessi skoðun lýsti sér jafnframt í orðum Guðlaugar:

Og svo fara þau á síðustu önninni sinni hérna... eins og t.d. ein núna, hún er inni á vernduðum vinnustað af því að við vitum það allan tímann að hún mun ekki vera í vinnu úti á almennum vinnumarkaði. En það hefur samt alltaf orðið ofaná hjá okkur í þessari umræðu að þau fái að prófa að fara út á vinnumarkað. Þau hafa verið í bókabúð og ein er núna í fataverslun... að hengja upp í rekka. Það er bara... hentar vel en við vitum að þetta er ekki framtíðarstarf fyrir hana. Þannig að þetta er svona hugsað meira til þess að leyfa þeim að prófa, auka víðsýni og bara þessi upplifun að ég er að fara að vinna í búðinni.

Hér kemur fram ákveðið misræmi. Í orðum Guðlaugar kemur fram að þessi vinna henti nemandanum vel og því er ekki gott að segja hvers vegna álitnið er að hann geti bara unnið á vernduðum vinnustað.

Aðspurð sagði Rut að nemendur væru ekki flokkaðir eftir getu þegar hugað væri að vinnustöðum. En það lá í orðum hennar að svo kynni að vera þegar hún sagði:

Ef að þau eru undir Svæðisskrifstofu fatlaðra og ef að þau eru á sambylum þá fara þau oft en ekki á verndaðan vinnustað og við höfum nú rætt það og finnst það að krakkar sem eru hér... þetta er framtíðin þeirra, að nýta starfsnámið líka til að kynna þeim annað.

Cooney (2002) segir niðurstöður rannsókna hans sýna að kennarar horfi til þeirra kerfa sem fyrir eru þegar kemur að starfsþjálfun fyrir nemendur, þeir meti hver sé líklegur til að fá vinnu á almennum vinnumarkaði og hverjir muni vinna á vernduðum vinnustöðum. Niðurstöður Kristínar Björnsdóttur (2002) og Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2005) benda einnig til að kennarar flokki nemendur sína og fyrir suma nemendur sé eingöngu litið á það sem góða reynslu og tækifæri í sjálfu sér að fara í starfsþjálfun á almennan vinnumarkað. Wehman, Brooke og Inge (2001) benda á að tilgangur verndaðra vinnustaða sé að þjálfa fatlað fólk til starfa á almennum vinnumarkaði og sé það í anda læknisfræðilega líkansins þar sem tilgangurinn sé að „laga fötlunina“ áður en þau geta hafið vinnu á almennum markaði. Þau benda jafnframt á að þeir sem hefja vinnu á hæfingarstöðvum eða dagvistarstofnunum útskrifist í fæstum tilfellum þaðan.

Í niðurstöðum rannsóknar sinnar segir Kristján Valdimarsson (2003) að atvinna á almennum vinnumarkaði sé meginmarkmið og raunhæfur kostur fyrir flesta fatlaða einstaklinga. Hins vegar verði að horfast í augu við það að atvinna á almennum vinnumarkaði sé ekki valkostur fyrir hluta fatlaðra einstaklinga. Verndaðir vinnustaðir eigi að vera einn af mörgum valkostum í atvinnumálum sem fötluðum einstaklingum standi til boða. Wehman, Brooke og Inge (2001) benda á að svo geti verið í einhverjum tilfellum. Hins vegar eigi alltaf að horfa á almennan vinnumarkað sem fyrsta kost fyrir alla þegar kemur að atvinnuleit.

## 6.2 Starfsnám á vinnustað

Allir viðmælendur mínir voru í starfsnámi á almennum vinnustöðum á þriðja og fjórða ári skólans. Þeir höfðu verið með í ráðum þegar staðirnir voru valdir en í einhverjum tilfellum voru það kennararnir sem lögðu línurnar. Kári Sigurðsson nemandi annarrar starfsbrautar sagði: „Við prufuðum að vinna þú veist á stöðum þar sem, já vinna á svona stöðum sem þau, sem þau gátu séð að við gætum unnið“. Þarna er Kári að vísa til kennaranna. Val nemenda á vinnustöðum fór mikið eftir því hvert farið hafði verið í vettvangsferðir árin á undan. Vettvangsferðir voru hugsaðar sem undirbúningur fyrir starfsnámið og reynt var að hafa staðina sem fjölbreyttasta. Guðlaug sagði:

Ég held að þetta tengist líka hvert við höfum farið í vettvangsferðir, hvaða staði við erum búin að fara að skoða og þetta eru mjög fjölbreyttir staðir. Það var farið í vettvangsferð í prentsmiðju í fyrra og það var einn alveg með það á hreinu þegar hann mætti í haust að hann ætlaði að fara í prentsmiðjuna og í prentsmiðjuna fór hann í starfsnám.. pakka blöðum og bæklingum og svona..

Kári talaði sérstaklega um hvað verið hefði gaman að vinna í kjörbúðinni Kjörvali:

Mér fannst rosa gaman þarna, ég gat einbeitt mér að því sem ég var að gera... þú veist... það er ekki mikill hávaði, engin mikil læti, ég gat einbeitt mér að því sem ég var að gera og allt svoléiðis.

Hann nefndi einnig að samskipti við samstarfsfólkið hefðu verið góð. Kára langaði til að fá vinnu í Kjörvali og var búinn að sækja um vinnu þar en hafði ekki fengið nein svör. Í starfsnáminu var hann líka að vinna á leikskóla. Í kjölfarið fékk hann vinnu á þessum sama leikskóla sumarið eftir. Hann sagðist ekki hafa verið eins ánægður þar:

Það var erfitt... þú veist... þegar ég var í fræðslunni þá var ég að vinna með eldri börnin. En þegar ég var að vinna á launum þá var ég að vinna með yngstu krakkana... sem var náttúrulega mjög... mjög erfitt. Ég átti erfitt með að einbeita mér... út af látunum í krökkunum..

Birna Sigurþórsdóttir fór á nokkra staði í starfsnáminu en talaði sérstaklega um starfsnám á skrifstofu. Þar fannst henni gott að vera. Hún sagði um veru sína þar: „Mér fannst gaman að kynnst svona góðu fólki, nýjum og góðum vinum. Allir almennilegir... svo var ég svo heppin að ég lenti hjá góðri konu“.

Birna gat fengið starf á skrifstofunni eftir útskrift en foreldrar hennar afþökkuðu það. Þeim fannst of langt fyrir hana að fara og lögðu mikla áherslu á að hún fengi vinnu í nágrenni heimilisins. Faðir hennar talaði um að það hefði verið



þægilegt fyrir skólann að hafa starfsnámið nálægt skólanum. Þarna hefði verið hugsað um hagsmuni skólans en ekki nemandans.

Birna var búin að sækja um atvinnu með stuðningi en hafði ekkert heyrt frá þeim og þau feðginin voru ekki bjartsýn á að það yrði fljótlega. Sigurþóri föður hennar fannst líka skilyrði að vinnustaðurinn væri í hverfinu þeirra.

Hann sagði:

Við vorum bara frek vildum bara fá einhverja draumavinnu fyrir hana. Og í hverfinu okkar. Mér finnst allt í lagi... mér finnst að það eigi að taka tillit til óska fólks. Það væri voða gaman fyrir hana að fá vinnu hérna í hverfinu.

Logi Kristjánsson sagðist hafa farið á nokkra staði í starfsnám. Hann sagði:

Þeir [kennararnir] spurðu um staðina sem mig langaði svona helst að fara á, það var oftast eiginlega það sama sem ég valdi. Ég byrjaði á að fara í matvörubúðina og eftir að ég var búinn að fara þangað leist mér ekkert á að fara þangað aftur svo að það var annaðhvort bensínstöðin eða bankinn.

Hann hafði ekki mörg orð um starfsnámið en sagði: „Þetta var bara mjög skemmtilegt að kynnst þessu svona“. Móður hans fannst starfsnámið mjög nauðsynlegur þáttur í skólastarfinu. Hún sagði:

Mér fannst mjög gott þegar starfsbrautin fór út í einhver fyrirtæki að kynna sér störfin, mér fannst það mjög gott. Hann fór til dæmis í mismunandi fyrirtæki og kynntist þeim, já mér finnst það mjög gott fyrir svona krakka að þeim sé hjálpað þannig að þau eigi gott með að komast út á vinnumarkaðinn. Það hefur mikið að segja, þau fá meira sjálfstraust og svona. Ég held að þetta hafi haft áhrif þessi tími sem fór í þetta.

Logi var sá eini af viðmælendum mínum sem var í vinnu þegar viðtölin voru tekin. Aðspurður hvernig hann hefði fengið vinnuna sagði hann: „Við fórum bara að leita ég og pabbi minn“. Hann var ánægður í vinnunni og sagði að sér gengi vel. Hann sá þessa vinnu ekki sem framtíðarvinnu, langaði til að vinna á stærri vinnustað og nefndi banka sem dæmi.

Það er athyglisvert að vinnuna fékk hann með hjálp föður síns en ekki fyrir tilstuðlan starfsnáms eða atvinnumiðlunar. Rannsóknir sýna (sjá Wehman, Brooke og Inge, 2001, bls. 221) að oft eru það foreldrar, ættingjar eða fjölskylduvinir sem útvega fötluðum ungmennum vinnu. Það virðist ganga betur að nota fjölskyldunetið en að bíða eftir úrræðum frá vinnumiðlunum. Niðurstöður rannsóknar Maríu Hildipórsdóttur (2006) styðja þetta einnig. Stuðningur foreldra er afar mikilvægur hvað varðar möguleika fatlaðra ungmenna á að fá vinnu. Í þeim tilfellum sem unga

fólkið í rannsókn hennar var í vinnu höfðu foreldrar ætíð haft milligöngu um ráðningu barna sinna.

Ingibjörg Ásgeirsdóttir fór í starfsnám á þrjá vinnustaði, leikskóla, veitingastað og verslun. Hún sagði það hafa verið gott að kynnast ólíkum störfum. Hún var ánægð á leikskólanum en var ekki viss um að hún vildi vinna slíka vinnu í framtíðinni þó að hún hefði gaman af börnum. Hún var ekki jafn ánægð á veitingastaðnum, sagðist hafa verið feimin og átt erfitt með að tjá sig við samstarfsfólkið. Starfið í versluninni hentaði henni best. Eftir að skóla lauk fékk hún vinnu í þessari sömu verslun fyrir tilstuðlan starfnámsins. Hún starfaði þar í nokkurn tíma en missti svo vinnuna. Henni líkaði vel í byrjun, þarna var margt ungt fólk sem hún hafði gaman af að vera í samskiptum við en hún eignaðist samt enga vini þar. Þegar talið barst að fyrrverandi vinnufélögum sagði hún:

Ég eignaðist svona kunningja þarna. Ég bara fann að stelpurnar sem voru að vinna á kassanum voru svona... ég náttúrulega fann að ég get aldrei gert það að vinna á kassa... að vinna svona kassavinnu. Ég mundi vilja vera eins og hinir krakkarnir, fá enga aðstoð og geta gert allt sjálf, ég mundi vilja það.

Hún sagðist hafa fundið fyrir því að hún passaði ekki inn í hópinn, fannst hún vera öðruvísi en samstarfsfélagarnir og fannst það sárt. Hún vildi ekki tala um ástæður þess að hún tók ekki þátt í félagslífi vinnustaðarins en sagði: „Það voru árshátíðir og svona.. en ég var ekkert hrifin af því“. Henni fór að ganga verr í vinnunni og fannst hún ekki fá stuðning við þau verk sem henni voru falin. Hún sagði: „Og ég bara varð mjög reið og svekkt og það kom fyrir að ég fór stundum að gráta þarna í vinnunni af því að ég fann það að ég fékk engan stuðning“. Það fór að lokum þannig að hún missti vinnuna og hefur verið atvinnulaus síðan.

Saga Ingibjargar er gott dæmi um hvað getur gerst ef tilfærsla frá skóla til vinnu rofnar og eftirfylgd er ekki til staðar. Móðir hennar sagði að *Atvinna með stuðningi* hefði átt að sjá um eftirfylgd en af því hefði ekki orðið. Hún sagði Ingibjörgu hafa gengið ágætlega í fyrstu. Þá hafði hún sérstakan „stuðningsaðila“ sem aðstoðaði hana ef eitthvað kom uppá í vinnunni. Sá starfsmaður hætti störfum og enginn kom í hans stað. Móðir hennar lagði mikið á sig til þess að Ingibjörg héldi vinnunni, fór á fundi og var í tölvusamskiptum við starfsmannastjóra. Hún metur það svo að ástæða þess að Ingibjörg varð að hætta í vinnunni hafi verið ónógur stuðningur og að starfsfólkið á vinnustaðnum hafi ekki verið tilbúið að takast á við það að hafa fatlaðan starfsmann í vinnu. Starfsmannastjóranum fannst erfitt að finna

verkefni fyrir hana og hún réði illa við þau verkefni sem henni voru falin. Móðir hennar sagði einnig að henni hafi fundist sem verið væri að gera þeim greiða með því að hafa Ingibjörgu í vinnu og það hafi verið mjög óþægilegt.

Tilfærsluáætlanir sem sagt er frá í fræðilega kaflanum gera ráð fyrir samvinnu á milli skóla og þeirrar þjónustu sem tekur við að skóla loknum. Grein Sax, Noyes og Fisher (2001) fjallar um þessa samvinnu og gerð tilfærsluáætlana er sögð algjört lykiltríði í námi fatlaðra ungmenna ef tilfærslan frá skóla til vinnu á að ganga vel. Rannsókn Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2005) sýnir sömu niðurstöðu. Hrafnhildur telur mjög mikilvægt að samstarf komist á milli starfsbrauta og fullorðinsþjónustu svo hægt sé að tryggja að tilfærslan á milli þessara tveggja kerfa gangi snurðulaust.

Allir viðmælendur mínir úr hópi nemenda voru ánægðir með starfsnámið og töldu að það hefði verið gott að kynnast mismunandi vinnustöðum. Ekkert þeirra hafði gert sér neinar væntingar um að starfsnámið leiddi til vinnu og þau sem voru atvinnulaus töldu að þau myndu fá vinnu með aðstoð foreldra sinna.

Þó svo að framhaldsskólanámið hafi aðeins skilað einum viðmælenda minna vinnu er langt í frá að starfsnámið sjálft hafi verið til einskis. Einn fékk vinnu fljótlega að skóla loknum og þó að það hafi verið fyrir tilstuðlan foreldris má ætla að starfsnámið hafi hjálpað til. Hjá einum viðmælenda leiddi það til sumarvinnu. Í máli annars kennarans kom einnig fram að nemendur hefðu öðlast það mikið sjálfstraust að starfsnámi loknu að þeir færu sjálfir á stúfana og útveguðu sér vinnu. Með náminu öðlast nemendur líka dýrmæta reynslu og hafa að einhverju leyti gert sér grein fyrir hvað þeir vilja starfa við í framtíðinni.

### **6.3 Samstarf við atvinnumiðlanir**

Eins og áður hefur komið fram er það ekki markmið starfsnámsins samkvæmt námskrá að það leiði til atvinnu að skóla loknum. Tilgangur námsins er að auka vinnufærni nemenda og efla tækifæri þeirra til þátttöku á vinnumarkaði að námi loknu.

Þrátt fyrir ákvæði í námskrá þess efnis að virk samvinna eigi að vera við starfsráðgjafa, vinnumiðlanir og aðrar stofnanir sem málið varðar var þessi samvinna ekki fyrir hendi. Kennarar beggja starfsbrauta voru sammála um að þarna þyrfti að verða breyting á en það hefur reynst erfitt í framkvæmd.

Rut sagði að reynt hefði verið að koma á samvinnu við atvinnumiðlun fatlaðra á viðkomandi svæði. Starfsfólk atvinnumiðlunarinnar kom í skólann og tók viðtöl við nemendur en síðan var samskiptum þeirra við skólann lokið. Rut sagðist ekki gera sér grein fyrir af hverju svo illa gengi. Þetta kerfi væri flókið og þau hefðu beðið eftir fundi sem þau voru svo aldrei boðuð á. Hún sagði að það væri æskilegast að tengsl væru milli starfsbrautar og atvinnumiðlunar fatlaðra og að starfsnámið væri unnið í samstarfi þeirra. Starfsfólk miðlunarinnar þekkti þá unga fólkið sem til þess leitaði að skóla loknum og hefði eftirfylgd með þeim sem hefðu fengið vinnu. Rut sagði að það stæði til að koma þessum málum í betra horf og hún myndi eiga frumkvæði að samvinnu næsta vetur.

Guðlaug hafði svipaða sögu að segja. Engin samvinna var á milli atvinnumiðlunar og skóla. Báðir kennarar töldu mikla nauðsyn á slíku samstarfi og lýstu sig reiðubúna að taka þátt í því.

Engin samræming er í öflun vinnustaða fyrir starfsnám starfsbrauta framhaldsskólanna. Kennarar brautanna fara því sjálfir af stað á haustin og reyna að fá vinnustaði fyrir starfsnám nemenda sinna. Í samtali við starfsmann hjá *Atvinnu með stuðningi* kom fram að allir væru að róa á sömu mið. Það kæmi fyrir þegar þau væru í atvinnuleit fyrir skjólstaðinga sína að spurt væri hvort þau hefðu ekki verið hér í síðustu viku sömu erinda. Atvinnurekendur gera ekki greinarmun á þeim stofnunum sem leita atvinnu fyrir skjólstaðinga sína (Bryndís Theódórsdóttir, munnleg heimild, 20. júní 2006).

## **6.4 Fullorðinshlutverk**

Eins og fram kom í fræðilegri umfjöllun um tilfærsluáætlanir er markmið þeirra að stýra undirbúningi nemenda fyrir fullorðinsár, bæði sem einstaklinga og fullgilda þjóðfélagsþegna. Eitt af markmiðum framhaldsskóla er að undirbúa nemendur fyrir fullorðinsár og er því vert að skoða hver staða ungmennanna er og að hvaða marki þau hafa öðlast fullorðinshlutverk að skóla loknum.

Eins og greint var frá í fræðilega kaflanum er fullorðinshlutverk fatlaðra ungmenna oft frábrugðin fullorðinshlutverkum ófatlaðra jafnaldra þeirra (Dóra S. Bjarnason, 2003b). Ferguson og Ferguson (1996) greina þrjár víddir fullorðinshlutverksins, persónulega vídd, menningarlega vídd og fjölskylduvídd. Hér

á eftir styðst ég við hugmyndir þeirra þegar ég fjalla um á hvaða leið unga fólkið sem þátt tók í rannsókninni var, hvað varðar víddirnar þrjár.

Staða Loga var sterkust á öllum þremur víddum samanborið við stöðu hinna ungmennanna sem ég ræddi við. Hann var sá eini sem var í vinnu og átti þannig aðild að samfélaginu. Hann sagðist ákveðinn í að kaupa sér íbúð og taldi að hann þyrfti lítinn stuðning þegar hann flytti úr foreldrahúsum. Foreldrar hans styðja hann í þeirri ákvörðun eins og fram kom hjá móður hans þegar ég spurði hana hvernig hún sæi framtíð hans:

Ég held að hann muni... sem sagt hann er í vinnu núna og er að safna sér og ég held að hann muni kaupa sér íbúð og hann muni fara í íbúð og hjálpa sér svona. Þó að hann fái einhvern stuðning að heiman eitthvað... en hann er mjög duglegur þegar við erum ekki heima að hjálpa sér sjálfur. Þegar hefur reynt á það að vera einn hefur hann verið mjög duglegur. Ég náttúrulega vona að hann verði duglegur að hjálpa sér sjálfur... að sjá um sig.

Foreldrar Loga styðja hann í að axla þá ábyrgð sem hin persónulega vídd fullorðinshlutverksins felur í sér. Staða Loga sem fullorðins manns er samt sem áður ekki sterk. Hann á marga kunningja en enga vini sem hann stundar félagslíf með. Logi sagðist stundum fara út á kvöldin og þá oftast einn. Í viðtalinu lagði hann alltaf mikla áherslu á að hann hefði verið meira á almennum brautum en starfsbraut og greinilegt var að hann samsamaði sig nemendum almennra brauta. Hann taldi þó að hann hefði kynnst nemendum starfsbrautar betur en nemendum almennra brauta. Hann tekur þátt í félagsstarfi ætluðu fötluðu fólki en þar eru einnig fyrrum skólasystkini hans og hittast þau því á þeim vettvangi. Frásögn Loga rímar við niðurstöðu Dóru S. Bjarnason (2004) þar sem hún skoðar líf fatlaðra ungmenna. Þar kemur fram að félagslegt net ungmenna dregst saman við veru þeirra í starfsdeild framhaldsskóla. Þau höfðu litla aðild að skólasamfélaginu og tilheyrðu ekki hóp almennra nemenda. Í máli Loga kom oft fram að hann taldi sig ekki tilheyra heimi fatlaðs fólks. En hann hefur heldur ekki fulla aðild að heimi ófatlaðra og tilheyrir því í raun hvorugum hópnum.

Eitt ungmennanna í rannsókninni, Kári, var fluttur að heiman. Hann býr á sambýli og þarf að lúta þeim reglum sem þar eru. Kára langaði til að flytja í eigin íbúð „kannske eftir svona eitt ár... af því að ég á margt eftir ólært skilurðu“. Hann vonaðist til að fá þjónustuíbúð og taldi að hann þyrfti stuðning við að búa einn til að byrja með. Þó að Kári sé fluttur frá foreldrum tryggir það honum ekki persónulegt sjálfstæði og ákvarðanir um eigið líf. Í viðtalinu við hann kom fram að honum fannst

of mikið ráðskast með líf hans. Hann sagði mér að fyrra bragði að hann hefði alla tíð þurft að lúta skipunum annarra: „Mig langar bara að hætta að láta stjórna mér og leyfa mér að prófa það sem ég get gert án þess að einhver segi mér fyrir“. Hann sagðist oft verða mjög reiður og „fá kast inni sér“ eins og hann orðaði það og gera og segja heimskulega hluti í reiði sinni. Hann sagði ennfremur:

Það má alveg segja mér til skilurðu, en ekki fara yfir strikið þá verð ég alveg þú veist... mér finnst svo leiðinlegt þegar einhver fer yfir strikið... og mér finnst svo leiðinlegt þegar ég fer í kast. Ég ræð ekki við allt... ég er alltaf að segja að það þarf ekki að hafa áhyggjur af mér, ég get farið í það þú veist á réttum tíma og svoleiðis. Þetta pirrar mig alveg afskaplega mikið.

Kári hefur fengið sig fullsaddan af forræðishyggju foreldra og starfsfólks jafnframt því að viðurkenna þörf sína fyrir persónulegan stuðning við ýmsar athafnir daglegs lífs. Til þess að hann náði að axla hina persónulegu vídd fullorðinshlutverksins þarf hann á stuðningi að halda sem væri laus við forræðishyggju. Kári sagðist eiga marga vini. Aðspurður hvað þeir geri saman segir hann: „Förum í bíó... höngum hérna, horfum á videómyndir... síðan erum við í tölvu.. ýmislegt bara, spjöllum um lífið og tilveruna“. Hann vildi annars lítið tala um vinina og seinna í viðtalinu kom í ljós að hann hittir þá ekki oft. Hann sagði þá hafa mikið að gera og því hitti hann þá sjaldan. Staða Kára sem fullorðins manns er því veik á öllum víddum fullorðinshlutverksins.

Bæði Kári og Logi taka þátt í félagsstarfi ætluðu fötluðu fólki. Dóra S. Bjarnason (2004) telur að sá stuðningur sem fatlaður einstaklingur fær frá öðrum fötluðum innan fötlunarmenningar efla fatlað fólk til þess að axla hlutverk fullorðinna í samfélaginu og geti verið af hinu góða sé hann skipulagður af fötluðu fólki og á þess forsendum. Fram kom í máli bæði Loga og Kára að þeir taka þátt í félagsstarfinu að eigin ósk, það er þeim mikilvægt og veitir þeim ánægju og lífsfyllingu.

Birna og Ingibjörg hafa síður öðlast hlutdeild í táknaerfi fullorðinshlutverksins. Birna sagðist ekkert vera farin að hugsa um að flytja að heiman. Hún sagði þó að ef foreldrar hennar veiktust gæti hún hugsað sér að fara á sambylí eins og margir fyrrum skólafélagar hennar. Það kom víða fram í viðtalinu við föður Birnu að hann leit enn á hana sem barn. Honum fannst óþarfi að hún lærði á strætisvagn og þau foreldrarnir keyrðu hana og sóttu þegar hún brá sér af bæ. Hann sagði þau ekkert vera farin að hugsa fyrir því að hún flytti að heiman, það væri nógur tími. Hann vildi að hún stundaði tólmstundir og fengi vinnu í nágrenninu: „Mér finnst

voðalega gott að hafa þetta nálægt, svona það sem hún er í, heldur en að hún sé að þvælast alla leið niðri bæ”. Eins og kom fram í kaflanum um starfsnámið hér að framan gat Birna fengið vinnu þar sem hún var í starfsnámi en foreldrar hennar voru andvígir því þar sem vinnustaðurinn var ekki í nálægð við heimili þeirra. Birna á ekki vini sem hún stundar félagslíf með. Faðir hennar taldi að rekja mætti vinaleysi dóttur sinnar til þess að hún var í sérskóla þar sem nemendur komu sinn úr hverri áttinni og að hún hefði ekki kynnst krökkunum í hverfinu þar sem hún var ekki með þeim í skóla. Hann sagði að samt hefði aldrei komið til greina að hún færi í hverfisskólann. Þar hefði ekki verið sérdeild og foreldrarnir vildu ekki að hún færi í almennan bekk, töldu að þar hefði hún ekki fengið nám við hæfi. Birna fer einstaka sinnum í afmæli til fyrrverandi skólafélaga bæði úr grunn- og framhaldsskóla en hittir þá ekkert þar fyrir utan. Hún fer aldrei út á kvöldin nema með foreldrum. Félagslíf hennar er því einskorðað við fjölskylduna. Merking fjölskylduvíddar Birnu hefur því lítið breyst frá barnsaldri.

Ingibjörg var í almennum bekk fyrstu ár grunnskólans og þá átti hún vinkonur meðal bekkjarsystranna. Eftir að hún hóf nám í sérdeild grunnskólans rofnuðu tengslin við vinkonurnar og hún myndaði engin ný vinatengsl við aðrar stúlkur í sérdeildinni en eignaðist þar góðan vin. Hún sagði að hann væri traustur og góður vinur en þau hittust sjaldan núorðið. Hún sagði að það hefði verið erfitt að fara í sérdeild:

Það var dálítið erfitt að slíta sig frá bekkjarfélögunum, dálítið erfitt að þurfa aðstoð en ég þurfti hana samt sko. Það var erfitt að hætta bara í bekk... fara bara úr venjulegum bekk í svona sérdeild og finna það að ég væri ekki alveg að fylgja mínum nemendum eftir í grunnskóla.

Ingibjörg eignaðist kærasta á starfsbrautinni en myndaði að öðru leyti ekki ný vinatengsl í framhaldsskólanum. Strákar voru í meirihluta á starfsbrautinni og hún sagðist ekki hafa átt samleið með stúlkunum. Hún sagði: „Þær voru svo mikið þroskaheftar... miklu meira heldur en ég“. Hún hittir öðru hverju kærastann en að öðru leyti tengist félagslíf hennar fjölskyldunni. Ingibjörg býr heima hjá foreldrum og ræðir mikið um framtíðina. Hún var aðeins farin að losa um fjölskyldutengslin. Hún talaði um að flytja með kærastanum í eigin íbúð „eftir svona tíu ár“ eins og hún sagði. Hún sagði það verða að vera í nágrenni við foreldra sína og hún tók fram að hún reiddi sig á stuðning frá þeim. Móðir hennar sagðist kvíða því þegar hún flytti að heiman. Í máli þeirra mæðgna kom fram að það er langt í að breytingar verði á

tengslum Ingibjargar og foreldranna. Móðir hennar sagði þau foreldrana halda utan um öll hennar mál og það fylgdi því mikil vinna og skipulagning, sérstaklega eftir að hún missti vinnuna og væri ein heima á daginn. Á sama hátt og hjá Birnu hefur merking fjölskylduvíddar Ingibjargar því lítið breyst frá barnsaldri.

## ***Samantekt***

Unnið var að undirbúningi fyrir atvinnulífið á fjölbreyttan hátt í starfsnámi í skólanum og allir nemendur fóru í starfsnám á almenna vinnustaði. Tvö ungmennanna fengu vinnu í kjölfar útskriftar, annað fyrir tilstuðlan starfsnámsins og hitt með hjálp föður síns. Í kaflanum kom einnig fram að ekki er samstarf við atvinnumiðlanir og ferlið frá skóla yfir í atvinnu rofnar því í flestum tilfellum. Seinni hluti kaflans fjallaði um að hvaða marki unga fólkið í rannsókninni hefði öðlast stöðu fullorðinna. Nokkur munur var á stöðu þeirra. Hjá einum var fullorðinshlutverkið innan seilingar á meðan að aðrir voru ekki í þeim sporum að takast á við það á næstunni.

Í næsta kafla, sem jafnframt er lokakafla ritgerðarinnar, eru teknar saman niðurstöður rannsóknarinnar og gerð grein fyrir þeim lærdómum sem draga má af þeim.



## 7 Umræður

Ritgerð þessi fjallar um tilfærslu fatlaðra ungmenna frá skóla til fullorðinsára. Kannað var hvernig starfsbrautir tveggja framhaldsskóla undirbjuggu nemendur undir atvinnuþátttöku en einnig var leitað eftir upplýsingum um stöðu og hagi þeirra á öðrum sviðum svo sem félagsleg tengsl, tómstundir og búsetu. Skoðað var hver tilgangur námsins var samkvæmt opinberri námskrá fyrir starfsbrautir og hvers konar menntunar nemendur hefðu aflað sér við útskrift.

Þessi kafli greinir frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar og þeim lærdómum sem draga má af henni.

### 7.1 Samantekt niðurstaðna og umræður

Hér á eftir mun ég draga saman helstu niðurstöður rannsóknarinnar. Rannsóknarspurningar sem settar voru fram í byrjun voru eftirfarandi:

- Hver er tilgangur náms á starfsbrautum samkvæmt námskrá? Með hvers konar menntun útskrifast nemendur og hvaða réttindi veitir námið þeim?
- Hvernig er unnið að tilfærslu nemenda frá skóla til fullorðinsára?

Til að skýra nánar þá þætti sem kannaðir voru í tilfærsluferlinu setti ég fram eftirfarandi undirspurningar:

- Hvernig er staðið að tilfærslu nemenda frá skóla yfir í atvinnulíf?
- Hvernig er unnið að undirbúningi fyrir fullorðinsár?
- Hver er þátttaka nemenda við skipulagningu námsins? Hvaða valmöguleika hafa þeir í náminu?
- Hver er þátttaka foreldra í tilfærsluferli barna sinna?

#### 7.1.1 Með hvaða menntun útskrifast nemendur?

Fyrst var spurt um tilgang námsins og hvers konar menntun nemendur útskrifast með. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að það vanti skýr markmið með náminu og hverju það eigi að skila nemendum. Markmið námskrár eru flest huglæg

og nemandi sem útskrifast af starfsbraut útskrifast ekki með réttindi til ákveðinna starfa á vinnumarkaði eða skilgreinda þekkingu eða færni sem auðveldað gæti honum að fá starf að skóla loknum. Það er mikill munur á hvort markmið með skólagöngu er að „stefna að því að fjölga möguleikum nemenda til þess að komast út á vinnumarkað að námi loknu“ eða hvort markmið í skólalok er að nemandinn sé kominn í vinnu og búið að þjálfa hann til verka og aðlaga vinnustaðnum. Hlutverk námskrár starfsbrauta er að stýra skólastarfinu, hún á að skilgreina og útlista hvað nemendum er ætlað að læra og hvað þeir eigi að kunna við útskrift. Ef námskrá á að vera slíkt tæki þarf að skerpa tilgang hennar og lokamarkmið námsins.

Þegar starfsbrautir tóku til starfa haustið 1996 var lítil undirbúningur að stofnun þeirra (Kristín Björnsdóttir, 2002). Fyrstu árin var unnið eftir drögum að námskrá, ekkert námsefni var til og námsefnisgerð því í höndum þeirra kennara sem fyrstir störfuðu þar. Má því ætla að þessi takmarkaði undirbúningur orsaki hversu tilgangur og markmið námsins eru óskýr. Nú hafa á þessum 11 árum sem liðin eru frá stofnun starfsbrautanna komið út tvær námskrár. Velta má fyrir sér af hverju ekki er búið að skerpa á tilgangi námsins og hverju það á að skila nemendum við útskrift.

Námskrá starfsbrauta fjallar um þá nemendur sem gert er ráð fyrir að stundi nám á starfsbrautum þar sem skerðing nemenda er lögð til grundvallar. Þetta fyrirkomulag endurspeglar læknisfræðilega sýn á fötlun þar sem gert er ráð fyrir að orsakasamband sé milli skerðingar og hömlunarinnar sem henni fylgir. Niðurstöður rannsóknar minnar sýna að kennarar aðstoða nemendur sem stunda nám á öðrum brautum skólanna og þurfa á frekari aðstoð að halda við nám sitt. Þeir nemendur eru jafnvel skilgreindir nemendur á starfsbraut þó að þeir séu að öðru leyti í námi á öðrum brautum. Þetta undirstrikar enn fremur þá læknisfræðilegu sýn sem ríkir innan framhaldsskólanna.

Niðurstöður rannsóknar minnar sýna að þrír af fjórum nemendum sem tóku þátt í rannsókninni voru án atvinnu þegar viðtölin voru tekin. Þær eru því samhljóma niðurstöðum rannsókna bæði hérlendis og erlendis (Dóra S. Bjarnason, 2003c; Barnes, 2003; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2005) sem sýna að flest fötluð ungmenni útskrifast með lítt seljanlega kunnáttu. Þau eru því líklegri en aðrir nemendur til að vinna láglaunastörf að skólagöngu lokinni, vinna á vernduðum vinnustöðum eða vera atvinnulaus. Þegar horft er á stöðu nemenda að lokinni útskrift má leiða hugann að því hvort raunverulega sé þörf á sérstakri námskrá fyrir fatlaða nemendur. Hugmyndafræði skóla án aðgreiningar gerir ráð fyrir að skólanámskrár skuli

aðlagðar á þann hátt að þær þjóni öllum nemendum. Menntun nemenda á starfsbraut væri ef til vill markvissari ef unnið væri eftir aðalnámskrá framhaldsskóla sem væri aðlöguð nemendum. Þar væru einstaklingsáætlanir og tilfærsluáætlanir lykilatriði, skilgreind væru markmið og leiðir og áætlanirnar stýrðu framvindu námsins.

### **7.1.2 Tilfærsla nemenda frá skóla til fullorðinsára**

Ekki voru gerðar tilfærsluáætlanir fyrir nemendur í þeim skólum sem rannsókn mín náði til. Í báðum skólum stóð yfir þróunarvinna og voru kennarar með því að leita leiða til að bæta námið. Þróunarvinna annars skólans líktist gerð tilfærsluáætlana að því leyti að hún innihélt þarfagreiningu og árangursmat.

Niðurstöður rannsóknar minnar sýna mikilvægi tilfærsluáætlana og eru í samræmi við skrif fræðimanna sem getið er um í fræðilega kaflanum. Þar er bent á mikilvægi þess að nám fatlaðra ungmenna sé í ákveðnu ferli sem innihaldi flesta þætti er varða fullorðinsár (Szymanski, 1994; Thomas og Maxwell, 1996; Collet-Klingenberg, 1998; Hasazi, Furney og Destefano, 1999; Wehman, 2001; Rosenberg og Bolton, 2001). Rannsókn mín sýnir enn fremur að helstu hindranir í tilfærslu fatlaðra ungmenna til fullorðinsára eru skortur á atvinnu, lítil félagsleg þátttaka og takmarkað sjálfstæði. Þessar niðurstöður eru í samræmi við erlendar rannsóknir sem gerðar hafa verið á tilfærslu fatlaðra ungmenna frá skóla til fullorðinsára (Canton og Kagan, 2007; Wehman, 2001b).

### **Tilfærsla nemenda frá skóla til atvinnu**

Ein rannsóknarspurningin beindist að því hvernig staðið væri að tilfærslu nemenda yfir í atvinnulíf. Í báðum skólunum sem rannsóknin náði til höfðu kennarar mikinn metnað varðandi starfsnámið og voru sífellt að leita leiða til að bæta það. Námskrá gerir ekki ráð fyrir að það sé í verkahring skóla að útvega nemendum vinnu. Hins vegar kom fram í máli beggja kennara sú von að starfsnámið skilaði nemendum vinnu að námi loknu.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna, eins og áður segir, að ekki voru gerðar tilfærsluáætlanir fyrir nemendur í ferlinu frá skóla til atvinnu. Í hvorugum skólanum var samvinna við atvinnumiðlun eða þá fullorðinsþjónustu sem tekur við að skóla loknum þrátt fyrir ákvæði þar að lútandi í námskrá. Báðir kennarar töldu æskilegt að þessum tengslum yrði komið á og starfsnámið unnið í samstarfi beggja. Niðurstöður

tilraunaverkefnisins *Atvinnu með stuðningi* og framhaldsskólanna, sem getið er um hér að framan, lofa góðu og sýna fram á mikilvægi samvinnu þessara tveggja aðila. Þátttakendur tilraunaverkefnisins voru sammála um nauðsyn áframhaldandi samstarfs en ennþá er óljóst hvort af því verður. Það er umhugsunarvert að þegar sett var ákvæði í námskrá árið 2005 um samvinnu milli skóla og fullorðinsþjónustu að þá hafi grundvöllur þessarar samvinnu ekki verið tryggður. Miðað við núverandi starfsmannafjölda hjá *Atvinnu með stuðningi* er ljóst að þar er ekki sá mannaflí sem til þarf í samstarf við starfsbrautirnar.

Skipulag starfsnámsins var samkvæmt námskrá starfsbrauta og var unnið að undirbúningi bæði í skólum og á vinnustöðum. Í báðum skólum var reynt að fara eftir óskum nemenda um starfsnámsstaði og öllum gefinn kostur á að fara á almenna vinnustaði í starfsþjálfun. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að nemendur séu engu að síður flokkaðir eftir fötlun þegar horft er til framtíðarvinnu fyrir þá. Sumir nemendur voru taldir hafa möguleika á vinnu á almennum vinnustöðum á meðan talið var öruggt að aðrir færu í vinnu á vernduðum vinnustöðum eða hæfingarstöðvum. Eru þessar niðurstöður í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna (Cooney, 2002; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2005; Kristín Björnsdóttir; 2002). Ef starfsþjálfun á almennum vinnumarkaði er eingöngu hugsuð sem skemmtileg reynsla minnka möguleikar hóps nemenda til muna og horft er á fötlun þeirra sem er í anda læknisfræðilega líkansins um fötlun. Samkvæmt lögum og reglugerðum frá árinu 1996 (Félagsmálaráðuneyti, 1996) á að leggja áherslu á að fatlað fólk vinni á almennum vinnumarkaði. Með það í huga ætti starfsnámið fyrst og fremst að fara fram á almennum vinnustöðum þar sem nemendur eru að stíga sín fyrstu skref út á vinnumarkaðinn.

Það er athyglisvert að hvorki nemendur né foreldrar nefndu starfsnámið þegar spurt var um hvaða þættir í náminu hefðu komið þeim að mestu gagni. Nú heita þær brautir sem ætlaðar eru fötluðum nemendum *starfsbrautir* og mætti því ætla að tilgangur námsins væri fyrst og fremst að undirbúa nemendur undir starf í framtíðinni. Starfsnám ætti því að vera veigameiri þáttur námsins ef brautin á að standa undir nafni. Bent hefur verið á að ein helsta ástæða atvinnuleysis fatlaðra ungmenna eftir útskrift úr skóla sé skortur á undirbúningi fyrir atvinnulíf (Wehman, Brooke og Inge, 2001). Þrátt fyrir metnað og áhuga kennara starfsbrautanna við undirbúning nemenda fyrir atvinnulífið benda niðurstöður rannsóknarinnar til þess að starfsnámið eigi að hafa meira vægi í skólastarfinu.

Ef litið er á stöðu ungmennanna í dag sýna niðurstöður rannsóknarinnar að tilfærsla úr skóla yfir í atvinnulíf hefur rofnað hjá þremur nemendum af fjórum. Starfsnámið skilaði einum nemanda vinnu á starfsnámsstað að skóla loknum. Vinnuna hafði hann aðeins í nokkra mánuði en sökum þess að eftirfylgd og stuðningur var ekki til staðar missti hann vinnuna. Hér má því sjá sömu niðurstöðu og rannsóknir sem gerðar hafa verið á tilfærsluferlinu sýna; hversu mikilvæg samvinna á milli skólanna og þeirrar þjónustu sem tekur við að skóla loknum er (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2005; Sax, Noyes og Fisher, 2001). Eitt ungmennanna fékk vinnu fljótlega eftir útskrift og þó það hafi verið fyrir tilstuðlan foreldris má ætla að reynsla þess af starfsnámi hafi hjálpað til. Tvö ungmennanna hafa verið án atvinnu síðan skóla lauk og eru bæði á biðlista hjá *Atvinnu með stuðningi*. Fram kom að í júní 2007 voru 90 einstaklingar á biðlista eftir atvinnu og því ekki líklegt að þau fái vinnu fljótlega. Rannsóknir (Dóra Bjarnason, 2003c; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2005; Kristín Björnsdóttir, 2002; María Hildipórsdóttir, 2006) hafa sýnt að ein helsta hindrunin fyrir árangursríkri tilfærslu yfir í fullorðinshlutverk sé skortur á atvinnu og niðurstöður rannsóknar minnar sýna það sömuleiðis.

Markmið náms á starfsbraut ætti að vera að útskrifa nemendur í vinnu. Að skóla loknum væru þeir komnir í vinnu og búið að þjálfa þá til verka. Nota ætti fyrstu tvö árin til þess að finna hvar áhugasvið nemandans liggur með því að kynnast ólíkum störfum. Seinni tvö árin væru síðan ætluð til atvinnuleitar og þjálfun nemenda á vinnustað.

### **Fullorðinshlutverk og fötlun**

Tilgangur rannsóknar minnar var meðal annars að kanna hvernig staðið er að tilfærslu nemenda frá skóla til fullorðinsára. Í fræðilega kaflanum er fjallað um hugmyndir þeirra Ferguson og Ferguson (1996) um þrjár víddir fullorðinshlutverksins, persónulega vídd, menningarlega vídd og fjölskylduvídd. Ef litið er til þess hvar unga fólkið sem þátt tók í rannsókninni var statt, hvað varðar þessar víddir fullorðinshlutverksins, var staða þeirra ólík. Hjá einu þeirra, ungum manni, var það innan seilingar. Hann var í vinnu og hafði að því leyti aðild að samfélaginu. Hann var ákveðinn í að kaupa sér íbúð innan fárra ára og var bjartsýnn á að hann þyrfti engan stuðning. Foreldrar hans studdu hann í að axla þá ábyrgð sem persónulega víddin felur í sér. Staða hans sem fullorðins manns er samt sem áður

veik. Þó að hann sé í vinnu á almennum vinnumarkaði tryggir það honum ekki fullgilda þátttöku á öðrum sviðum. Hann tók drjúgan þátt í félagslífi skólans en eignaðist samt sem áður ekki vini og er því mikið einn eða með fjölskyldu sinni. Eitt ungmennanna, ungur maður, var fluttur frá foreldrum en það tryggði honum samt ekki persónulegt sjálfstæði. Hann bjó á sambylí þar sem hann hafði takmarkað sjálfstæði í eigin lífi. Hann var atvinnulaus og hafði því ekki aðgang að þjóðfélaginu að því leyti. Fjölskylduvídd tveggja ungmenna hafði lítið breyst frá barnsaldri. Þau voru án atvinnu, bjuggu heima hjá foreldrum og voru ekkert á leiðinni þaðan á næstunni. Foreldrar þeirra halda þétt utan um allt sem þeim viðkemur og þau hafa því takmarkað sjálfstæði í lífi sínu.

Niðurstöður rannsóknar minnar ríma við niðurstöður rannsókna (Dóra S. Bjarnason, 2004; Ferguson og Ferguson, 1996; Hrafnhildar Ragnarsdóttur, 2005) sem sýna að ungt fatlað fólk þarf stuðning til að öðlast það sem kallað er gagnkvæmni (e. *interdependence*) fremur en sjálfstæði til þess að fá aðgengi að persónulegum og menningarlegum táknum fullorðinshlutverksins. Skólinn gegnir veigamiklu hlutverki í því að styðja nemendur sína yfir í fullorðinshlutverk. Skólastarfið getur á ýmsan hátt stuðlað að sjálfseflingu og sjálfstæði nemenda og það er enn mikilvægara ef nemendur hafa takmarkað sjálfstæði í lífinu almennt. Að hafa val um námsgreinar er nemendum nauðsynlegt til að upplifa að þeir hafi eitthvað að segja um eigið líf. Rannsókn mín leiðir í ljós að þrátt fyrir að vilji sé fyrir hendi til að nemendur hafi val um námsgreinar er ekki alltaf tekið tillit til óska þeirra. Það er í samræmi við niðurstöður rannsóknar Kristínar Björnsdóttur (2002) en þar kom fram að ekki var mikið um að nemendur ættu kost á vali í námi sínu.

Priestly (2003) bendir á að ef fötluð ungmenni eigi að hafa möguleika á að njóta tómsunda verði að efla félagsfærni þeirra og bent hefur verið á að það eigi að hafa sama vægi og aðrir þættir skólastarfsins (Kelker og Holt, e.d.). Í hvorugum skólanna í rannsókn minni var markvisst starf sem miðaði að samskiptum og vináttu milli ófatlaðra og fatlaðra nemenda. Kennarar álitu að það væri ekki í þeirra verkahring að styðja við þátttöku nemenda í félagslífi skólanna. Sömu niðurstöðu er að finna í rannsókn Kristínar Björnsdóttur (2002). Þar kom fram að kennarar töldu félagsstarfið ekki vera á sína ábyrgð frekar en kennara ófatlaðra nemenda. Rannsókn hennar sýndi enn fremur að fæstir nemendanna í rannsókninni tóku virkan þátt í félagsstarfinu. Í umfjöllun um tilfærsluáætlanir er bent á mikilvægi þess að unnið sé að því að efla nemendur félagslega, og á leiðir til að auka þátttöku fatlaðra ungmenna

í skólastarfinu og þjóðfélaginu. Starfsemi svokallaðra „vinaprógrama“ er árangursrík leið að því marki (Rosenberg og Bolton, 2001; Wehmeyer, 2001).

### **Þátttaka foreldra í tilfærsluferlinu**

Í umfjöllun um tilfærsluáætlanir kom fram hversu mikilvæg þátttaka foreldra er í tilfærsluferlinu, en þátttaka þeirra getur skipt sköpum fyrir árangursríka tilfærslu fatlaðra ungmenna yfir í fullorðinshlutverk. Ein rannsóknarspurninganna snéri að þátttöku foreldra í tilfærsluferlinu.

Niðurstöður rannsókna minnar sýna að foreldrar eiga litla hlutdeild í ákvarðanatöku og skipulagningu náms barna sinna. Samstarf við foreldra er tilviljanakennt og felst yfirleitt í því að þeir eru boðaðir á fundi einu sinni til tvisvar á ári. Gert er ráð fyrir að foreldrar komi með tillögur en rannsóknin sýnir að ekki er alltaf farið að óskum þeirra. Tveir af þremur foreldrum sem tóku þátt í rannsókninni voru ánægðir með skólann, fannst samstarfið gott og höfðu ekki leitt hugann að því að það væri eðlilegt að þeir tækju fullan þátt í ákvarðanatöku varðandi nám barna sinna. Eitt foreldri kom með óskir varðandi nám dóttur sinnar sem ekki var orðið við og var að vonum ekki ánægt. Eins og fram kemur í fræðilega kaflanum sýna rannsóknir að víða skortir á samstarf við foreldra (Wehman, 2001b; Ward, Mallett, Heslop og Simons, 2003). Cooney (2002) kannaði í rannsókn sinni reynslu ungmenna og foreldra af tilfærsluferlinu. Hann telur mikla þörf á breyttum samskiptum milli fagmanna, foreldra og nemendanna sjálfra. Rannsókn hans sýnir að samskipti eru ekki á jafnréttisgrundvelli. Þátttaka foreldra og nemenda er oft bara formsins vegna og ekki tekið tillit til óska þeirra eða tillagna.

Fram kom í máli annars kennarans í rannsókninni að foreldrar gætu jafnvel haft letjandi áhrif á nám barna sinna. Rannsóknin leiddi í ljós að svo var í tilfelli eins nemandans. Honum bauðst vinna á starfsnámsstað að loknu námi en foreldrar voru því mótfallnir sökum þess að þeir töldu að það væri erfitt fyrir hann að sækja vinnu í öðrum borgarhluta. Í einhverjum tilfellum fannst foreldrum kennarar ætla nemendum of mikið. Fram kom að ástæður þess væru oft og tíðum óöryggi og hræðsla um að barn þeirra réði ekki við viðfangsefnið. Ef við skoðum merkingu fjölskylduvíddarinnar eins og Ferguson og Ferguson (1996) skilgreina hana breytist hún smám saman í uppvexti barns innan fjölskyldunnar. Þessar breytingar eru ekki eins sjálfgefnar í fjölskyldum fatlaðra barna. Dóra S. Bjarnason (2004) segir að félagsleg hugsmíð

fullorðinshlutverka sé ólík hjá fötluðu fólki, ekki síst fólki með miklar skerðingar. Ábyrgð og umönnun foreldra breytist síður ef um fatlað barn er að ræða. Niðurstöður rannsóknar minnar ríma við hugmyndir Dóru þar sem merking fjölskylduvíddar hjá tveimur ungmennum í rannsókninni hafði lítið breyst frá barnsaldri.

Sömu niðurstöðu er að finna í rannsókn Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2005). Þar kom fram sú skoðun kennara að foreldrar gætu heft sjálfstæði barna sinna og því væri ekki alltaf betra að þeir tækju þátt í ákvarðanatöku varðandi námið. Þetta er í andstöðu við rannsóknir og skrif fræðimanna sem segja að foreldrar séu lykilpersónur í ferlinu frá skóla til fullorðinsára (Collet-Klingenberg, 1998; Hasazi, Furney og Destefano, 1999; Wehman, 2001a). Wehman (2001a) bendir á að ef fötluð ungmenni eigi að njóta fullgildrar þátttöku í samfélaginu og fá vinnu á almennum vinnumarkaði verði foreldrar að hafa trú á þeim möguleika. Skólinn getur gegnt veigamiklu hlutverki við að upplýsa og efla foreldra og ætla má að ef foreldrar væru þátttakendur í ferli sem ýtir undir það að barn þeirra öðlist stöðu fullorðinna, myndi það draga úr hræðslu þeirra og óöryggi.

Eins og fram kom í fræðilegri umfjöllun um tilfærsluáætlanir þarf að skilgreina hverjir taka þátt í gerð áætlunarinnar og hvernig samstarfi á að vera háttáð. Foreldrar eru þar í lykilhlutverki ásamt nemandanum sjálfum. Hafa verður í huga að með tilfærsluáætlunum er verið að innleiða ný vinnubrögð í skipulagningu náms fatlaðra ungmenna og rannsóknir (Wehman, 2001b) hafa sýnt að það tekur tíma að festa þau í sessi. Hingað til hefur verið lítið svo á að kennarar séu sérfræðingarnir og að þeir eigi að skipuleggja námið og taka ákvarðanir. Þátttaka foreldra hefur verið í því formi að mæta öðru hverju á fundi og fá fréttir af því hvernig námið gangi og hvað sé verið að vinna með. Þeir hafa vissulega getað komið með tillögur en ekki hefur verið ætlast til þess að þeir séu leiðandi við skipulagningu námsins. Mín reynsla er líka sú að á meðan samskipti kennara og foreldra eru vinsamleg og árekstralaus sé talað um gott samstarf.

Kennarar og aðrir sérfræðingar eiga ekki að taka mikilvægar ákvarðanir er varða framtíð nemenda sinna (Wehman, 2001a). Foreldrar þekkja börn sín best og get ég tekið undir með þeim fræðimönnum sem hvað mest hafa skrifað um tilfærsluáætlanir, og skýrt er frá í fræðilega kaflanum, að þeir eiga ásamt nemendunum sjálfum að vera lykilpersónur í allri ákvarðanatöku er varðar framtíð þeirra.



## 7.2 Lokaorð og helstu lærdómar

Hér verður gerð grein fyrir helstu lærdómum sem draga má af niðurstöðum rannsóknarinnar.

- Tilgangur náms á starfsbrautum þarf að vera skýrari. Stefna skal að ákveðnu lokamarkmiði líkt og í námi ófatlaðra ungmenna.
- Brýnt er að nám á starfsbraut skili nemendum skilgreindri þekkingu eða færni og veiti þeim þar með meiri möguleika á atvinnu að skóla loknum.
- Mjög brýnt er að starfsbrautir framhaldsskóla taki upp gerð tilfærsluáætlana eins og gert er ráð fyrir í námskrá frá árinu 2005. Með gerð tilfærsluáætlana má ætla að skólastarfið verði markvissara. Skilgreind væru markmið og leiðir og hverju námið á að skila nemandanum. Mikilvægt er að nemandinn sjálfur, fjölskylda hans og aðilar frá fullorðinsþjónustu taki þátt í gerð tilfærsluáætlunarinnar.
- Þar sem gerð tilfærsluáætlana kallar á ný vinnubrögð kennara og hefur lítið verið til umræðu hér á landi er brýnt að koma á fót námi fyrir kennara starfsbrauta í gerð þeirra.
- Starfsnámið hefur of lítið vægi í skólastarfinu. Á þessum fjórum árum eru nemendur aðeins 6-8 vikur á vinnustað. Það þarf því að stórauka þátt starfsnámsins.
- Efla þarf starfsemi *Atvinnu með stuðningi* til þess að hún nái að anna þeirri eftirspurn sem er eftir þjónustunni. Einnig er ljóst að fjölga þarf starfsfólki þar til muna eigi þeir að vera í stakk búnir að vinna með starfsbrautum framhaldsskólanna þegar tilfærsluáætlanir verða teknar upp þar.
- Efla þarf félagslega þáttinn í náminu og vinna markvisst að því að styrkja nemendur félagslega og skapa aðstæður vináttu á milli ófatlaðra og fatlaðra

nemenda skólans. Má í því sambandi taka upp „vinaprógröm“ sem víða er gert erlendis og fjallað hefur verið um hér að framan.

- Mikilvægt er að auka þátt foreldra í tilfærsluferlinu frá skóla til fullorðinsára. Með þátttöku þeirra í ferlinu má draga úr hræðslu og óöryggi gagnvart framtíðinni og tengja foreldra þeirri fullorðinsþjónustu sem tekur við að skóla loknum.
- Brýnt er að auka þátttöku nemenda í námsferlinu og auka val þeirra í náminu. Nemendur hafa yfirleitt ekki val um það í hvaða framhaldsskóla þeir fara og verða því að fara eftir því námsframboði og skipulagi sem ríkir á þeirri starfsbraut sem þeir fá aðgang að burtséð frá löngun þeirra og áhuga.
- Stórefla þarf námsefnisgerð fyrir starfsbrautir. Má ætla að með því verði hægt að auka möguleika nemenda á vali í náminu. Einnig þarf að koma á samstarfi á milli brautanna með það í huga að samnýta námsefni.
- Með það í huga að þróa nám án aðgreiningar í framhaldsskólum ætti að koma á fót tilraunaverkefni við einn framhaldsskóla þar sem ekki væri starfsbraut og fatlaðir nemendur stunduðu nám sitt á almennum brautum skólans.

### **Lokaorð**

Ég tel að víða sé verið að vinna gott starf á starfsbrautum framhaldsskóla og tel víst að framfarir hafi átt sér stað í starfsemi þeirra á þeim árum sem liðin eru frá því að ungmennin í rannsókninni stunduðu þar nám. Óljóst er samkvæmt námskrá starfsbrauta hverju námið á að skila nemendum og er kennurum því nokkur vandi á höndum við skipulagningu þess og hætta á að námið verði tilviljanakennt.

Ég álít að niðurstöður rannsóknar minnar sýni fyrst og fremst nauðsyn þess að teknar verði upp tilfærsluáætlanir fyrir fatlaða nemendur í framhaldsskóla, að nám þeirra verði í ákveðnu ferli þar sem skilgreind eru markmið, leiðir og hverjir séu þátttakendur við áætlanagerðina. Á meðan það er ekki gert er hætta á að námið sé tilviljanakennt og skili nemendum litlum árangri.

## Heimildaskrá

- Anna Einarsdóttir. (2000). *Fatlaðar konur á almennum vinnumarkaði*. Óbirt MA-ritgerð í uppeldis- og menntunarfræði: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Armstrong, D. (2003). *Experiences of special education*. London: Routledge Falmer.
- Arnett, J. J. og Galambos, N. L. (2003). *Exploring cultural conceptions of the transition to adulthood*. San Francisco: Jossey-Bass.
- Atvinna með stuðningi. (e.d.). *Atvinna með stuðningi (supported employment)*. [Bæklingur]. Reykjavík: Atvinna með stuðningi.
- Atvinna með stuðningi (2007). *Lokaskýrsla. Tilraunaverkefni AMS í Reykjavík ásamt Borgarholtsskóla og Iðnskólanum í Reykjavík*. Reykjavík: Atvinna með stuðningi.
- Barnes, C. (2003). Rehabilitation for disabled people: a “sick” joke? *Scandinavian Journal of Disability Research*, 5, 7-23.
- Barnes, M. (2000). Families and empowerment. Í P. Ramcharan, G. Roberts, G. Grant og J. Borland (Ritstj.), *Empowerment in everyday life. Learning disability* (bls. 70-87). London: Jessica Kingsley Publishers Ltd.
- Baylay, M. (2000). Empowering and relationships. Í P. Ramcharan, G. Roberts, G. Grant og J. Borland (Ritstj.), *Empowerment in everyday life. Learning disability* (bls. 15-34). London: Jessica Kingsley Publishers Ltd.
- Berger, P. L. og Luckman, T. (1967). *The social construction of reality: A treatise in the sociology of knowledge*. London: Penguin Pub.
- Bogdan, R. og Biklen, S. (1998). *Qualitative research for education. An introduction to theory and methods*. Boston: Allyn and Bacon.
- Booth, T. og Booth, W. (1998). Sounds of silence: narrative research with inarticulate subjects. *Disability & Society*, 11, 55-69.
- Brown, I. og Brown, R. I. (2003). *Quality of life and disability. An approach for community practitioners*. London: Jessica Kingsley Publishers.
- Brynhildur G. Flóvenz. (2004). *Réttarstaða fatlaðra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Canton, S. og Kagan, C. (2007). Comparing transition expectations of young people with moderate learning disabilities with other vulnerable youth and with their non-disabled counterparts. *Disability & Society*, 22, 473-488.
- Collet-Klingenberg, L. L. (1998). The reality of best practices in transition: A case study. *Exceptional Children*, 65, 67-78.
- Cooney, B. F. (2002). Exploring perspectives on transition of youth with disabilities: Voices of young adults, parents and professionals. *Mental Retardation*, 40, 425-435.

- Dennis, R. E., Williams, W., Giangreco, M. F. og Cloninger, C. J. (1993). Quality of life as context for planning and evaluation of services for people with disabilities. *Exceptional Children*, 59, 499-512.
- Dóra S. Bjarnason. (1991). Á blöndun og normalisering við um alla. *Tímaritið Proskahjálp* 13(1), 8-14.
- Dóra S. Bjarnason. (1995). Hvaða máli skiptir það fyrir fatlað fólk að vinna á almennum markaði? *Tímaritið Proskahjálp*, 2(17), 9-12.
- Dóra S. Bjarnason. (2003a). *Velferðarstefnan á Íslandi og áhrif hennar á lífskjör og félagslega þátttöku ungs fólks sem er talið alvarlega fatlað*. Sótt á vef 30. janúar 2004 af <http://starfsfolk.khi.is/dora1/word/Samfélagspólitík-erindi%20Selfossi.doc>
- Dóra S. Bjarnason. (2003b). Fullorðinshlutverk og fötlun. Í Rannveig Traustadóttir (Ritstj.), *Fötlunarfræði. Nýjar íslenskar rannsóknir* (bls. 153-174). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Dóra S. Bjarnason. (2003c). *The social construction of disabled adulthood: New voices from Iceland. A qualitative study of the perspectives of 36 disabled people aged 16-24*. Útgefið handrit doktorsritgerðar. Oslo: Department of Special Needs Education, University of Oslo.
- Dóra S. Bjarnason. (2004). *New voices from Iceland: Disability and young adulthood*. New York: Nova Science Publishers, Inc.
- European Agency for Development in Special Needs Education (2002). *Umskipti úr námi og út á atvinnumarkað*. Danmörk: P. J. Schmidt A/S.
- Farrow, B., Hart, D., Zimbrich, K. og Komissar, C. (2004). Social networks in transition. *TASH connections*, 30(5/6), 8-11. Washington: The Association for Persons with Severe Handicaps.
- Fenlon, A. G. (1994). "Their senior year": Family and service provider perspectives on the transition from school to adult life for young adults with disabilities. *JASH*, 19(1), 11-23. Washington: The Association for Persons with Severe Handicaps.
- Ferguson, D. L. og Ferguson, P. M. (1996). Communicating adulthood: The meanings of independent living for people with significant cognitive disabilities and their families. *Topics in Language Disorders*, 16(3), 52-67.
- Félagsmálaráðuneytið. (1992). *Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Félagsmálaráðuneytið. (1996). *Reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Félagsmálaráðuneytið. (2006a). *Lög um vinnumarkaðsaðgerðir. Lög nr. 55/14. júní 2006*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Félagsmálaráðuneytið. (2006b). *Mótum framtíð. Þjónusta við fötluð börn og fullorðna 2007-2016*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Gestur Guðmundsson. (2000). Æskulýðsstarfssemi í Reykjavík í ljósi félagsfræðilegra kenninga. Í Friðrik H. Jónsson og Ingjaldur Hannibalsson (Ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum III. Erindi flutt á ráðstefnu í október 1999* (bls. 379-393). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

- Griffin, C. og Targett, P. S. (2001). Finding jobs for young people with disabilities. Í P. Wehman (Ritstj.), *Life beyond the classroom. Transition strategies for young people with disabilities* (bls. 171-198). Baltimore: Paul H. Brookes.
- Guðrún Stefánsdóttir. (2003). Lífssögur fólks með þroskahömlun: Nokkrar aðferðafræðilegar áskoranir. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV. Félagsvísindadeild* (bls. 355-363). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Halpern, A. S. (1993). Quality of life as a conceptual framework for evaluating transitions outcomes. *Exceptional Children*, 59, 486-498.
- Hanley-Maxwell, C., Whitney-Thomas, J. og Pogoloff, S. M. (1995). The second shock: A qualitative study of parents' perspectives and needs during their child's transition from school to adult life. *JASH*, 20(1), 3-15. Washington: The Association for Persons with Severe Handicaps.
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir (2006). Valdefling. Glíma við margrætt hugtak. Í Rannveig Traustadóttir (Ritstj.), *Fötlun. Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 66-80). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hasazi, S. B., Furney, K. S. og Destefano, L. (1999). Implementing the IDEA transition mandates. *Exceptional Children*, 65, 555-566.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir (2005). *Tilfærsla fatlaðra ungmenna úr skóla yfir í atvinnulíf*. Óbirt M.Ed. ritgerð: Kennaraháskóli Íslands.
- Hughes, C., Carter, E. W., Brown, G. og Washington, B. (2004). A schoolwide program for promoting friendships for high school students with disabilities. *TASH connections*, 30(1 / 2), 19-22. Washington: The Association for Persons with Severe Handicaps.
- Íslensk orðabók. (2000). *Íslensk orðabók* (3. útgáfa). Reykjavík: Edda.
- Johnson, S. og Wehman, P. (2001). Teaching for transition. Í P. Wehman (Ritstj.), *Life beyond the classroom. Transition strategies for young people with disabilities* (bls. 145-170). Baltimore: Paul H. Brookes.
- Jorgensen, C. M. (Ritstj.) (1998). *Restructuring high schools for all students: Taking inclusion to the next level*. Baltimore: Paul H. Brookes.
- Kelker, K. A. og Holt, R. (e.d.). *Parents' Guide to Transition*. Montana: Parents, let's unite for kids. Sótt á vef 6. apríl 2007 af [www.pluk.org/trans.html](http://www.pluk.org/trans.html)
- Kirkebak, B. (2001). *Normaliseringens periode. Dansk åndssvageforsorg 1940-1970 med særligt fokus på forsorgschef N. E. Bank-Mikkelsen og udviklingen af Statens Åndssvageforsorg 1959-1970*. København: SOCPOL Forlaget.
- Kristín Björnsdóttir. (2002). *Þroskaheftir framhaldsskólanemendur*. Óbirt M.A. ritgerð í uppeldis- og menntunarfræði: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Kristján Valdimarsson. (2003). *Atvinnumál fatlaðra: Málaflokkur í vanda*. Óbirt MPA ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Kvale, S. (1996). *InterViews. An introduction to qualitative research interviewing*. London; SAGE Publications.

- Lutfiyya, Z. (2004). "Where I belong": Promoting social relationships for students with intellectual disabilities. *TASH connections*, 30(1 / 2), 13-16. Washington: The Association for Persons with Severe Handicaps.
- Margrét Margeirsdóttir. (2001). *Fötlun og samfélag. Um þróun í málefnum fatlaðra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- María Hildipórsdóttir. (2006). *Möguleikar fatlaðs fólks til náms að loknum framhaldsskóla*. Óbirt M.Ed. ritgerð: Kennaraháskóli Íslands.
- Matikka, L. M. (2000). Comparability of quality-of-life studies of the general population and people with intellectual disabilities. *Scandinavian Journal of Disability Research*, 2, 83-102.
- Menntamálaráðuneytið. (1995). *Salamanca yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (1996). *Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (2000). *Námskrá fyrir sérdeildir framhaldsskóla. Starfsbrautir*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (2004). *Aðalnámskrá framhaldsskóla, almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (2005). *Námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla. Sérdeildir*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Nirje, B. (1980). The normalization principle. Í R. J. Flynn og K. E. Nitch (Ritstj.), *Normalization, social integration and community services* (bls. 31-49). Baltimore: University Park Press.
- O'Brien, J. (e.d.) *Getting the job done*. Sótt á vef 17. febrúar 2007 af <http://soeweb.syr.edu/thechp/obrien1.htm>
- Pallisera, M., Vilá, M. og Valls, J. (2003). The current situation of support employment in Spain: analysis and perspectives based on the perception of professionals. *Disability & Society*, 18, 797-810.
- Pearson, V., Wong, Y. C. og Pierini J. (2002). The structure and content of social inclusion: voices of young adults with learning difficulties in Guangzhou. *Disability & Society*, 17, 365-382.
- Pfeiffer, D. (2000). The devils are in the details: The ICIDH2 and the disability movement. *Disability & Society*, 15, 1079-1082.
- Pidgeon, N. og Henwood, K. (2004). Grounded theory. Í M. Hardy og A. Bryman (Ritstj.), *Handbook of data analysis* (bls. 625-648). London: SAGE Publications Ltd.
- Priestley, M. (2003). *Disability. A life course approach*. Cambridge: Polity Press.
- Ramcharan, P., McGrath, M. og Grant, G. (2000). Voices and choices. Mapping entitlements to friendships and community contacts. Í P. Ramcharan, G. Roberts, G. Grant og J. Borland (Ritstj.), *Empowerment in everyday life. Learning disability* (bls. 48-69). London: Jessica Kingsley Publishers Ltd.

- Rannveig Traustadóttir. (1993). *Nýjungar í atvinnumálum fatlaðra. Könnun á atvinnuhögum nemenda brautskráðum frá starfsdeild Öskjuhlíðarskóla*. Reykjavík: Landssamtökin Þroskahjálp.
- Rannveig Traustadóttir. (2003). Fötlunarfræði. Sjónarhorn, áherslur og aðferðir á nýju fræðasviði. Í Rannveig Traustadóttir (Ritstj.), *Fötlunarfræði. Nýjar íslenskar rannsóknir* (bls. 17-51). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rannveig Traustadóttir. (2006). Í nýjum fræðaheimi. Upphaf fötlunarfræða og átök ólíkra hugmynda. Í Rannveig Traustadóttir (Ritstj.), *Fötlun. Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 13-36). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Reid, P. M. og Bray, A. (1998). Real jobs: the perspectives of workers with learning difficulties. *Disability & Society*, 13, 229-239.
- Rosenberg, R. L. og Bolton B. (2001). Transition is a component of the education process. *TASH connections*, 27(9), 22-24. Washington: The Association for Persons with Severe Handicaps.
- Roulstone, A. (2004). Employment barriers and inclusive futures? Í J. Swain, S. French, C. Barnes og C. Thomas (Ritstj.), *Disabling barriers – Enabling environments* (bls. 195-200). London: SAGE Publications.
- Sax, C., Noyes, D. og Fisher, D. (2001). High school inclusion + seamless transition = desired outcomes. *TASH connections*, 27(9), 17-20. Washington: The Association for Persons with Severe Handicaps.
- Schloss, P. J., Alper, S. og Jane, D. (1994). Self-determination for persons with disabilities: Choice, risk and dignity. *Exceptional Children*, 60, 215-225.
- Schwandt, T. A. (2001). *Dictionary of qualitative inquiry*. London: SAGE Publications.
- Shakespeare, T. (2006). *Disability rights and wrongs*. London: Routledge.
- Shapiro-Barnard, S. (1998). Preparing the ground for what is to come: A rationale for inclusive high schools. Í C. M. Jorgensen (Ritstj.), *Restructuring high schools for all students: Taking inclusion to the next level* (bls. 1-14). Baltimore: Paul H. Brookes.
- Sheldon, A., Traustadóttir, R., Beresford, P., Boxall, K. og Oliver, M. (2007). Disability rights and wrongs. *Disability & Society*, 22, 209-234.
- Silverman, D. (2000). *Doing qualitative research. A practical handbook*. London: SAGE Publications.
- Snæfríður Þóra Egilsson og Guðrún Pálmadóttir. (2006). Heilbrigði og fötlun. Í Rannveig Traustadóttir (Ritstj.), *Fötlun. Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 37-65). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Stefán Ólafsson. (2005). *Örorka og velferð á Íslandi og í öðrum vestrænum löndum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Rannsóknarstöð þjóðmála: Öryrkjabandalag Íslands.
- Strauss, A. og Corbin, J. (1994). Grounded theory methodology: An overview. Í N. K. Denzin og Y. S. Lincoln (Ritstj.), *Handbook of qualitative research* (bls. 273-285). London: SAGE Publications Ltd.

- Sutcliffe, J. (1994). *Integration for adults with learning difficulties. Contexts and debates*. Leicester: The National Institute of Adult Continuing Education.
- Szymanski, E. M. (1994). Transition: Life-span and life-space considerations for empowerment. *Exceptional Children*, 60, 402-410.
- Taylor, S. J. (2001). On choice. *TASH connections*, 27(2), 8-9. Washington: The Association for Persons with Severe Handicaps.
- Thomas, C. (1999). *Female forms. Disability and feminist perspectives; The personal and the political*. Buckingham: Open University Press.
- Thomas, C. (2002). Disability theory: Key ideas, issues and thinkers. Í Barnes, C., Oliver M. og Barton, L. (Ritstj.), *Disability studies today* (bls. 38-57). Cambridge: Polity Press.
- Thomas, J. V. og Maxwell, C. H. (1996) Packing the parachute: Parent's experiences as their children prepare to leave high school. *Exceptional Children*, 63, 75-87.
- Trach, J. S. og Shelden, D. L. (1999). Natural supports as a foundation for supports-based employment, development and facilitation. *American Rehabilitation*, 25 (2), 2-7.
- Tryggingastofnun ríkisins. (e.d). Sótt á vef 12. apríl 2007 af <http://www.tr.is/oryrkjar/vinnusamninguroryrkja/>
- Turnbull, A. P. og Turnbull, H. R. (1997). *Families, professionals, and exceptionality: A special partnership*. Upper Saddle River. New Jersey: Prentice Hall.
- Tøssebro, J. (2000). Introduction to the special issue: Understanding disability. *Scandinavian Journal of Disability Research. Special Issue on Understanding Disability*, 2, 3-7.
- Vashti, G. og Cotterhill, L. (2000). An employment project as a route to social inclusion for people with learning difficulties? *Disability & Society*, 15, 1001-1018.
- Walmsley, J. (1998). Live history interviews with people with learning disabilities. The oral history reader. Í R. Perks og A. Thomson (Ritstj.), *The oral history reader* (bls. 126-139). London: Routledge.
- Ward, L., Mallett, R., Heslop, P. og Simons, K. (2003). Transition planning: how well does it work for young people with learning disabilities and their families? *British Journal of Special Education*, 30(3), 132-137.
- Wehman, P. (2001a). Family's role in transition. Í P. Wehman (Ritstj.), *Life beyond the classroom. Transition strategies for young people with disabilities* (bls. 61-74). Baltimore: Paul H. Brookes.
- Wehman, P. (2001b). Transition in the new millennium. Í P. Wehman (Ritstj.), *Life beyond the classroom. Transition strategies for young people with disabilities* (bls. 3-33). Baltimore: Paul H. Brookes.
- Wehman, P., Brooke, V. og Inge, K. J. (2001). Vocational placements and careers. Í P. Wehman (Ritstj.), *Life beyond the classroom. Transition strategies for young people with disabilities* (bls. 211-246). Baltimore: Paul H. Brookes.



- Wehmeyer, M. L. (2001). Self-determination and transition. Í P. Wehman (Ritstj.), *Life beyond the classroom. Transition strategies for young people with disabilities* (bls. 35-60). Baltimore: Paul H. Brookes.
- Wolfensberger, W. (1980). A brief overview of the principle of normalization. Í R. J. Flynn og K. E. Nitch (Ritstj.), *Normalization, social integration and community services* (bls. 7-30). Baltimore: University Park Press.
- Zekovic, B. og Renwick, R. (2003). Quality of life for children and adolescents with developmental disabilities: Review of a conceptual and methodological issues relevant to public policy. *Disability & Society*, 18, 19-34.
- Þorsteinn Sigurðsson. (1993). *Þættir úr sögu sérkennslunnar*. Prentað sem handrit. Reykjavík: Þórsútgáfan.
- Þórkatla Þórisdóttir. (1998). *Veldur hver á heldur. Framhaldsmenntun þroskaheftra á Íslandi*. Óbirt BA ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.